

Sóknarfæri

Mars 2019

Frumkvæði og fagmennska í íslensku atvinnulífi

Þjóðarsjúkrahús rís af grunni

Ítarleg umfjöllun um Hringbrautarverkefnið

Mannlíf við Austurhöfn

Stapaskóli
í Reykjanesbæ

Húsin hans Einars
Erlendssonar

Vistvænt skipulag
í Hafnarfirði

Umbreyting
í Vogabyggð

Norðurorka
í stórræðum

Sorpa byggir í Álfsnesi

Nýting orkuauðlinda

Landspítali á beinu brautina



Valþór Hlöðversson
ritstjóri skrifar

Í Sóknarfæri að þessu sinni er að finna ítarlega umfjöllun um svokallað Hringbrautarverkefni en það felst í endurnýjun húsakosts Landspítala við Hringbraut þar sem á næstu árum mun rísa sjúkrahús eins og þau gerast best í heiminum. Það er sérstaklega ánægjulegt að þetta verkefni skuli loksins komið á skrið eftir langvarandi deilur um keisarans skegg. Þær deilur hafa því miður seinkað framkvæmdum en nú er verkið loksins komið á beinu brautina. Það er vel.

Þrætur um aukaatriði

Í Íslandssögunni er að finna fjölmörg dæmi um hatrammar deilur þegar kemur að því að reisa stór og fyrirferðamikil mannvirki. Fer þá oft gríðarleg orka í umræður um staðsetningu og þess háttar en minni fókus settur á þann ávinning sem sjálft mannvirkið mun hafa í för með sér. Þannig hefur þessu verið varið hvað nýjan Landspítala varðar. Stofnuð hafa verið samtök þeirra

sem vilja byggja spítala á öðrum stað og stjórnmalaflokkur hefur gert málið að pólitísku bitbeini eins smekklegt og það er. Andstæðingar Hringbrautarverkefnis hafa farið stórum í umræðunni, löngu eftir að Alþingi var í raun búið að loka málinu og án efa tekist að koma því inn hjá einhverjum að ákvörðun um byggingu við Hringbraut væri arfavitlaus. Ekkert hefur verið skeytt um fjölmargar úttektir sérfræðinga sem allar hafa sýnt að þarna væri nýjum spítala best fyrir komið. Og þótt margar ríkisstjórnir ólíkra flokka hafi alltaf komist að sömu niðurstöðu er hoggíð áfram í sama knérunn. Þannig hafa árin liðið í orðagjálfur um aukaatriði en á meðan hafa sjúklingarnir beðið eftir betri spítala. Sumir þeirra hafa raunar ekki lifað þá bið af.

Kjarni málsins

Ávinningurinn af nýju þjóðarsjúkrahúsi er augljós og margfalt mikilvægari en pósthúmerið sem byggingunni er ætlaður

staður. Þegar á hólminn er komið skiptir það sjúklinga og aðstandendur þeirra nákvæmlega engu máli hvort aðgerðin sem getur bjargað lífi fer fram í miðbæ Reykjavíkur eða úthverfi Garðabæjar. Það er kjarni málsins.

„Við sem höfum undirbúið þetta stóra verkefni undanfarið ár gerum okkur grein fyrir því að Landspítalinn er ein allra mikilvægasta stofnun landsins. Sjúkrahúsið við Hringbraut er í forystu heilbrigðisþjónustu landsmanna og þjóðhagslega mjög mikilvægt að það geti gegnt sínu hlutverki sem allra best.“ Þetta segir Gunnar Svavarsson, framkvæmdastjóri Hringbrautarverkefnisins í samtali við Sóknarfæri. Undir þessi orð skal tekið um leið og þjóðinni er óskað til hamingju með að Hringbrautarverkefnið skuli komið á beinu brautina. – Það var löngu tímabært.

Húsumsjón Eignaumsjónar vex fiskur um hrygg

HÚSUMSJÓN, sem er hagnýt lausn við eftirlit og umsjón með sameign húsa og húsfélaga, nýtur vaxandi vinsælda hjá viðskiptavinum Eignaumsjónar en byrjað var að bjóða upp á þessa þjónustu vorið 2017. Þá sinnti einn starfsmaður öllum verkefnum en nýlega var annar húsumsjónarmaður ráðinn til félagsins.

„Við höfðum lengi fundið fyrir eftirspurn eftir þjónustu af þessu tagi sem felur í sér reglubundið eftirlit með umhirðu og ástandi sameignar, innahúss sem utan,“ segir Daníel Árnason, framkvæmdastjóri Eignaumsjónar. „Húsumsjón getur komið í stað hefðbundinnar húsvörslu og er fagleg, hagkvæm og skynsamleg lausn fyrir fjölda húsg- og rekstrarfélaga. Þannig geta eigendur íbúðar- og atvinnuhúsnæðis lækkað viðhaldskostnað og tryggt að ástand fasteigna sé eins og best verður á kosið.“

Tveir húsumsjónarmenn í fullu starfi

Viðskiptavinum hefur fjölgað jafnt og þétt frá því að Eignaumsjón byrjaði að bjóða upp á húsumsjónina en hægt er að ákveða tíðni þjónustunnar eftir þörfum og óskum hvers viðskiptavinar. Í boði er allt frá daglegri þjónustu yfir í heimsóknir á 1-2 vikna fresti, eða mánaðarlega, eftir því hvað hentar. Tveir iðnmenntaðir húsumsjónarmenn, Einar Snorrason og Logi Már Einarsson, eru nú í fullu starfi hjá Eignaumsjón. Einar, sem er með sveinspróf í húsmiði, kom til starfa fyrir tæpum tveimur árum



■ Húsumsjónarmenn Eignaumsjónar, Logi Már Einarsson og Einar Snorrason, ásamt Daníel Árnasyni framkvæmdastjóra sem stendur fyrir miðju.

en Logi Már, sem einnig er með sveinspróf í húsmiði, kom nýlega til starfa hjá Eignaumsjón.

Stöðuskýrsla að lokinni heimsókn

„Við leggjum mikla áherslu á

skráða verkferla og starfsmenn okkar fylgja fyrir fram ákveðinni verklýsingu fyrir hvern viðskiptavin, sem tekur til bæði umgengni og ástands sameignar, yfirferðar á búnaði, lagfæringum og eftirliti og eftirfylgni vegna aðkeyptrar þjón-

ustu. Að lokinni hverri heimsókn er skýrsla skilað um það sem gert var, ástand sameignar og ábendingar varðandi það sem betur mætti fara, enda skipta góð samskipti og upplýsingagjöf til viðskiptavina sköpum fyrir þjónustufyrirtæki

eins og okkur,“ segir Daníel Árnason, framkvæmdastjóri Eignaumsjónar.

eignaumsjon.is

Sóknarfæri

Frumkvæði og fagmennska í íslensku atvinnulífi



Útgefandi: Ritform ehf.
Ritstjóri: Valþór Hlöðversson (ábm).
Umsjón, textavinnsla og umbrot: Ritform ehf.
Auglýsingar: Inga Ágústsdóttir
inga@ritform.is
Forsíðumynd: Meðferðarkjarni nýs Landspítala.
Mynd: CORPUS-hópurinn.

Prentun: Landsprent ehf.

Dreift með Íslandspósti til allra fyrirtækja á landinu í mars 2019.

Rafræn útgáfa af blaðinu er á ritform.is



Gott til endurvinnslu

FRÁ UNDIRBÚNINGI TIL EFTIRLITS

www.mannvit.is



Mannvit kappkostar að auka arðsemi verkefna með þverfaglegri þjónustu á öllum verkstigum. Þannig má draga úr kostnaði, spara tíma og halda áætlun. Mannvit rekur 9 starfsstöðvar víðsvegar

um landið og með öflugum hópi sérfræðinga bjóðum við þjónustu á sviði verkfræði, jarðvísinda, umhverfismála, upplýsingatækni, byggingarefnarannsóknar og verkefnastjórnunar.



MANNVIT

Mannlífið við Austurhöfn

Við austurhluta Reykjavíkurhafnar rís nýtt hverfi. Mikið hefur verið skrifað um þær íbúðir og atvinnurými, bílastæði og fermetra sem þar er að finna, en minna hefur verið fjallað um almannarýmið, rýmið milli húsanna sem mótar upplifun fólks af hverfinu. Rýmið umhverfis Hafnartorg, Austurhöfn og hið nýja Reykjavík EDITION hótél hefur verið vandlega hannað með það að markmiði að skapa jákvæða upplifun, en þar hefur jafnframt verið lítið til mikilvægra atriða á borð við vindafar og skuggavarp.

Sóknarfæri kynnti sér almannarýmið í hinu nýja hverfi við höfnina, og ræddi við Sveinn Björnsson, framkvæmdastjóra Íslenskra fasteigna, sem fer með umsjón á uppbyggingu Austurhafnar og Reykjavík Edition. „Við hönnun Austurhafnar var hugað að ótal þáttum, en þar vegur þungt umhverfið í kringum bygginguna. Hér allt í kring verða fallega hönnuð almannarými, göngugötur sem tengja verslanir, veitingahús, íbúðir og vinnustaði í fallegu umhverfi,“ segir Sveinn og bendir á að uppbot hússins, litaval og efnisval í klæðningum létti einnig á yfirbragði byggingarinnar og geri göngugötuna aðlaðandi. „Við viljum skapa umhverfi sem fólk er jákvætt gagnvart og sækir í, allan ársins hring.“ T.ark er arkitekt hússins og Mannvit fer með verkfræðihönnun og byggingastjórn.

Liflegar göngugötur

Í hinu nýja hverfi eru tvær vandlega hannaðar göngugötur: Reykjastræti, sem liggur frá Hafnarstræti að Hörpu og tengir gamla hverfið við hið nýja, og Kolagata, sem liggur eftir endilöngu Hafnartorgi, frá Steinbryggju við Tollhúsið að Lækjargötu, gegnt Arnarhóli.

Lóðafrágangur á Reykjastræti sunnan Geirsgötu er í höndum ÞG verktaka og er nú að taka á sig prýðilega mynd. Frágangur norðan Geirsgötu er hannaður af Landslagi fyrir hönd Austurhafnar, Reykjavík EDITION hótelsins og Landsbanka. Landslag sér einnig um að hanna inngarðinn í Austurhöfn, lokaðan garð milli húsa í Austurhöfn, sem er ætlaður fyrir íbúa hússins. „Það verður sérlega vandað til verka, bæði í inngarði og umhverfis Austurhöfn.“

Inngarðurinn inniheldur töluvert af grænum svæðum og göngustígum með fallegri lýsingu. Í miðju hans verður stór skúlptúr sem gegnir einnig því hlutverki að vera loftinntak fyrir allt húsið en þar verður jafnframt lítil tjörn. Íbúar á annarri hæð hafa aðgengi út á pallsvæði, sem verður aðgreint frá hinu almenna rými með grænum svæðum,“ segir Sveinn.

Skjól við Bryggjugötu

Það er ekki alltaf skjólsælt við sjávarsíðuna, eins og Íslendingar þekkja vel. Það liggur því beinast við að spyrja Svein hvort það verði ekki alltaf rok í þessum nýju göngugötum, sér í lagi Reykjastræti sem liggur að Hörpu. Sveinn segir að snemma í hönnunarferli Austurhafnar og Reykjavík Edition hafi verið



■ Sveinn Björnsson, framkvæmdastjóri segir að með vindgreiningu sé hægt að kortleggja vindafar á milli bygginganna og bregðast við þar sem þörf þykir til að umhverfið í kringum byggingarnar sé þægilegt og öruggt fyrir fólk.

Ljós. Haraldur Guðjónsson Thors.



■ Göngugatan Reykjastræti liggur frá Hafnarstræti að Hörpu, gegnum Hafnartorg og meðfram Austurhöfn, Reykjavík EDITION hótelinu og væntanlegum Landsbanka.



■ Horft eftir Reykjastræti frá Hörputorgi. Austurhafnarmegin er strætið enn í mótun en handan Geirsgötu, við Hafnartorg, er það nær endanlegri mynd.

ákveðið að skoða samspil vindafars og nýbygginga á þessum reit, hvort bregðast þurfi sérstaklega við til að lágmarka áhrif vinda á mannlífið í kringum byggingarnar. Þar til bærir útreikningar voru í höndum WSP í Bretlandi sem notaðist við tölvugerð vindlíkón. „Vindgreiningin gerði okkur

kleift að kortleggja vindafarið á milli byggingana og bregðast við þar sem þörf þykir til að umhverfið í kringum byggingarnar sé þægilegt og öruggt fyrir fólk. Þetta skiptir miklu máli og oft geta lítil atriði haft stór áhrif í þessum efnun, bæði jákvæð og neikvæð. Austan og suðaustan áttirnar

eru ríkjandi á svæðinu sem og norðan áttin, og þar af leiðandi kemur inngarður Austurhafnar og Reykjastrætið vel út gagnvart vindum. Þá er gaman að nefna að á Bryggjugötu má sjá fyrir sér að verði veitingarými með útiadstöðu en þar má búast við notalegum eftirmiðdögum enda snúa þau rými til vesturs og njóta því skjóls af Austurhöfn.“

Það verður alltaf eitthvað um skugga þegar há hús eru byggð, en skuggavarp-myndir hafa þó sýnt að Reykjastræti mun njóta ágættrar birtu, sér í lagi eftir miðjan daginn þegar verslun og þjónusta er í hámarki. Bryggjugata verður að auki sólrík síðari hluta dagsins.

Sveinn bendir jafnframt á að þrátt fyrir að lítið verði um bíla í hinu nýja hverfi, þar sem göngugöturnar ríka, verður aðgengið mjög gott. Í bílakjöllurum undir Hörpu, Austurhöfn og Hafnartorgi verða yfir 1100 bílastæði fyrir almenning, með aðgengi inn í kjallarann á þremur stöðum: Í Hörpu, frá Bryggjugötu og frá Pósthússtræti. Þá séu greiðar almenningssamgöngur á svæðinu.



■ Miðborgin breytir um svip.



Mýnd: Ómar Runólfsson

Við erum monthanar! 60 ára og síung, svo við megum það alveg!

Við tökum daginn snemma,
komum hlutunum í verk,
setjumst svo á montprik
og dáumst að dagsverkinu.
Og næsti dagur verður alveg eins.

www.vso.is

Við erum stolt af því
sem við höfum gert

Klettaskóli, Kringsjá skole landslagshönnun,
undirgöng undir Vesturlandsveg, verðmat
lands, umferðarlíkan höfuðborgarsvæðisins,
stækkun flugstöðvar, mat á umhverfisáhrifum,
staðarval fimleikahúss í Kópavogi, Jessheim
kirke framkvæmdaefirlit, jarðtækni, svæðis-
skipulag Suðurnesja, Þríhnúkagígur,
hótel Marina, hörðunarhraði steypu,
Børstad idrettsområde, kortlagning
gististaða, aðveitustöð á Akranesi,
vörugeymslur, hjúkrunarheimilið Eyri á
Ísafirði, fráveita á Siglufirði, öryggis-
og neyðaráætlanir, byggingarstjórn
Framhaldsskólans í Mosfellsbæ,
hjúkrunarheimili í Hamar kommune, Betri
hverfi í Reykjavík, landmælingar, Lygna
skisenter, öryggis- og heilsuáætlun,
umferðaröryggisáætlun Seltjarnarnesbæjar...

... o.s.frv.

VSÓ RÁÐGJÖF

Höfuðborgarsvæðið í miklum vexti

Fjárfest fyrir 36 milljarða á þessu ári



■ Í Vogabyggð II rísa húsin eitt af öðru. Borgin mun verja stórum fjárhæðum til gatnagerðar á svæðinu á næstu árum.

Íbúum höfuðborgarsvæðisins hefur fjölgað jafnt og þétt undanfarin ár. Á árunum 2015-2018 fjölgaði þeim um hvorki meira né minna en 17.000 manns. Til að mæta þessum mikla vexti þurfa sveitarfélögin að fjárfesta mikið í innviðum á næstu árum en samkvæmt fjárhagsáætlunum sveitarfélaganna er gert ráð fyrir að verja ríflega 36 milljörðum króna til framkvæmda á þessu ári. Þetta kom fram á útboðsþingi Samtaka iðnaðarins sem haldið var í janúar sl.

Hrafnkell A. Proppé, svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins (SSH) ræddi spár um fjölgun íbúa höfuðborgarsvæðisins á næstu árum. Í máli hans kom m.a. fram að mannfjöldaspáin geri ráð fyrir enn hraðari fjölgun næstu fjögur árin en orðið hefur undanfarin ár og að íbúum á svæðinu fjölgi um 22.000 á árunum 2019-2022. Það jafngildir samanlögðum íbúafjölda Akureyrar og Norðurþings. Gangi þessar spár eftir verða íbúar á höfuðborgarsvæðinu orðnir um 250 þúsund í lok árs 2022.

Mest til skóla og íþróttar

Á útboðsþinginu kom fram að helstu fjárfestingar sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur, munu á þessu ári nema ríflega 16 milljörðum króna. Mest af þessu fer til byggingar skóla og íþróttamannvirkja en einnig fara háar fjárhæðir til gatnagerðar og veitna.

Pegar lítið er til einstakra sveitarfélaga kemur í ljós að í Kópavogi verður ráðist í framkvæmdir vegna skóla og íþróttamannvirkja fyrir um 1,2 milljarða króna. Stærsta upphæðin er vegna húsnæðis Skólahljómsveitar Kópavogs en einnig fara stórar fjárhæðir til íþróttamannvirkja í Kórnum og á Kópavogsvelli. Þá verður unnið við Kópavogsskóla og áfram unnið að uppbyggingu nýs Kársnesskóla. Þá verður fjárfest fyrir um 700 milljónir við gatnagerð í nýjum hverfum, m.a. á Kársnesi og í Smárahverfi.

Í Hafnarfirði er stærsta framkvæmdin á árinu bygging Skarðshlíðarskóla en til hennar rennur tæplega 1,5 milljarður króna. Þá fara tæplega 600 milljónir til byggingar íþróttamannvirkja í Kaplakrika og 400 milljónir til byggingar til Hjúkrunarheimilisins Sólvangs. Þá verður unnið við Kaldárselsveg fyrir 300 milljónir og við gatna- og veituframkvæmdir í Skarðshlíð og Suðurhöfn.

Garðbæingar verja tæpum 2 milljörðum til byggingar skóla og íþróttahúsa, m.a. við Álftanesskóla, Urriðaholtsskóla og fjölnota íþróttahús. Þá fer um hálfur milljarður til gatnagerðar í Urriðaholti.

Í Mosfellsbæ þurfa menn að mæta hlutfallslega mestri fjölgun íbúa og þar ætla sveitarstjórnir að setja tæplega 1,4 milljarð í



■ ÍR svæðið í Suður-Mjódd. Reykjavíkurborg mun að verja 2,4 milljörðum króna til skóla- og íþróttamála á þessu ári.



■ Kársnesskóli horfinn. Búið er að rífa gamla Kársnesskóla en fram undan er bygging nýs grunnskóla á þessari lóð.

Helgafellsskóla, Íþróttamiðstöð og fjölnota íþróttahús. Einnig verður ráðist í gatnagerð og byggingu vatnstanks í Úlfarsfelli fyrir samtals um 410 milljónir.

Seltirningar eru stórtækir í fjárfestingum í ár en þeir ætla að verja 1800 milljónum til íþróttamiðstöðvar og til byggingar nýs leikskóla. Þá verður unnið við gatnagerð í nýju íbúðarhverfi sem senn rís í Byggðörðum.

Auk fyrrgreindra verkefna á vegum einstakra sveitarsjóða munu sveitarfélögin í SSH verja milljörðum króna til sameigin-

legra verkefna. Þar er bygging gas- og jarðgerðarstöðvar á vegum Sorpu fyrirferðarmest en hún tekur til sín 3,6 milljarða í ár. Þá verður unnið við móttökustöð Sorpu fyrir um hálfan milljarð og nýja slökkvistöð Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins fyrir 600 milljónir króna.

20 milljarðar í Reykjavík

Fram kom í máli Dags B. Eggertssonar borgarstjóra á útboðsþinginu að stærstu fjárfestingar borgarinnar væru í fasteignum, einkum í íþróttamannvirkjum og skólum en

einnig væru viðamiklar framkvæmdir fram undan vegna gatnagerðar og uppbyggingar í nærumhverfi íbúanna.

Á þessu ári mun Reykjavíkurborg fjárfesta fyrir um 9 milljarða króna í fasteignum og búnaði en þar af fara rúmir 3,4 milljarðar til íþrótt- og tómstundamála. Þar eru stærstu mannvirkin bygging Íþróttamiðstöðvar í Úlfarsárdal og íþróttamannvirki ÍR í Mjódd. Framlög til uppbyggingar vegna skóla og frístundamála nema tæpum 2,4 milljörðum en stór hluti þeirrar upphæðar fer til að fjölga leikskólarymum og til endurgerðar skóla- og leikskólalóða.

Til gatna- og umhverfisframkvæmda á þessu ári fara einnig um 9 milljarðar og rennur um þriðjungur þeirrar upphæðar til uppbyggingar í nýjum hverfum; Vogabyggð, Gufunesi, Hlíðarenda, Úlfarsárdal og Vesturbugt. Áfram verður haldið með endurgerð gatna í miðborginni, m.a. við Hverfisgötu, Frakkastíg, Tryggvagötu, Austurbakka og Austurhöfn. Auk þessa verður haldið áfram með malbikun gatna víða í borginni og varið um 1,2 milljarði króna í það verkefni. Þá má einnig nefna LED væðingu götulýsingar í borginni fyrir 440 milljónir, gerð göngu og hjólréiðastíga fyrir 450 milljónir og 200 milljónum verður varið til hönnunar Borgarlínu.

Til ýmissa annarra framkvæmda fara síðan 2,2 milljarðar króna en um helmingur þess fjár fer til að endurnýja tölvubúnað borgarinnar.

Smellinn

forsteyptar einingar



Styttu leiðina heim

Því fyrr sem húsnæðið rís því fyrr geturðu flutt inn. Smellinn forsteyptar einingar styttu byggingartímann. Snjall, traustur og fljótlegur kostur fyrir byggingaraðila sem vilja styttu leiðina heim.

Berið saman verð og gæði. Íslensk framleiðsla tryggir öruggt ferli alla leið.



Þú getur treyst á gæðin og reynslumiklir sölumenn okkar aðstoða með ánægju í síma 412 5050 eða á sala@bmvalla.is



BM·VALLÁ
bmvalla.is

Fullbúið sjúkrahótel í höfn



■ Nýja sjúkrahótelíð við Hildigunnargötu. Húsið tengist kvennadeildahúsi með undirgöngum og þar með öðrum starfseiningum Landspítala.

Tölvumynd: KOAN hópurinn.

Á Hringbrautarlóðinni, nánar til tekið við nýnefnda Hildigunnargötu, er risið glæsilegt 75 herbergja sjúkrahótel, samtals 4.300 m² að grunnfleti á fjórum hæðum. Möguleiki er á því að stækka hótelið og bæta við allt að 40 herbergjum síðar. Sjúkrahótelíð er hluti af fyrsta áfanga uppbyggingar nýs Landspítala við Hringbraut og mun það gjörbylta allri aðstöðu fyrir þá sem þurfa heilsu sinnar vegna eða aðstandenda að dvelja fjarri heimili sínu vegna rannsókna og meðferðar á spítalanum.

Tímamót í heilbrigðisþjónustu

Eins og áður sagði stendur nýja sjúkrahótelíð við Hildigunnargötu sem liggur frá kvennadeild og aðalinngangi á Landspítala Hringbraut upp að Barónsstíg. Húsið tengist kvennadeildahúsi með undirgöngum og þar með öðrum starfseiningum Landspítala. Með tilliti til þessa var hótelinu valinn staður á þessari lóð. Herbergi hússins taka mið af ólíkum þörfum gesta og á hótelinu eru bæði einstaklingsherbergi, fjölskylduherbergi og herbergi fyrir fatlað fólk. Á jarðhæð hótelsins er hjartur og rúmgöður veitingastaður í hlýlegu umhverfi. Sólstofa er á þakhæð hússins.

Steinklæðningarnar utan á húsinu vekja athygli en þær eru jafnframt listskreyting hússins og er verkið eftir Finnboga Pétursson myndlistarmann. Verkið heitir BERG og vísar í berglög á Íslandi. Í þeim felst saga landsins, eldgosa, veðrunar og lífríkis. Saga sem enn er í mótun.

Landspítali fékk nýtt sjúkrahótel formlega afhent við athöfn 31. janúar sl. og við það tækifæri sagði Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra að dagurinn markaði tímamót í heilbrigðisþjónustu við alla landsmenn. „Meðal annars mun opnun sjúkrahótelsins stuðla að því mikilvæga markmiði að sjúklingar fái þjónustu á réttu og viðeigandi þjónustustigi, líkt og er leiðarstef í þeirri heilbrigðisstefnu sem nú er til umfjöllunar á Alþingi,“ sagði ráðherrann.

Páll Matthíasson, forstjóri Landspítala sagði að hótelið veitti Landspítala kærkomið tækifæri til að efla enn frekar þjónustu við sjúklinga og fjölskyldur þeirra. Hann sagði stefnt að því að opna hótelið á vordögum.

Að norrænni fyrirmynd

Nýja sjúkrahótelíð við Hildigunnargötu sækir fyrirmyndir sínar að nokkru leyti til sambærilegra bygginga við sjúkrahús á Norðurlöndum. Sjúkrahótelíð er hannað eins og hefandið hótél með móttöku og veitingastað og lögð er áhersla á að sjúkl-



■ Úr móttöku sjúkrahótelsins. Húsið er allt hið vandaðasta og að byggingu þess kom fjöldi hönnuða og verktaka sem hafa skilað frábæru verki.



■ Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra sagði að dagurinn markaði tímamót í heilbrigðisþjónustu við alla landsmenn. Við hlið hennar stendur Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans.



■ Ytra byrði sjúkrahótelsins er í raun listaverk eftir Finnboga Pétursson myndlistarmann.

ingurinn er gestur á hótelinu. Sérhæfing felst í þjónustunni en á hótelinu er hæft fagfólk og mönnun er allan sólarhringinn. Hjúkrunarfræðingar sjúkrahótelsins verða tengiliðir sjúklings við meðferðardeildir sjúklingsins og sjá m.a. um sýklalyfjagjafir, eftirlit með blóðþrýstingi, lyfjagjafir og fleira. Á sjúkrahótelinu dvelja t.d. sjúklingar sem eru að jafna sig eftir aðgerð eða sækja dag- og

göngudeildarþjónustu á sjúkrahúsi, eru í virkri meðferð og þurfa eftirlit og stuðning.

Um fullnaðarhönnun hótelsins sá KOAN hópurinn en í honum eru Yrki arkitektar og Gláma Kím arkitektar ehf., Conis ehf., sem annaðist lagna- og burðarþöpolhönnun og Raftákn ehf., sem var með raflagnahönnun, brunatæknilega hönnun og hljóðvistarhönnun. Um byggingarstjórn sá Verkís hf.

KOAN hópurinn, í samstarfi við FSR og SPITAL hópurinn, sá um BREEAM ráðgjöf. Munck Ísland var aðalverktaki hússins nær allan verktím. Allur innbúnaður hússins var boðinn út og er hús- og veitingabúnaður frá Fastus, Pennanum, Sýrusson hönnunarahúsi, Baco Ísberg, Ál nabæ, Sensa, Origio og Heimilistækjum.



Nordsjö Easy2Clean

Mött málning
sem létt er að þrifa

Þvottheldni og slitstyrkur Easy2Clean málningarinnar er algjör bylting á markaðinum. Óhreinindi og fita skilja ekki eftir sig ummerki og litur og áferð málningarinnar helst óbreytt eftir þrif.

Frábær lausn fyrir barnaherbergið, ganginn og eldhúsið – einnig fyrir hótél, veitingastaði, skóla og alla staði þar sem mikið mæðir á.

Tilboð: 10 lítrar 11.900 kr



Easy2Clean er vottuð af Svaninum



SÉREFNI

Síðumúla 22 | Sími 5170404 | serefni.is
Ópið: 8-18 virka daga 10-14 laugardaga



■ Stapaskóli. Þar verða 120 börn í leikskóla og 500 í grunnskóla. Byggingin mun einnig hýsa bókasafn, sundlaug og íþróttahús.

Stapaskóli – stærsta verkefni Reykjanesbæjar




■ Guðlaugur H. Sigurjónsson, sviðsstjóri umhverfissviðs Reykjanesbæjar.

Stærsta einstaka verkefni Reykjanesbæjar fyrr og síðar er nú hafið. Það er bygging skóla í Dalshverfi; leikskóla, grunnskóla, tónlistardeildar, frístundaskóla, félagsmiðstöðvar, sundlaugar og íþróttahúss, sem á að þjóna ört vaxandi hverfi þar sem áður hét Innri-Njarðvík. Kostnaður er áætlaður yfir 5 milljarða króna. Húsið er hugsað sem „hjarta“ hverfisins í framtíðinni.

Fyrsta áfanga lokið í júní 2020

„Bygging Stapaskóla er hafin eftir smá byrjunarörðugeika og þetta gengur heilt yfir vel. Við fengum góða verktaka í þetta, Eykt. Verklök er áætluð 15. júní 2020 á fyrsta áfanga, en hann er 7.500 fermetrar. Samhliða fyrsta áfanga verður farið í hönnun á áfanga númer tvö, sem er íþróttahús og sundlaug. Nú er verið að skoða hversu stór sá áfangi verður. Fyrstu hugmyndir voru að



■ Grunmynd í þrívídd að Stapaskóla.

Tölvmynd. ARKIS arkitektar.

hafa þessi mannvirki aðeins sem skólalaug og skólaíþróttahús. Síðar komu upp hugmyndir um að íþróttafélagið Njarðvík fengi aðstöðu í þessum mannvirkjum en frá því var horfið.

Samt ætlum við að hafa þetta það stórt að þetta dugi sem lausn fyrir hverfið allt, ekki bara skólann. Hafa þetta ekki klaufalega lítið. Þessi skóli og íþróttastaðan var alltaf

hugsaður sem hjartað í hverfinu, Dalshverfi, sem er í uppbyggingu nú. Þarna verður bókasafnið til dæmis ekki bara fyrir skólann heldur hverfið allt og íþróttahúsið og



Hjarta hverfisins

„Nýr skóli í Dalshverfi verður hjarta hverfisins og í nánum tengslum við grenndarsamfélagið. Starfsemin nær út fyrir skólahúsið, en einnig á skólinn að gefa kost á að ýmis starfsemi á vegum íbúanna fari fram í húsnæði skólans. Þannig tengist skólinn annarri starfsemi í sínu nánasta umhverfi. Foreldrar taka virkan þátt í námi barna sinna og eiga greiðan aðgang að upplýsingum um allt sem snýr að skólagöngu þeirra.

Skóladagurinn er heildstæður og býður upp á fjölbreytt tólmstundaframboð enda er frístundastarf samofið starfinu. Innan veggja skólans starfar tónlistarskóli bæjarins. Mikilvægt er að starf skólans taki mið af því menningarlega og náttúrulega umhverfi sem hann er í. Umhverfi skólans býður upp á margháttada tengingu við náttúruna. Því er áriðandi að strax í upphafi sé lögð mikil áhersla á hverskonar umhverfismennt og náttúruvísindi.“

Svo segir í forsögn að skólabyggingunni.



Forysta í fjarvarmaflutningi

Miklar framfarir hafa orðið við nýtingu á lághita fyrir neysluvatn með Set hitaveiturörum.

Í yfir 100 ár hafa Íslendingar nýtt heitt vatn til húshitunar og voru meðal fyrstu þjóða á heimsvísu til þess. Þetta hefur orðið til þess að lífsgæði Íslendinga hafa aukist til muna og gert Ísland að einum ákjósanlegasta stað í veröldinni til búsetu.

Set hefur í áratugi verið leiðandi í framleiðslu hitaveitulagna hér á landi, og með tímanum hefur skapast aukin reynsla og tæknivitund hjá öflugum vöruþróunarteymi fyrirtækisins þar sem unnið er markvisst að því að þróa nýjar og hagkvæmar lausnir í nýtingu á lághita.

Set ehf.
Röraverksmiðja
Eyravegur 41
800 Selfoss

Sími: +354 480 2700
Fax: +354 482 2099

Netfang: info@set.is



*Veljum íslenskt og sköpum
með því verðmæti og störf.*

www.set.is



Set ehf • Röraverksmiðja



■ Horft út í afgirtan garð frá leikskóla.

sundlaugin þá líka,“ segir Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfissviðs Reykjaneshæjar.

Stapaskóliverður 500 barna grunnskóli, leikskóli fyrir 120 börn auk íþróttahúss og sundlaugar sem á að þjóna bæði skólanum og öðrum íbúum hverfisins. Þetta er líklega stærsta verkefni sem Reykjaneshæjar hefur farið í frá sameiningunni 1994. Fyrsti áfangi er upp á 2,6 milljarða, fyrir frágang utan-húss. Að honum viðbættum er áætlað að kostnaðurinn verði 3,2 milljarðar. Heildarkostnaður að meðtalinni sundlaug og íþróttahúsi er áætlaður rúmí fimm milljarðar króna.

Mikill undirbúningur

„Hönnuðir mannvirkjanna eru Arkís. Fyrst var farið í það að vinna forsögn að húsnæð-



■ Grunnur að fyrsta áfanga skólans kominn upp.

inu, hvernig skóla við vildum. Stýrihópurinn sem mótaði forsögnina var mjög vel skipaður, m.a. leikskólakennur og eldra fólki sem býr í hverfinu svo fólki sem kemur að skólamállum í bænum. Hugmyndir þessa hóps fóru svo í hönnunarsamkeppni milli fimm arkitektastofa. Síðan var svo valin sú stofa sem þótti vera með bestu útgáfunina. Þá fór fram fyrsta útboð, sem var kært, en það var hugsað þannig að við ætluðum að fullhanna skólann í útliti og megin lausnum, en síðan að bjóða verknið út í alúttboði þannig að verktakinn myndi sjá um að klára það sem eftir stæði.

Þegar þessi leið var kærð sáum við fyrir okkur töl um allavega eitt ár. Þá notuðum við tækifærið og fullhönnuðum skólann. Við fengum verkfræðistofuna Verkís til að koma saman hönnunarteymi sem kláraði hönnun skólans. Það kom mjög vel út, hönnunin var unnin í þrívíddarlausnum, þannig að búið er að greina bygginguna strax á hönnunartíma. Það á að koma í veg fyrir árekstra og aukaverk á verktímanum,“ segir Guðlaugur.

Svar við örri íbúafjölgun

Bygging skólans er svar við örri íbúafjölgun í Reykjaneshæjar, sérstaklega Dalshverfunum tveimur. „Venjulegur skóli hefði ráðið við þá fjölgun en við stækkuðum Dalshverfi II aðeins frá því sem áður var, sem svarar til hálf Staphverfis, sem átti að verða næsta hverfi, út að fyrstu mislægu gatnamótum Reykjaneshæjar í austurátt. Fyrir vikið verða í þessum hverfum 500 börn á grunnskólaaldri og 120 á leikskólaaldri. Þannig verður öllum börnum búin góð aðstaða í grunnskóla og leikskóla, enda verði hverfið ekki stækkað meira en svo að þessi mannvirki dugi. Því er ekki gert ráð fyrir því að annar skóli verði byggður þarna. Væntanlega verður svo farið suður fyrir Reykjaneshæbrautina í frekari uppbyggingu íbúðahverfa í framtíðinni og þá verði þar nýtt skólahverfi,“ segir Guðlaugur.



www.eignaumsjon.is

Rekstrar- og húsumsjón Eignaumsjónar

Ný þjónusta við rekstrarfélög
atvinnuhúsnæðis

Rekstrarumsjón

- ✓ Rekstur húsnæðis
- ✓ Bókhald og fjármál
- ✓ Skipting rekstrarkostnaðar
- ✓ Fundarstjórn og utnumhald

Húsumsjón

- ✓ Eftirlit með daglegri umgegni húseigna og búnaði
- ✓ Samskipti við þjónustuaðila og stjórn húsfélags
- ✓ Fyrirbyggjandi viðhald
- ✓ Betri ásýnd húseigna og lóðar



Suðurlandsbraut 30
108 Reykjavík
Sími 585 4800
thjonusta@eignaumsjon.is



IÐNAÐARGASID FÆST HJÁ ÍSAGA

ÍSAGA hefur í 100 ár stutt við ört vaxandi íslenskan iðnað og framleiðslu ásamt því að sjá nú heilbrigðiskerfinu fyrir hágæða súrefni á öruggan hátt.

ÞÚ FINNUR NÁNARI UPPLÝSINGAR UM SÖLUSTAÐI OG UMBOD FYRIR IÐNAÐARGAS Á AGA.IS

Reykjavík
ÍSAGA ehf.
Breiðhöfða 11
Sími: 577 3000

Garðabær
Metal ehf.
Suðurhrauni 12b
Sími: 545 4600

Akureyri
Sandblástur & málmhúðun hf.
Árstíg 6
Sími: 460 1500

Sauðárkrókur
Kaupfélag Skagfirðinga
-byggingavörudeild, Eyrarvegi 21
Sími: 455 4610

Ísafjörður
Próstur Marselliússon hf.
Hnífsdalsvegi 27
Sími: 456 3349

Reyðarfjörður
Launafll ehf, verslun
Austurvegi 20a
Sími: 414 9460 | 414 9462

Selfoss
Vélaverkstæði Þóris
Austurvegi 69
Sími: 482 3548

Vestmannaeyjar
Nethamar
Strandvegi 105
Sími: 481 3226

ÍSAGA
100 ÁRA
FYRIR IÐNAÐINN

Áhugaverð byggð rís á Kirkjusandi

Framkvæmdir eru hafnar við nýja byggð á Kirkjusandi og er gert ráð fyrir allt að 300 nýjum íbúðum í fjölbýli á reitnum. Hverfið verður blanda atvinnu- og íbúðabyggðar og í deiliskipulagi er gert ráð fyrir almenningstorgi á svæðinu, nýjum leikskóla ásamt verslun og þjónustu sem nýtist íbúum og öðrum borgarbúum. Bílastæði verða flest neðanjarðar og er áhersla á góðar gönguleiðir og hjólastiga. Ríflega helmingur íbúðanna verður byggður af félaginu 105 Miðborg.

105 Miðborg með fjóra reiti

Félagið 105 Miðborg er fagfjárfestastjóður í rekstri og stýringu Íslandsjóða og eru hluthafar þess 10 íslenskir lífeyrissjóðir, 5 váttryggingafélög og 11 fagfjárfestar. Félagið á fjóra byggingareiti á Kirkjusandi; B, C, D og F reiti.

Á vefsíðu verkefnisins kemur fram að í fyrsta áfanga verði byggt á B, C og D reitum. Á lóð D, sem stendur við Sæbraut að norðvestanverðu, verður byggt um 9.000 m² íbúðarhús á 4-7 hæðum með alls 77 íbúðum. Á lóð B, sem stendur einnig við Sæbraut, verður byggt um 7.000 m² skrifstofuhús á 4-6 hæðum. Á lóð C, sem stendur við Hallgerðargötu verður byggt um 8.000 m² 3-6 hæða bygging með blandaða nýtingu. Á jarðhæð eru 1.750 m² af verslunar- og þjónusturými og á efri hæðum eru samtals 52 íbúðir. Undir öllum lóðum er einnar hæðar bílakjallari og kjallari undir húsum. Í öðrum áfanga er svo F reitur með 16.450 m² af atvinnuhúsnæði og um 30 íbúðum.

Fram kemur í kynningargögnum að við hönnun Kirkjusandsverkefnisins hafi hjá 105 Miðborg verið lögð áhersla á vönduð og vel hönnuð hús á þessari síðustu stórbrotnu sjávarlóð við miðborgarstrandlengjuna í Reykjavík. Fjórar arkitektastofur og þrjár verkfræðistofur koma að hönnun bygginga í fyrsta áfanga. Arkitektar bygginga á lóðum B



■ Á vegum 105 Miðborgar er verið að byggja um 130 íbúðir í fyrsta áfanga á Kirkjusandi og fara þær í sölu á þessu og næsta ári.

og D eru Smith Hammer Lassen og VA arkitektar, en arkitektar á lóð C THG og Studio Arnhildur Pálmadóttir. Verkfræðistofan Lota, Verkfræðistofa Bjarna Viðarssonar og Trivium ráðgjöf sjá um verkfræðihönnun á þessum þremur lóðum.

Bjarg og Brynja leigja út

Bjarg íbúðafélag hefur byggingarétt á tveimur lóðum fyrir 80 íbúðir við Hallgerðargötu á Kirkjusandi og er hönnun þeirra lokið. Að sögn Þrastar Bjarnasonar verkefnastjóra hjá Bjargi munu framkvæmdir á öðrum tveggja byggingareita Bjargs hefjast á næstu vikum að öllu forfallalaus. Gert er ráð fyrir að fyrstu íbúðir geti verið til afhendingar sumarið 2020. Félagsbústaðir munu eiga og leigja út 20% íbúða í húsunum sem Bjarg byggir. Við hönnun íbúðanna eru hagsýni, skynsemi og gæði höfð að leiðarljósi og m.a. horft til fermetra-




■ Allt að 300 nýjar íbúðir verða byggðar í fjölbýli á svokölluðum Kirkjusandsreit.

fjöldi til að halda leiguverði lágu. Íbúðirnar verða því á stærðarbilinu 45-100 m², 2-5 herbergja.

Hússjóður Öryrkjabandalags Íslands,

Brynja Hússjóður, hefur fengið úthlutað lóð fyrir 37 íbúða fjölbýlishús við Hallgerðargötu á Kirkjusandi. Unnið er að undirbúningi framkvæmda.



■ Bjarg leigufélag mun senn hefjast handa við að reisa 80 íbúðir á Kirkjusandsreit.



Hágæða vinnuföt í miklu úrvali

Sérmerkjum fyrir fyrirtæki



DUNDERDON

Mikið úrval af öryggisvörum



Nú fást **Snickers** vinnuföt í

BYKO
GERUM PETTA SAMAN

HILTI
Verkfæri og festingar

HAGI ehf Stórhöfða 37 • 110 Reykjavík • S. 414-3700 • hagi@hagi.is • Hagi ehf HILTI

Hús sem setja svip á borgina

Litið á nokkur verk Einars Erlendssonar húsameistara



■ **Frikkirkjuvegur 11.** Teiknað fyrir Thor Jensen og með honum, en hann hafði kynnt sér bækur um húsagerð áður en ráðist var í að teikna þetta glæilegasta einbýlishús á Íslandi. Byggt á árunum 1907-1908. Þar má sjá jónískar súlur og annað klassískt skreyti.



■ **Laufásvegur 46.** Galtafell, teiknað fyrir Pétur J. Thorsteinsson athafnamann frá Bildudal árið 1916. Sonur hans Guðmundur Thorsteinsson, Muggur, bjó í húsinu um skeið.

Við myndun heimastjórnar árið 1904 færðist framkvæmdvaldið í hendur innlendra yfirvalda, þar með talin mannvirkjagerð. Árið 1906 var Thorvald Krabbe (1876-1953) skipaður landsverkfræðingur á Íslandi og sama ár varð Rögnvaldur Ólafsson (1874-1917) ráðunautur landstjórnarinnar um opinberar byggingar. Hann er oft nefndur fyrsti arkitektinn, þótt hann hafi ekki lokið prófum vegna heilsu-brests.

Margt þurfti að byggja við upphaf nýrrar aldar; brýr og víta, kirkjur, sjúkrahús og skóla og fljótt var ljóst að einn maður réði ekki við að teikna öll opinber hús sem byggja þurfti. Strax árið 1906 gerðist Einar Erlendsson (1883-1968) aðstoðarmaður Rögnvaldar. Einar hafði lært trésmíði hjá föður sínum og var síðan samtíða Rögnvaldi í Det Tekniske Selskabs Skole í Kaupmannahöfn. Hann kom heim án þess að ljúka námi

eins og Rögnvaldur en hlaut viðurkenningu sem húsameistari árið 1939. Þetta eru þeir tveir menn sem fyrstir móta íslenskan arkitektúr í upphafi 20. aldar og standa vaktina framan af. Ferli Rögnvaldar hafa verið gerð nokkur skil í bók en nú er að mati margra tímabært að kynna ævistarf Einars og áhrif á íslenska byggingarlist.

Um það bil 200 verkefni

Einar Erlendsson bjó alla tíð í Skólastræti 5, þar sem faðir hans hafði smíðaverkstæði í bakhúsinu, og þar var jafnframt teiknistofa hans, en hann vann einnig sjálfstætt við að teikna hús auk þess að aðstoða Rögnvald. Kona Einars var Sigríður Lydia Thejll og þau eignuðust tvö börn, Erlend (1912-2004) og Sigrúnu (1921-2015).

Ekki hefur borið mikið á Einari eða verkum hans hampað í almennri umræðu. Hins vegar hefur hann verið mjög fjölhæfur og starfssamur því samkvæmt teikningaskrá

sem unnin var á húsadeild Árbæjarsafns hafði hann unnið að alls 1.078 teikningum frá 1905 til 1961. Ekki eru það allt húsa-teikningar heldur einnig ýmis smærri verk. Önnur teikningaskrá frá Listasafni Reykjavíkur árið 2000 telur hins vegar um 200 verkefni og er mun áreiðanlegri heimild.

Ferill Einars Erlendssonar er bæði langur og merkilegur og spannar rúm 60 ár. Auk þess að starfa sjálfstætt alla tíð frá 1905 er hann aðstoðarmaður Rögnvaldar 1906-1917, brúar bilið eftir lát hans uns Guðjón kemur til starfa sem húsameistari ríkisins 1920, aðstoðar Guðjón í 30 ár og er skipaður húsameistari eftir lát hans 1950-1954.

1906-1917

Árin með Rögnvaldi

Einar undirritar margar teikningar fyrir Rögnvald, meðal annars af kirkjum og

BYGGINGARLIST



Björn G. Björnsson skrifar

skólahúsum, einkum síðustu árin sem Rögnvaldur lifði, en hann lést á Víflsstöðum 1917 aðeins 42 ára í húsinu sem var hans stærsta verk. Árið 1915 brennur miðbær Reykjavíkur og byggingu timburhúsa er að

■ **Verkamannabústaðir fyrsti áfangi.** Einar Erlendsson teiknaði fyrsta áfanga Verkamannabústaðanna við Hringbraut árið 1932. Það eru húsín sem standa við Ásvallagötu 59-65, Bræðraborgarstig 47-55 og Hringbraut 80-90. Þarna var gerð tilraun til að byggja ódýr en vönduð hús fyrir alþýðu manna.





Gamlir skápar fá nýtt líf

Superfinish lakkið frá Nordsjö er níðsterkt og auðvelt í vinnslu. Val fagmanna á hurðir, glugga og húsgögn



Síðumúla 22 | Sími 5170404 | serefni.is
Ópið: 8-18 virka daga 10-14 laugardaga



■ **Sólvallogata 12.** Teiknað sem einbýlishús fyrir Jónatan Þorsteinsson árið 1921, hið reisulegasta. Þar hefur Húsmæðraskólinn, nú Hússtjórnarskólinn, haft starfsemi sína frá árinu 1942 og húsið verið stækkað.



■ **Ingólfsstræti 2a.** Árið 1925 fékk bióstjórinn Peter Petersen húsameistarann Einar Erlendsson til að gera uppdrátt að nýju bióhúsi. Húsið er byggt í hreinum nýklassískum stíl og er ein af merkustu byggingum í Reykjavík frá tímabili steinsteypuklassískur og eitt helsta verk Einars Erlendssonar í listrænu tilliti. Framhlið hússins og almenningsrými hafa varðveist í upprunalegri mynd þó svo salarkynnin hafi tekið einhverjum breytingum í gegnum árin.



■ Einar Erlendsson mótaði mjög íslenskan arkitektúr á fyrstu áratugum 20. Aldar og áhrif hans á íslenska bygginghartlist eru ómæld.

landstjórnarinnar og er einnig byggingafulltrúi Reykjavíkur frá 1918 til 1920. Á þessum árum teiknar Einar aðeins eitt hús skv. skráð, en það er Hólatorg 4, timburhús, fyrir Magnús Kjaran, 1919.

1920-1950

Árin með Guðjóni

Guðjón Samúelsson kemur heim og sest í hið nýja embætti húsameistara ríkisins árið 1920. Einar er fulltrúi húsameistara þar til Guðjón fellur frá. Sjálfur er hann afar afkastasamur og teiknar meðal annars Sturluhallir við Laufásveg 1920-22, Gamla bíó 1925, þrjú hús í Bankastræti, Mjólkurstöð við Snorrabraut 1929 og fyrsta áfanga Verkamannabústaða við Hringbraut 1932. Síðast en ekki síst teiknar Einar mörg einbýlishús í klassískum stíl sem eru meðal bestu verka hans. Einar hlýtur réttindi sem húsameistari árið 1939. (Um 80 hús eru skráð.)

1950-1954

Árin sem húsameistari ríkisins

Þegar Guðjón Samúelsson fellur frá 1950 tekur Einar við embættinu og gegnir því í fjögur ár þegar hann varð að láta af störfum vegna aldursreglna, 67 ára. Einar var fullur starfsorku og þótti þetta miður. Ekkert hús er skráð eftir hann á þessum tíma. Einar teiknar ekki mikið eftir það og sest að mestu í helgan stein. Hann lést árið 1968, 85 ára að aldri.

Hús Einars Erlendssonar setja svip sinn á höfuðborgina og tímabært að kynna ævistarf hans og áhrif á íslenska byggingartlist.

mestu hætt, steinsteypa tekur við sem aðalbyggingarefnið. Á þessum árum teiknar Einar mörg merk hús, meðal annarra Frikirkjuveg 11 fyrir Thor Jensen, Kirkjustræti 2 Hjalpræðisherinn, Valhöll við Suðurgötu, Galtafell við Laufásveg, Listasafn Einars Jónssonar á Skólavörðuholti með Einari Jónssyni og Loftskeytastöðina við Suðurgötu. (Alls eru 14 hús skráð.)

1917-1920

Árin milli Rögnvaldar og Guðjóns

Rögnvaldur fellur frá 14. febrúar 1917. Einar tekur við stöðu hans sem ráðunautur



■ **Listasafn Einars Jónssonar.** Þegar Einar Jónsson myndhöggvari flutti heim frá Danmörku gaf hann íslenska ríkinu verk sín með því skilyrði að reist yrði yfir þau hús. Valin var lóð á Skólavörðuholti og 1915 gerði Guðjón Samúelsson fyrstu uppdrætti að húsinu, þá 28 ára og í frii frá námi í arkitektúr. Ekki samdist með þeim Einari og Guðjóni og leitaði Einar þá til nafna síns Erlendssonar sem gerði uppdrætti að húsinu að mestu samkvæmt hugmyndum myndhöggvarans árið 1916. Safnið var opnað 1923 og er fyrsta sérhannaða listasafn á Íslandi. Það er einstök bygging í alla staði og með merkustu verkum Einars Erlendssonar.



■ **Bankastræti 7a.** Jón Björnsson kaupmaður lét byggja húsið 1926 og rak þar verslun. Einni hæð var bætt ofan á húsið sem rýrir nokkuð hið klassika útlit þess.



■ **Sólvallogata 16.** Teiknað fyrir A.J. Johnsons árið 1925. Húsið er afar sérstakt með sínum tveimur turnum og lífgar upp á umhverfi sitt.



■ **Laugavegur 31.** Teiknað árið 1928 fyrir Martein Einarsson kaupmann og verslun hans. Þar er nú Biskupsstofa til húsa, Skálholtsútgáfan og verslunin og Kirkjuhúsið. Sambyggt er stórt verslunar- og vöruhús við Vatnsstíg 3 í sama stíl.



■ **Snorrabraut 54.** Teiknað 1929 fyrir Mjólkurfélag Reykjavíkur. Þar var fyrsta mjólkurstöðin til 1958 þegar Osta- og smjörsalan tók við, þá tölvufyrirtækið OZ og síðast Söngskólinn. Nú stendur til að byggja við húsið og breyta því í hótél.



■ **Þingholtsstræti 29a.** Teiknað fyrir A. Obenhaupt kaupmann árið 1916 og kallaðist þá Villa Frieda. Openhaupt fluttist fljótlega af landi brott og seldi Ólafi Johnson stórkaupmanni húsið sem kallaði það Esjuberg.



■ **Kirkjustræti 2.** Teiknað sem gistiheimili fyrir Hjálpræðisherinn árið 1915 og hækkað 1929. Eitt af kennileitum Kvosarinnar í Reykjavík. Stendur til að breyta því í hótél.



■ **Sólvallagata 14.** Hús Brynjólfs H. Bjarnasonar kaupmanns, byggt árið 1928. Eitt stærsta íbúðarhús Einars Erlendssonar í klassískum stíl.

ÞAÐ ERU TÆKIFÆRI Í ORKUSKIPTUM



Tækifæri til orkuskipta á ýmsum sviðum atvinnulífsins.

Verkís veitir fyrirtækjum ráðgjöf er varðar hagkvæmniathuganir, hönnun og framkvæmd orkuskipta í samgöngumálum. Lausnir okkar eru óháðar söluaðilum. Markmið okkar er að velja bestu lausnina fyrir þinn rekstur.

Hafðu samband og taktu fyrsta skrefið að orkuskiptum með okkur.

Verkís verkfræðistofa | Ofanleiti 2 | 422 8000 | www.verkis.is | verkis@verkis.is



■ Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri segir mikið fagnaðarefni að ráðist verði í tvöföldun Reykjanesbrautar með vorinu.

Skarðshlíðin rís

Vistvænt skipulag fyrir fjölskylduvænt íbúðahverfi

Hafnarfjörður er í örur vexti, en samhliða vaxandi atvinnuvæðum hafa myndast blómleg hverfi. Skarðshlíðin er nýtt og fjölskylduvænt íbúðahverfi sem liggur á flata og í brekku sunnan og vestan í Ásfjalli, við Vallahverfi og Ásland. „Í skipulagi og hönnun hverfisins var reynt að sameina margt og gera það á faglegan og fallegan hátt. Haft var til hliðsjónar að búa til hverfi sem tekur vel á móti öllum, hvort sem um er að ræða litlar eða stórar fjölskyldur, pör eða eldri einstaklinga sem vilja minnka við sig en samt komast í nýtt húsnæði,“ segir Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri Hafnarfjarðar.

Við hönnun og skipulag hverfisins hefur verið lögð rík áhersla á heildræna sýn og þar með á heildrænar götumyndir, vistvænt skipulag, sjálfbærni, grænt yfirbragð og fjölbreytt útsvæði en nálægð við uppland Hafnarfjarðar og fallegar náttúruperlur gæti ekki verið greiðari. „Vinsældir þessa svæðis hjá okkur hafa verið mjög miklar og eftirspurn eftir bæði íbúðum og byggingarlandi mikil. Svæðið í heild hefur verið í mikilli uppbyggingu og örum vexti síðustu misseri og aðgengi að hverskyns þjónustu gott. Öflugt atvinnulíf er í sérstöku atvinnusvæði skammt frá Skarðshlíðinni sem er kjörrið fyrir þá sem vilja lifa og starfa innan sveitarfélagsins og njóta þeirra gæða sem fylgja því þegar stutt er í vinnu. Samgöngur hverfa á milli er líka sífellt að verða greiðari, ný mislæg gatnamót komin og langþráð tvöföldun Reykjanesbrautar í sjónmáli auk þess sem Ásvallabraut mun greiða enn frekar fyrir umferð til og frá hverfinu.“

Hönnun samhliða uppbyggingu

Rósa segir að skipulagsvinna og hönnun



■ Í heild er gert ráð fyrir 516 íbúðum í Skarðshlíðarhverfi með a.m.k. 1.500 íbúum. Mynd. ONNO ehf.

Skarðshlíðar hafi verið unnin samhliða uppbyggingu á svæðinu: „Þannig var reynt eftir megni að koma til móts við eftirspurn á markaði, sem er breytileg og margvísleg og það hefur aðeins flækt vinnuna. En við viljum gera þetta vel, byggja upp einstakt hverfi og tryggja að sem flestir og helst allir innviðir séu til staðar. Þannig erum við nú að bjóða til sölu minni lóðir og lóðir sem bjóða upp á töluverðan sveigjanleika í byggingarmagni og hönnun, þó þannig að heildrænt yfirbragð hverfisins haldi sér.“

Rósa segir að allar lóðir í fyrsta áfanga hafa þegar verið seldar þ.e. lóðir fyrir 26 fjöleignarhús með 231 íbúð sem standa á flata hvað næst skólanum. Byggingin greinist svo upp Skarðshlíðarbrekkuna með raðhúsum og parhúsum neðst og einbýlishúsum ofar þar sem landhalli er meiri. „Annar áfangi með lóðum fyrir einbýlishús, tvíbýlishús, parhús og raðhús hefur farið vel af stað og gerum við ráð fyrir að lóðir í þriðja og síðasta áfanga fari í sölu á næstu vikum. Annar áfangi telur lóðir fyrir 165 íbúðir og þriðji fyrir 120 íbúðir. Í heild er gert ráð fyrir 516 íbúðum í Skarðshlíðarhverfi með

a.m.k. 1.500 íbúum. Samhliða erum við í óða önn að vinna skipulag og hönnun á nýju hverfi í Hamranesinu, sem stendur við hlið Skarðshlíðarinnar.“

Líflegur og litríkur skóli tekinn til starfa

Rósa segir að uppbygging innviða í hinu nýja hverfi gangi vel en Skarðshlíðarskóli er nú þegar tekinn til starfa, sem er frekar óvenjulegt þegar um er að ræða uppbyggingu í nýju hverfi. „Nemendur í 1.-5. bekk hófu þar skólagöngu sína síðastliðið haust og gerum við ráð fyrir að leikskólinn taki til starfa nú síðla sumars. Í byrjun sumars 2020 á húsnæðið svo að vera fullbyggt og þar með talið grunnskóli, leikskóli, tónlistarskóli og þróttahús. Skarðshlíðarskóli var hannaður og teiknaður í nánu samstarfi við skólustjórnendur og aðila sem þekkja hvað best til á þessu sviði. Byggingarnar eru allar hannaðar samkvæmt hugmyndafræði algildrar hönnunar en í því felst m.a. að þróa góðar lausnir með jafnrétti og vellíðan allra í fyrirrúmi, nemenda og kennara. Skólastarfið fer vel af stað og lofa fyrstu mánuðirnir

góðu. Þykir skólinn einstaklega opinn, líflegur og litríkur og hefur samstarf við verkataka og arkitekta gengið vel og framkvæmdir á undan áætlun.“

Tvöföldun Reykjanesbrautar að hefjast

Reykjanesbrautin er ein af aðalsamgönguæðum innan Hafnarfjarðar og tenging höfuðborgarsvæðisins við Reykjanesið. Brautin liggur í gegnum Hafnarfjörð og hefur umferðarþunginn aukist til muna síðustu ár með tilheyrandi áhrifum á ferdatíma og umferðaöryggi. „Við höfum um árabíl barist fyrir því að haldið verði áfram að tvöfalda brautina og er það því mikið fagnaðarefni að verið sé að ráðast í það verk,“ segir Rósa.

„Umferðarþunginn í dag er orðinn það mikill að Reykjanesbrautin verður að vera fjögurra akreina stofnbraut. Undirbúningur að tvöföldun hófst árið 2013 þegar undirgöng fyrir göngu- og hjólastíg voru gerð við Suðurbraut og svo árið 2017 þegar mislæg gatnamót voru gerð við Krýsuvíkurveg. Nú er tvöföldun í sjónmáli og því fögnum við mjög. Framkvæmdirnar sem nú eru að fara af stað fela í sér tvöföldun á kaflanum frá Kaldárselsvegi vestur fyrir Krýsuvíkurgatnamót, byggð verður ný akbraut sunnan núverandi vegar auk þess sem gerðar verða tvær nýjar göngubrýr yfir brautina. Verkinu er skipt í tvo aðaláfanga. Á þessu ári verður brautin tvöfölduð vestan Strandgötu og brúin yfir Strandgötu breikkuð. Á árinu 2020 verður Reykjanesbrautin svo tvöfölduð milli Kaldárselsvegar og Strandgötu. Framkvæmdir munu hafa áhrif á umferð og umgang á svæðinu en við horfum full tilhlökkunar til verkloka sem áætluð eru í byrjun nóvember 2020.“



■ Nýtt hjúkrunarheimili er að rísa á Sólvangsreitnum þar sem í dag er fyrir eldra hjúkrunarheimili og heilsugæsla fyrir Hafnfirðinga.

Sólvangur – miðstöð þjónustu fyrir eldri borgara

Rósa segir að framkvæmdir í Hafnarfirði séu alls ekki bara bundnar við ný hverfi og nefnir þar nýtt hjúkrunarheimili við Sólvang sem dæmi. „Nýtt hjúkrunarheimili er að rísa á Sólvangsreitnum þar sem í dag er fyrir eldra hjúkrunarheimili og heilsugæsla fyrir Hafnfirðinga. Til stendur að íbúar flytji milli hjúkrunarheimilanna nú í sumar og munum við þá strax í framhaldinu ráðast í framkvæmdir á eldra húsnæði en endurhönnun á því er þegar farin af stað. Gamli Sólvangur verður því

áfram nýttur í þágu eldri borgara í sveitarfélaginu sem er mjög ánægjulegt og mikil þörf á. Heimild hefur fengist frá heilbrigðisráðuneytinu um 33 hjúkrunarrými til viðbótar sem verða staðsett í eldra húsinu enda eftirspurn eftir rýmum á höfuðborgarsvæðinu mjög mikil.

Til framtíðar sjáum við Sólvang sem miðstöð fyrir ýmsa þjónustu við eldri borgara. Í dag er dagdvöl aldraðra starfandi á neðstu hæð gamla Sólvangs og auk þess hentar húsið vel fyrir félagsstarf eldri borgara, dagþjálfun fyrir heilabílaða, sjúkraþjálfun og mótuneyti svo fátt eitt sé nefnt.“



ÞÚ VEIST HVAÐ ÞIG VANTAR VIÐ FJÁRMÖGNUM



 **Lykill**
fjármögnun

Ármúla 1 | 108 Reykjavík | lykill.is | lykill@lykill.is | 540 1700



■ Andri Teitsson, formaður umhverfis- og mannvirkjasviðs Akureyrarbæjar. Myndin er tekin á Torfunefsbyggju en Hafnasamlag Norðurlands mun á árinu ráðast í endurbætur og lagfæringar á bryggjunni. Þar er jafnan mikil umferð og m.a. hvalaskoðunarbátar gerðir út þaðan.

Umfangsmiklar framkvæmdir á vegum Akureyrarbæjar

Bygging nýs sjö deilda leikskóla að hefjast

Um fjórum milljörðum króna verður varið í framkvæmdir af ýmsu tagi hjá Akureyrarbæ á þessu ári. Stærsta verkefnið sem bærinn tekur sér fyrir hendur á komandi árum er bygging nýs leikskóla sem standa mun yfir næstu tvö ár að loknum undirbúningsframkvæmdum á þessu ári. Andri Teitsson formaður umhverfis- og mannvirkjasviðs Akureyrarbæjar segir að nýjum leikskóla hafi verið fundinn staður við Glerárskóla í Hlíðahverfi, á reit rétt vestan við Íþróttahúsið sem þar stendur. Að hluta mun byggingin ná inn á bílastæði sem þar er fyrir. Aðkoma að nýja leikskólanum verður frá Drangshlíð skammt ofan við Glerárskólasvæðið.

„Þetta er stærsta einstaka verkefnið á vegum bæjarinnar, en það var bryn þörf orðin á að auka við leikskólarymi í bænum og því er þetta



■ Byggingaframkvæmdir í Hagahverfi standa nú sem hæst.

mikilvægt verkefni,“ segir Andri. Tæplega eitt þúsund börn voru á liðnu hausti á leikskólum Akureyrarbæjar, en þeir eru 9 talsins og dreifast um öll hverfi bæjarinnar. Auk þeirra styrkir bærinn einn

einkarekinn leikskóla, Hólmasól sem rekinn er af Hjallastefnunni. Leikskólar bæjarinnar hafa til umræða um það bil 7.700 fermetra húsnæði í allt.



■ Verið er að moka sandi upp úr uppistöðulóni í Glerá, en það er gert um það bil annað hvert ár.

Nýjung að bjóða upp á ungbarnadeild

Andri segir að ekki verði þó farið af krafti í byggingu nýja leikskólans fyrr en á næsta ári, en unnið að ýmsum undirbúningsframkvæmd-

um nú í ár. Heildarkostnaður við leikskólabýgginguna nemur um 950 milljónum króna en gert er ráð fyrir að hún verði tekin í notkun haustið 2021. Byggja á sjö deilda leikskóla, rými verður fyrir



■ Bygging nýs sjö deilda leikskóla með ungbarnadeilum er hluti af því að gera þjónustu Akureyrarbæjar við fjölskyldur enn betri.

Ásthildur Sturludóttir bærarstjóri á Akureyri Mikill kraftur í sveitarfélaginu

Ásthildur Sturludóttir, sem gegnt hefur starfi bærarstjóra á Akureyri frá því á liðnu hausti, segir mikinn kraft vera í sveitarfélaginu. Ljóst hafi verið að nauðsynlegt væri að fara í byggingu leikskóla og það sé mjög spennandi að fara þá leið sem valin var að af deildunum sjö verði tvær þeirra ungbarnadeildir. Þetta sé hluti af því að gera þjónustu sveitarfélagsins við fjölskyldur enn betri.

„Það eru fjölmörg verkefni sem bæjarfélög þurfa að sinna og eitt af því að er gera ný hverfi tilbúin til frekari uppbyggingar, en það

er einmitt það sem við erum að gera í Hagahverfi,“ segir Ásthildur.

Aðdráttarafl og áningastaður

Hún segist fagna því að framundan séu framkvæmdir á vegum Hafnasamlagsins til að bæta þjónustu bæði við minni og stærri skip enda hafnirnar lífæð. „Það er mikilvægt að farið verði í endurbætur á Torfunefsbyggju, þetta er gamalt og gott kennileiti í bænum, það hefur mikinn sjarma og er aðdráttarafl og áningarstaður ferðamanna,“ segir Ásthildur.



■ Akureyrarbæjar er að byggja nýtt hús við Klettaborg. Þar verða sex félagslegar íbúðir sem ætlaðar eru fyrir fatlaða.

145 börn, þar af verða tvær ungbarnadeildir við leikskólann sem er nýjung á Akureyri. Á ungbarnadeild verður pláss fyrir 30 börn á aldrinum eins til tveggja ára. Ný leikskólinn verður á tveimur hæðum, alls um 1350 fermetrar að stærð. Samhliða byggingu leikskólans verður farið í viðamikil viðhald á Glerárskóla og íþróttahúsi þess, tengingar verða bættar og aðkoma að eldri húsum löguð og bætt.

Lengja bryggju og lagfæra aðra

Andri segir að Akureyrarbær sinni að venju fjölmörgum og fjölbreyttum verkefnum á hverju ári. Hann nefnir að á vegum Hafnasamlags Norðurlands verði ráðist í að lengja Tangabryggju til suðurs þannig að bryggjukanturinn verður í heild um 370 metra langur að verki loknu. Legupláss hefur vantað að Akureyri, bæði fyrir stærri og minni skip, en bærinn vill fyrir alla muni bjóða upp á góða þjónustu við höfnina og því er ráðist í þetta verkefni. Þannig verður hægt að tryggja örugga viðlegu skipa, einkum flutninga- og skemmtiferðaskipa. Annað verkefni sem ætlunin er að sinna á árinu á vegum Hafnasamlagsins eru endurbætur og lagfæringar á Torfunefsbyggju, sem mikil þörf er á að fá andlitslyftingu. Hafnasamlag Norðurlands hefur úr 270 milljónum króna að spila í sínar framkvæmdir á þessu ári.

Gatnagerð í Hagahverfi og Hrísey

Þó nokkuð stór hluti framkvæmdafjárins fer til gatnagerðar, en nýtt hverfi, Hagahverfi er í byggingu og þar þarf að leggja götur og viðeigandi lagnir. Eins stendur til að gera úrbætur á götum í Hrísey og fara um 100 milljónir króna af 670 sem eyrnamerkar eru gatnagerð í það verkefni. „Þarna eigum við heilmikið verkefni fyrir höndum sem er endurbyggingu gatna í eyrni, sem því miður hefur aðeins setið á hakanum en brýn þörf er á úrbótum og í þær verður nú ráðist,“ segir Andri.

Andri nefnir einnig að unnið sé af fullum krafti við byggingu 6 nýrra félagslegra íbúða sem ætlaðar eru fyrir fatlaða, en þær eru á góðum stað miðsvæðis í bænum, við Klettaborg. Verið er að bjóða byggingu þess út, en verklok eru áætluð um miðjan júní á næsta ári.

Strætisvagnar Akureyrar munu á þessu ári bæta einum nýjum metanvatni í flota sinn og verða þá þrír slíkir vagnar í notkun í bænum. Vagnarnir nýta metan sem unnið er úr gömlu sorphaugunum við Glerárdal, sem er mikið hagræði að sögn Andra og mun umhverfisvænna en hefðbundið eldsneyti. „Við stefnum svo að því að kaupa

fjórða metavagninn árið 2021 og nýta eingöngu slíka vagna í almenningssamgöngum í bænum,“ segir Andri.

Þörf fyrir nýtt hjúkrunarheimili

Þörf er orðin nokkuð brýn á að reisa nýtt hjúkrunarheimili á Akureyri og segir Andri að forsvarsmenn bæjarins hafi lýst yfir eindregnum vilja til að hefja byggingu

á hjúkrunarheimili fyrir 60 íbúa við Lögmannshlíð þar sem fyrir er dvalarheimili fyrir aldraða. Svæði undir nýbyggingu sé til reiðu. „Það er búið að kynna þetta mál fyrir ráðherra heilbrigðismála og að við séum tilbúin með okkar hluta í

verkefnum, 15% af kostnaði þess. Jákvætt var tekið í erindið en stóra spurningin snýst um hvenær ríkið er reiðubúið að leggja fram sinn hluta, okkar framlag er klárt,“ segir Andri.

hgschmitz.de

Gira eNet – nýja þráðlausa, tviátta hússtjórnarkerfið

Innlagnaefni bætt við á einfaldan hátt

www.gira.is

eNet þráðlaus staðallinn í rafið
Ókeypis námskeið á www.academy.gira.com



Innlagnaefni bætt við á einfaldan hátt

Gira eNet er nýtt þráðlaust, tviátta hússtjórnarkerfi fyrir snjalla samtengingu og stjórnun nútímalegra innlagnaefna. Með einföldum hætti er hægt að bæta við þráðlausum eiginleikum á borð við ljósa- og gardínustýringu og tengja þá saman. Hægt er að setja nýja þráðlausa rofa í stað þeirra sem fyrir eru og þarf því ekki að brjóta vegg og leggja nýjar lagnir. Í boði

eru þráðlaus rofa- og dimmerlok, þráðlausir veggssendar og þráðlausar fjarstýringar.

Mynd frá vinstri til hægri: Gira eNet þráðlaust rofa-/dimmerlok, einfalt, System 2000 – Gira eNet þráðlaus stjórnappur fyrir rimlagardínur, einfaldur – Gira eNet þráðlaus veggssendir, þrefaldur, Gira E2, mjallhvítt glansandi



Einfalt er að stjórna eNet í snjalltækjum

Með Gira Mobile Gate er hægt að stjórna öllu kerfinu í farsímum og spjaldtölvum með iOS- og Android-stýrikerfi. Þannig er hægt að stjórna gardínum, ljósum og senum á einfaldan og þægilegan hátt

í Gira viðmóttinu í gegnum þráðlausa netið á heimilinu.

Hægt er að sjá stöðu ljósa og gardína á augabragði.

Mynd: Nýja Gira viðmótið fyrir Mobile Gate á snjallsíma

Viðurkenningar sem Gira viðmótið hefur hlotið: Red Dot Award – Communication Design 2014, Best of the Best fyrir mestu gæði hönnunar [Viðmótshönnun: schmitz Visuelle Kommunikation]

S·GUÐJÓNSSON

Smíðjuvegur 3 · 200 Kópavogur · Sími: 520-4500 · www.sg.is

Íbúðum fjölgi um allt að 1.730

Það eru spennandi hlutir að gerast í efri byggðum Reykjavíkur, Ártúnsholti, Árbæ og Selási en nú er unnið að nýju skipulagi sem gerir ráð fyrir þéttingu byggðar í hverfunum til að styrkja þjónustuna og gera hverfin sjálfbærari og vistvænni. Stefnt er að því að fjölga íbúðum í hverfunum þremur um allt að 1.730 en að það muni gerast á tiltölulega löngum tíma.

Þetta kemur m.a. fram í fyrstu hverfisáætlun borgarinnar sem samþykkt var einróma í borgarráði á dögunum. Hverfisskipulagið fer nú í auglýsingu eins og annað skipulag og hafa íbúar sex vikur til að koma með athugasemdir.

Auðveldara að stækka fasteignir

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri segir í kynningu frá borginni að það séu tímamót í skipulagsmálum í Reykjavík þegar borgarráð samþykkti fyrstu hverfisskipulagsáætlunir borgarinnar fyrir Ártúnsholt, Árbæ og Selás. Í skipulaginu hafi helstu óskir íbúa og hagsmunaaðila um breytingar á hverfunum verið kortlagðar en einnig gert mun einfaldara fyrir húseigendur að breyta húsum sínum eða byggja við. Að uppfylltum einföldum skilyrðum geti íbúar nú fengið að stækka fasteign sína með viðbyggingum, innréttad þar aukaíbúðir með því að byggja við, skipta upp stórri eign eða breyta lítið notuðum bílskúrum í litlar íbúðir.

Selásbrautin endurhönnuð

Í hverfisskipulaginu er miðað við að íbúðum í Seláshverfi geti fjölgað um allt að 720 til að veða upp á móti háu hlutfalli einbýlis- og raðhúsa í hverfinu. M.a. verður heimilt að þetta byggð við Selásbraut 98, fjarlægja eldra mannvirki sem þar er og reisa 3-4 hæða byggingu með verslunum og þjónustu á jarðhæð og íbúðum á efri hæðum. Selásbraut verður endurhönnuð sem borgargata með hverfistorgi og grenndarstöð, raðhúsum, mögulegum deilibilastæðum og strætóstoppistöð. Þá er horft til nýrrar íbúðabygðar vestan Selásbrautar á þróunarsvæði milli Vindáss og Brekknaáss.



■ Ásinn verður skilgreindur sem meginverslunarkjarni í Árbæjarhverfi með þjónustu á jarðhæðum og íbúðum á efri hæðum.

Myndir: Tripóli arkitektar.

Mikil fjölgun íbúða í Árbænum


Í Árbæ er stefnt að því að fjölga íbúðum í hverfinu um allt að 680 til að styrkja miðju borgarhlutans og bæta þjónustuframboð þannig að íbúar geti sótt helstu nauðsynjar í göngufæri frá heimilum sínum. Þetta verður t.d. gert með því að auka verulega byggingamagn í hverfiskjarna við Ásinn og nýbyg-

ingum við Rofabæ og Hraunbæ. Þá verða veittar heimildir fyrir aukaíbúð í stórum sérbýlishúsum og hækkan fjölbýlishúsa um eina hæð, samhliða því að koma fyrir lyftu. Einnig er stefnt á að reisa fjölbýlishús austast í hverfinu á milli Hraunbæjar og Bæjarháls og að ný íbúðabygð rísi vestast í hverfinu, á þróunarsvæði milli Höfðabakka og Rofabæjar/Ystabæjar.


Strengur verður borgargata

Stefnt er að því að fjölga litlum og meðalstórum íbúðum á Ártúnsholti um allt að 330 til að veða upp á móti háu hlutfalli einbýlis- og raðhúsa í hverfinu. Nærþjónusta fyrir Ártúnsholt er skilgreind við bensínstöð við Straum og við Nethyl/Stangarhyl, ásamt annarri þjónustu og atvinnustarfsemi. Heimildir eru einnig fyrir léttri at-

vinnustarfsemi í íbúðabygð. Sérstök áhersla er lögð á endurskilgreiningu og endurhönnun götunnar Strengs. Hún verður borgargata með hverfistorgi til móts við Árkvörn. Þar er m.a. fyrirhuguð ný grenndarstöð, strætóstoppistöð, leik- og setrymi, hleðslustöðvar fyrir rafbíla og jafnvel stæði fyrir deilibíla.




■ Hér má sjá dæmi um viðbyggingu ofan á fjölbýlishúsi með nýjum íbúðum ásamt lyftum sem tengdar eru við allar hæðir til að bæta aðgengi.



■ Dæmi um breytingar á sérbýli með viðbyggingu, ofanábyggingu eða stakstæðum skúr í garðinum.

GÖNGUM VEL UM LANDIÐ OKKAR



www.utivist.is




ÚTIVIST

Verslaðu á þínum kjörum í vefverslun

| husa.is



Sæktu um lykilorð á husa.is



Með innskráningu á þjónustuvef husa.is getur þú séð þitt verð í vefverslun og verslað á þínum kjörum.



Reikningsviðskipti

Iðnaðarmenn, fyrirtæki og fólk í framkvæmdum geta nú verslað í reikning á sínum kjörum í vefverslun



Greiðsluleiðir

Þú getur greitt með kreditkorti eða fengið greiðsluseðil í heimabankann þinn í gegnum Pei.



Þjónustuvefur

Þú getur skoðað öll viðskipti þín við okkur, fengið yfirlit reikninga, skoðað stöðu viðskiptareikninga fjárhagsfærslur, haft umsjón með verkum, úttektaraðilum o.fl.



Heimsent

Verslaðu á husa.is og fáðu sent heim að dyrum eða á næsta pósthús.

Hraðsendingar samdægurs einnig í boði á höfuðborgarsvæðinu.



Pantað 7 sótt

Verslaðu á husa.is, við tökum vöruna til og þú sækir í næstu Húsasmíðjuverslun.

Í upphafi skal endinn skoða

„Góð kostnaðaráætlun er góð byrjun, en að halda utan um raunkostnað og framvindu er nauðsynlegt til að geta skilað verkefnum á áætlun, bæði hvað varðar kostnað og tíma,“ segir Elísabet Rúnarsdóttir sérfræðingur í kostnaðargát hjá Mannviti.

Í upphafi verkefnis er mikilvægt að gera kostnaðar- og tímaáætlun. Verkefni hafa ákveðið fjármagn til framkvæmda og skiptir máli að því fjármagni sé skipt rétt á verkþætti miðað við kostnaðaráætlun. Mannvit útbýr kostnaðaráætlanir úr kostnaðarbanka sem inniheldur raunupplýsingar og er því nokkuð nákvæmur. Ítarlegri kostnaðarupplýsingar fást síðan með verðfyrirspurnum og tilboðum.

Breytingar frá upprunalegu verkefni geta átt sér stað sem getur leitt af sér verðbreytingar og er mikilvægt að greina á milli hvort um var að ræða ófyrirséðar breytingar eða hvort umfangi verkefnisins var breytt.

Hvað vill viðskiptavinurinn?

„Ásamt því að útbúa áætlanir í upphafi verks teljum við mikilvægt að spyrja viðskiptavinninn hvað sé markmið hans með verkefninu og hvernig hann vilji að haldið sé utan um kostnað. Það er grundvallaratriði að því sé flaggað strax ef vísendingar eru um að verkefnið sé á



■ Elísabet Rúnarsdóttir og Jóhanna Ásta Vilhjálmssdóttir hjá Mannviti. „Mikilvægt er að kostnaðaráætlun sé byggð á raunhæfum og nýjum upplýsingum til að kostnaðargátin sé nákvæm.“

leið út af sporinu. Við sníðum kostnaðargátina að þörfum viðskiptavinnarins og veitum ráðgjöf hvað hentar hverju einstaka verkefni,“ segir Elísabet.

Stjórnun kostnaðar í verkefnum

Mikið hefur verið fjallað um verkefni í þjóðfélaginu undanfarið sem

hafa farið fram úr kostnaðaráætlun og má þá velta fyrir sér hverjar ástæðurnar séu. Var kostnaðaráætlunin ekki raunhæf, jafnvel úrelt eða var ekki fylgst nógu vel með áföllnum kostnaði jafnóðum og hann borinn saman við raunverulegan framgang verkefnisins?

Í kostnaðargátinni hjá Mannviti er haldið utan um kostnaðaráætlun, áfallinn kostnað, áætlaðan lokakostnað, unnið virði, breytingar og ekki síst hið ófyrirséða. Í verkferakistu Mannvits er m.a. forrit sem heldur utan um alla þessa þætti og hentar það fyrir lítil, miðlungs og stór verkefni.

„Við viljum að viðskiptavinir okkar séu meðvitaðir um mikilvægi þess að fylgjast náið með

rekstri verksamninga og breytingum sem verða iðulega á verksamningum. Til þess höfum við réttu verkferin,“ segir Jóhanna Ásta Vilhjálmssdóttir, fagstjóri innkaupa hjá Mannviti.

mannvit.is

Við höfum varðveitt ylinn í íslenskum húsum í 60 ár

CE-vottuð einangrun

á að vera í öllum byggingum á Íslandi

Hágæða einangrunarplast

- fyrir sökkla
- undir gólfplötur
- á útveggi og þök


TEMPRA
einangrun – umbúðir

Hússtjórnarkerfi frá S. Guðjónsson

Þráðlausar lausnir frá eNet



■ Skarphéðinn Smith, framkvæmdastjóri S. Guðjónsson. „Þá er hægt að forrita kerfið þannig að það kveiki ljós á mismunandi stöðum í íbúðinni, t.d. þegar íbúar eru í fríi. Það virkar sem góð þjófavörn.“

„Það er óhætt að segja að eNet hússtjórnarkerfið frá GIRA hafi slegið í gegn hjá okkur enda um að ræða afar einfalda og þægilega lausn fyrir bæði nýtt sem og eldra húsnæði. Með eNet er hægt að stýra ljósum, gluggum, gluggatjöldum, hita og fleiru með fjarstýringu eða snertiskjá og einnig í gegnum snjallsíma eða spjaldtölvur með appi. Þá er hægt að forrita kerfið og setja upp margvíslegar senur og aðgerðir s.s. að það kveiki ljós sjálfvirkt á mismunandi stöðum og mismunandi tímum í íbúðinni, t.d. þegar íbúar eru í fríi. Það virkar sem góð þjófavörn.“ segir Skarphéðinn Smith, framkvæmdastjóri S. Guðjónsson.

Þráðlaust stýrikerfi

eNet kerfið frá GIRA er þráðlaust sem hentar mjög vel í allar íbúðir og byggir á svokölluðum móttökurum eða aktorum sem eru tengdir með 230V straumi við ljósabúnaðinn og sendir þráðlaus merki á milli. „Hægt er að setja nýja þráðlausa rofa í stað þeirra sem fyrir eru og því þarf ekki að brjóta vegg og leggja nýjar lagnir. Þá fellur þessi búnaður mjög vel að GIRA rofum sem fyrir eru þannig að samræmt heildarútlit er tryggt.“ segir Skarphéðinn enn fremur.

Allt efni frá GIRA

„Í lýsingarbúnaðinum leggjum við áherslu á stærri verkefni s.s. skrifstofur, hótél, verslanir og listasöfn en einnig á alhliða heimilislýsingu. Í öllum þessum verkefnum bjóðum við aðeins vandaðan og góðan búnað.“ segir Skarphéðinn. „Hvað rafbúnaðinn varðar erum við með allt frá rofum, tenglum, vírum og köplum og bjóðum m.a. vörur frá GIRA sem er þýskur hágæða framleiðandi sem lengi hefur verið í farabroddi þegar kemur að hönnun og útliti á þessum vörum.“

Fyrirtækið S. Guðjónsson var stofnað árið 1958 og hefur það allt frá árinu 1967 flutt inn sérhæfðan lýsingarbúnað sem og raf- og tölvulagnabúnað fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Starfsmenn fyrirtækisins vinna náið með rafverktökum, rafhönnuðum og arkitektum. Þá má nefna að eitt af meginverkefnum S. Guðjónsson felst í sölu á tölvulagnabúnaði, m.a. strengjum og ljósleiðurum og er fyrirtækið einn stærsti söluaðili hérlendis á því sviði.

sg.is

Byggðu umhverfisvænt hús -úr krosslímdu tré



Stór eða lítil
- allt eftir þínum óskum

Umhverfisvæn hús
úr krosslímdu tré

Bjóðum einnig
glugga, hurðir og
utanhússklæðningar
sem hæfa þínu húsi



Af hverju krosslímt tré?

- Umhverfisvæn og sjálfbær framleiðsla
- Léttari en steypa
- Frábær einangrun
- Engar kuldabryr sem bjóða heim raka og myglu
- Mjög fljótlegt að reisa
- Einstakir burðareiginleikar
- Jarðskjálftapol eins og best getur orðið
- Þynnri veggir - meira innra rými
- Notalegt og heilsusamlegt innra umhverfi



Byggðu til framtíðar með lausnum frá IDEX

www.idex.is

IDEX

Víkurhvarfi 6 - 203 Kópavogur - Sími 412 1700 - idex@idex.is

Hleðslulausnir fyrir heimili og fyrirtæki

„Ískraft býður EO bílhleðslu-stöðvar fyrir heimili og fyrirtæki í þremur gerðum sem henta afar vel fyrir rafbílaeigendur. Þetta eru breskar gæðavörur sem mjög góð reynsla er af erlendis og hafa þær fengið frábærar viðtökur hér á landi. Með þessum búnaði er ekkert mál fyrir t.d. íbúa í fjölbýlishúsi eða fyrirtæki að fá sér rafbíl því EO hleðslustöðin sér um að dreifa álaginu og skrá notkun hvers og eins,“ segir Sigurður G. Ragnarsson hjá Ískraft.

Vaxandi áhugi á rafbílum

Áhugi á rafbílum eykst dag frá degi en margir þeir sem t.d. búa í fjölbýlishúsum standa frammi fyrir því að ekki eru raftengi úti á bílastæði sem tengjast rafmagnstöflu viðkomandi eiganda. Sigurður Gunnar segir þetta ekkert vandamál lengur þar sem auðvelt sé að koma fyrir stöð með miðlægum búnaði sem síðan heldur utan um rafmagnsnotkun hvers og eins.

„Við bjóðum þrjár hleðslustöðvar sem henta við mismunandi aðstæður. Í fyrsta lagi er um að ræða EO Mini stöðina sem er ein sú minnsta á markaðnum og er vinsæl við sérbýlishús. Í öðru lagi bjóðum við EO Basic en hún er mjög vinsæl enda afar einföld og þægileg í uppsetningu. Í þriðja lagi bjóðum við svo EO Genius stöðina en hún er frábær lausn fyrir t.d. fjölbýlishús og fyrirtæki þar sem margir notendur eru. Allt að 32 Genius stöðvar geta tengst einum EO Hub sem síðan sér um að halda utan um kostnað vegna hleðslu hvers og eins bíleiganda. Genius stöðin er með skýjaþjón-



■ Sigurður G. Ragnarsson sölumaður hjá Ískraft í Kópavogi og vörustjóri EO Charging.

ustu og tengist appi í símanum eða tölvunni.“

Dreifing álags skiptir miklu

Sigurður segir mikilvægt að þeir sem hugi að orkuskiptum varðandi heimilisbílinn standi rétt að málum. „Því miður koma stundum upp tilvik þar sem fólk af vangá eða þekkingarleysi gerir hlutina ekki rétt en það getur leitt til tjóns á viðkomandi bifreið eða jafnvel rafkerfi hússins. Við ráðleggjum öllum okkar viðskiptavinum að leita til löggiltra rafverktaka varðandi uppsetningu á hleðslustöðvunum til að fyrirbyggja mistök af

því tagi. Þá er álagsvörn í þessum tækjum frá okkur en sá búnaður nýtir orkuna mun betur þannig að hleðslan fer einkum fram þegar rafmagnsnotkun í húsinu er hvað minnst, t.d. á nóttunni. Ef þetta er ekki gert getur heimtaugin í viðkomandi hús reynst of lítil og ekki þolað toppa við aukið álag. Þá þarf að stækka taugina með tilheyrandi kostnaði.“

Þjónustan skiptir mestu máli

Ískraft hefur verið leiðandi hér á landi varðandi sölu á raflagnaefni til verktaka en bílhleðslustöðar eru nýjasta viðbótin í vöruúrvali fyrir-

tækisins. Ískraft þjónar ekki eingöngu þeim sem kaupa búnað frá þeim ef því er að skipta. „Auðvitað viljum við að sem flestir kaupir hleðslubúnað frá okkur því við teljum okkur bjóða fyrsta flokks vörur og þjónustu. Við leggjum mikla áheyrslu á að fræða og leiðbeina og við leitumst við að svara fyrirspurnum frá fólki hvort sem um búnað frá okkur er að ræða eða öðrum framleiðendum. Öryggið í þessu er fyrir öllu og við tökum hlutverk okkar alvarlega um að veita faglegar og réttar upplýsingar.“

Ískraft bendir sínum viðskipta-

vinum á löggilta rafverktaka til að setja upp hleðslustöðvar á heimilum og í fyrirtækjum. „Já, og einnig viljum við miðla okkar þekkingu á þessum búnaði áfram til þeirra rafverktaka sem við skiptum við og munum efna til námskeiða fyrir þá ef áhugi verður á. Þá mega menn alltaf koma við eða senda okkur tölvupóst með fyrirspurnum sem við munum svara fljótt og vel,“ segir Sigurður Gunnar hjá Ískraft að lokum.

iskraft.is

Barist gegn loftslagsbreytingum

Samkeppni um græna byggð

Reykjavíkurborg, ásamt 14 öðrum höfuðborgum og stórborgum víða um heim, er þátttakandi í alþjóðlegri samkeppni um sjálfbæra uppbyggingu á vegum borgarsamtakanna C40, sem eru samtök hátt í 100 stærstu borga veraldar og evrópsku samtakanna Climate KIC, sem berjast gegn loftslagsbreytingum.

Reykjavíkurborg býður fram þrjár grænar þróunarlóðir í samkeppninni; við Ártúnshöfða, Frakkastíg 1 og Lág múla 2. Keppnin snýst um að móta framtíðarsýn fyrir lóðirnar með það að markmiði að þar rísi mannvirki sem geti orðið fyrirmyndir varðandi umhverfisgæði, sjálfbærni og minna kolefnisspor, ásamt því að styðja við góða borgarþróun. Fyr-



■ Frakkastígur 1. Lóðin er hluti af ásýnd borgarinnar til norðurs við sjávarsíðuna. Þarna er einstakt tækifæri til að flétta saman eldri og nýrri byggð.

irmynd keppinnar er vel heppnað verkefni, Reinventing Paris, sem komið var á fót árið 2015.

Alls buðu 12 borgir viðs vegar

um heim fram 31 lóð til þróunar í samkeppninni og bárust yfir 230 áhugayfirlýsingar í keppnina frá 1.200 fyrirtækjum og samtök-



■ Ártúnshöfði. Hér er um að ræða fyrrum iðnaðarlóð sem verður innangangur að nýju uppbyggingsvæði á Ártúnshöfða. Stutt í einstaka náttúra Elliðaárdalsins.

um. Sextán teymi lýstu áhuga vegna lóðanna í Reykjavík. Átta teymi voru svo valin í seinni hluta íslensku keppinnar og

liggja lokaúrslit væntanlega fyrir í þessum mánuði.

Stólpi Gámar

fyrir atvinnulífið



Stólpi Gámar bjóða gámalausnir fyrir atvinnulífið - til leigu eða sölu

- þurrgáma
- geymslugáma
- fleti og tankgáma
- hitastýrða gáma
- einangraða gáma
- gáma með hliðaropnun

Einnig gámahús og salernishús frá **Containex**, færanlega starfsmannaðstöðu frá **EuroWagon.dk**, gámar og vöruskemmur frá **BOS** og vörulyftur frá **ATN** og **Maber**



www.stolpigamar.is

Stólpi Gámar

Óseyrarbraut 12 | 220 Hafnarfirði | Klettagörðum 5 | 104 Reykjavík

Félagsbústaðir – stærsta leigu- og fasteignafélag landsins

Leiguverð 40-65% lægra en á almennum markaði

Sigrún Árnadóttir var ráðin framkvæmdastjóri Félagsbústaða sl. haust í kjölfar úttektar Innri endurskoðunar Reykjavíkur um viðhaldsframkvæmdir við Írabakka. Ráðning hennar bar því nokkuð bratt að. „Það er rétt að ég kom nokkuð óvænt til starfa hjá Félagsbústöðum vegna áður nefndra atburða. Áður en ég kom til starfa hér starfaði ég í átta ár sem bæjarstjóri í Sandgerði og þar áður sem framkvæmdastjóri Rauða Krossins á Íslandi í rúman áratug.“

Sigrún segir verkefni Félagsbústaða vera mjög fjölbreytt og margvísleg en snúa auðvitað öll með einum eða öðrum hætti að húsnæðismálum og umsýslu vegna þeirra. „Verkefni mín eru að sama skapi fjölbreytt. Meðal þeirra verkefna sem ég hef verið að vinna að með samstarfsfólki og stjórn Félagsbústaða er að tryggja hagstætt fjármagn til fasteignakaupa, kaup á nýbyggingum og eldra húsnæði, vinna við stefnumótun í ýmsum málum eins og við innkaup, þjónustu, mannauðsmál og fleira.“ Hún segir hlutverk Félagsbústaða vera samfélagslega mikilvægt enda sé það stærsta leigu- og fasteignafélag landsins.

Metnaðarfull markmið um fjölgun íbúða

Sigrún segir Félagsbústaði og Reykjavíkurborg vera með metnaðarfullar áætlanir um að fjölga íbúðum um allt að 600 talsins til ársins 2023 eða um 125 íbúðir árlega til þess að mæta þörfum einstaklinga og fjölskyldna í borginni sem ekki hafa tök á að leigja á almennum markaði eða eignast eigið húsnæði.

„Stefna borgarinnar er að 5% íbúðarhúsnæðis í borginni á hverjum tíma sé leiguhúsnæði á vegum Félagsbústaða en nú eiga Félagsbústaðir rúm 4,5% íbúðarhúsnæðis í borginni eða um 2.600 íbúðir. Þegar horft er til landsins alls sést að Reykjavíkurborg stendur sig mjög vel í þessum efnum og fleiri sveitarfélög mættu taka borgina sér til fyrirmyndar. Það er veruleg þörf á félagslegu leiguhúsnæði víðar en í höfuðborginni.“

Sigrún segir að við úthlutun lóða á uppbyggingarsvæðum séu ákvæði um að Félagsbústöðum skuli standa til boða að kaupa allt að 5% þeirra íbúða sem byggðar eru. Þessi ákvæði auðvelda verulega alla uppbyggingu á félagslegu leiguhúsnæði í borginni og lýsa vel áherslum borgaryfirvalda á að komið sé til móts við alla tekjuhópa.

Sigrún segir að ýmsu þurfi að huga þegar keyptar eru íbúðir. „Félagsbústaðir eiga í búið í öllum hverfum borgarinnar. Við kaup á íbúðum tökum við mið af stefnu Reykjavíkurborgar um félagslega blöndun íbúa þannig að hlutfall íbúða í eigu Félagsbústaða dreifist



■ Sigrún Árnadóttir, framkvæmdastjóri Félagsbústaða, segir að leiguverð hjá Félagsbústöðum sé að jafnaði 40-65% lægra en á almennum markaði.



■ Við Móaveg 2-12 í Spönginni er verið að byggja sex fjölbýlishús með samtals 155 íbúðum sem ætlaðar eru til útleigu. Af þeim verður 31 íbúð reist fyrir Félagsbústaði en hinar 124 verða í eigu Bjargs.

hlutfallslega jafnt í hverfum borgarinnar. Við íbúðakaup er einnig tekið mið af fjölskyldusamsetningu þeirra sem sótt hafa um húsnæði og bíða eftir úthlutun.“

Leigjendur eru viðskiptavinir Töluverð hreyfing er á leigjendahópnum en samkvæmt nýlegri þjónustukönnun sem gerð var meðal leigjenda fyrir Félagsbústaði kom í ljós að 55% leigjenda líta svo að húsnæðið sem þeir búa í sé þeirra framtíðarhúsnæði. Þó kom fram að leigjendur kvarti yfir seingangi við viðhald og að þeir upplifi fordóma sem leigutakar hjá Félagsbústöðum.

„Það kemur fyrir að í okkar stóra hópi leigjenda komi upp vandamál eins og leki og mygla í íbúðum. Við leitumst við að bregðast við vandamálum af þessum toga um leið og þau koma upp en lagfæringar geta oft tekið nokk-

urn tíma og skiljanlega gætur oft óþolinmæði meðal leigjenda vegna þess rasks sem oft fylgir viðhaldsframkvæmdum. Viðhorf leigjenda eru almennt nokkuð jákvæð og allflestir leigjenda eru ánægðir með sitt húsnæði eins kom fram í áður nefndri þjónustukönnun.“

Sigrún bætir við að áhyggjuefni sé að leigjendur upplifi fordóma í sinn garð sem leigjendur Félagsbústaða. Hún segir það vera mikilvægt verkefni að vinna bug á þessum fordómum með bættari upplýsingagjöf um starfsemi Félagsbústaða auk frekari vinnu við að greina ástæðu þessa.“

Sjálfbær rekstur

Sigrún segir að rekstur Félagsbústaða eigi samkvæmt eigendastefnu að vera sjálfbær. Af þeim sökum eiga útsvarsgreiddendur í Reykjavík ekki að leggja félaginu til fjármuni til rekstrar. Hún bætir við að mikilvægt sé, til að fólk átti sig á mikilvægi Félagsbústaða, að benda á leiguverð hjá Félagsbústöðum. Það sé að jafnaði um 40-65% lægra en á almennum markaði. Meðalleiguverð fyrir tveggja herbergja íbúð hjá Félagsbústöðum er 108 þúsund krónur og meðalleiguverð á þriggja herbergja íbúð er um 133 þúsund kr. á mánuði. „Það sést því vel í því erfða ástandi sem nú ríkir í húsnæðismálum að það er rík þörf fyrir félagslegt húsnæði og frekari fjárfestingar í málaflokknum.“

felagsbustadir.is

Dalvík

Fiskvinnsluhús Samherja tekur á sig mynd




■ Nýtt fiskvinnsluhús Samherja hf. á Dalvík verður rúmlega 9000 fermetrar að stærð og er sem óðast að taka á sig mynd.

Nýtt fiskvinnsluhús Samherja hf. á Dalvík er sem óðast að taka á sig mynd en það rís á norðurgarði Dalvíkurhafnar. Byggingin er rúmlega 9000 fermetrar að stærð, stálgrindarhús sem að hluta til verður

á tveimur hæðum. Byggingarframkvæmdir hófust í lok síðasta sumars en á síðustu vikum hefur stálgrind hússins risið. Aðalverktaki byggingarinnar er Munc á Íslandi.

Gert er ráð fyrir að síðla næsta




■ Þannig mun húsið líta út fullbúið en áætlað er að vinnsla hefjist í byrjun næsta árs í húsinu.

sumars verði húsið sjálft tilbúið og tekur þá við uppsetning tækja og vinnslubúnaðar en í húsinu verður að finna allt það framsæknasta sem finna má í fiskiðnaði í dag. Að stærstum hluta er um að ræða

tæknilausnir og búnað frá innlendum framleiðendum. Reiknað er með að þessi síðasti verkhluti standi yfir til áramóta og að vinnsla hefjist í húsinu í upphafi árs 2020.

Getur þú hugsað þér daglegt líf án rafmagns?



RARIK rekur í dag stærsta dreifikerfi raforku á Íslandi. Frá árinu 1991 hafa loftlínur markvisst vikið fyrir jarðstrengjum sem aukið hefur rekstraröryggi dreifikerfisins og dregið úr sjónrænum áhrifum þess. Nú þegar eru um 59% dreifikerfis RARIK í jarðstrengjum og stefnt er að því að allt kerfið verði komið í jörð árið 2035.

www.rarik.is



TREYSTU Á TRIMBLE

BJÓÐUM HEILDARLAUSNIR FYRIR ÖLL VERK.
HÖNNUN / FRAMKVÆMD / UPPGJÖR





SÍÐUMÚLA 28 / 108 REYKJAVÍK / SÍMI 5105100

 / ISMARICELAND · WWW.ISMAR.IS



...VIÐ MÆLUM MEÐ ÞVÍ BESTA

Umbreytingarferli í Vogabyggð

Nú er hafið eitt mesta umbreytingarferli í sögu eldri byggðar í Reykjavíkurborg þegar tæplega 20 ha atvinnusvæði verður á næstu árum breytt að mestu í íbúðarsvæði en eftir breytingar verður um fjórðungur húsnæðis þar ætlaður atvinnustarfsemi. Um er að ræða svokallaða Vogabyggð sem afmarkast af Sæbraut, Kleppsmýrarvegi, Elliðaárósum og frárein Miklubrautar að Sæbraut. Alls er ráðgerð 1.900 íbúða uppbygging í Vogabyggð til framtíðar og er svæðinu skipt í fjóra uppbyggingarreiti sem eru komnir mislanget í skipulagsferlinu.

323 íbúðir þegar í byggingu

Uppbygging er þegar hafin innst við Elliðaárvog í Vogabyggð II, sem liggur sunnan Kleppsmýrarvegur og austan Sæbrautar. Þar mun rísa blönduð byggð með samtals 776 íbúðum og skrifstofu-, verslunar- og þjónustuhúsnæði á næstu árum. Framkvæmdir eru þegar hafnar á nokkrum lóðum þar sem verða 323 íbúðir.

Við Arkarvog er ÞG Verk að byggja 162 íbúðir fyrir almennan markað. Íbúðirnar verða 2ja til 5 herbergja, á stærðarbilinu 58-190 m² og er áætlað að þær verði tilbúnar til afhendingar árið 2021-2022. Við Skektuvog er ÞG Verk einnig með í byggingu 73 íbúðir, allt frá einstaklingsíbúðum upp í fimm herbergja íbúðir á stærðarbilinu 53-206 m². Framkvæmdir hófust í byrjun sumars 2018. Íbúðirnar fara í sölu á almennum markaði og eiga að vera tilbúnar til afhendingar seinni hluta árs 2020.

Á lóð við Kuggavog, Drómundarvog og Vörputorg er byggingafyrirtækið Sérverk að byggja 2-4 hæða fjölbýlishús með 47 íbúðum. Þær verða seldar á almennum markaði að undanskildum 10 leiguíbúðum. Íbúðirnar verða 2ja til 5 herbergja, á stærðarbilinu 65-130 m² og fylgja stæði í bíslakjallara hluta íbúðanna. Uppsteypu á að ljúka haustið 2019 og áætluð verklok eru í apríl/maí 2020.

Við Trilluvog 1 er byggingafyrirtækið Landris að reisa þriggja til sex hæða fjölbýlishús þar sem verður 41 íbúð á stærðarbilinu 50-160 m², allt frá einstaklings- upp í fimm herbergja íbúðir. Framkvæmdir eru þegar



■ Við Arkarvog er verið að byggja 162 íbúðir fyrir almennan markað á vegum ÞG Verks.



■ Á lóð við Kuggavog, Drómundarvog og Vörputorg er að rísa 2-4 hæða fjölbýlishús með 47 íbúðum.




■ Deiliskipulag liggur fyrir að Vogabyggð I, sem liggur sunnan Kleppsmýrarvegur og austan Dugguvogar.



■ Við Trilluvog 1 eru framkvæmdir komnar vel á veg við byggingu fjölbýlishúss með 41 íbúð. Verklök eru áætluð um mitt ár 2019.



■ Við Skektuvog er PG Verk með í byggingu 73 íbúðir sem verða tilbúnar á næsta ári.



komnar vel á veg og verklök áætluð í sumar. Í framhaldinu verður ráðist í uppsteypu 5 raðhúsa og bílastæðahúss.

350 íbúðir í Vogabyggð I



Næsti reitur Vogabyggðar í framkvæmdaröðinni er svo Vogabyggð I við Gelgjutanga en þar liggur fyrir samþykkt deiliskipulag á svæði sem liggur að sjó sunnan Kleppsmýrarveggar og austan Dugguvogar. Gert er ráð fyrir landfyllingu til austurs á Gelgjutanga og hækkun og aðlögun lands við ströndina. Þarna verða á næstu misserum byggðar allt að 350 íbúðir en alls verður byggingarmagnið þar um 55.000 m² að meðtöldum bíla- og hjólageymslum. Fyrirliggjandi byggingar í dag eru 7.000 m² að flatarmáli og verða þær rifnar til að framfylgja megi skipulaginu.

Reykjavíkurborg gerði á sínum tíma samning við Festi ehf. um uppbyggingu meginhluta Vogabyggðar I á Gelgjutanga og

unnu aðilar um árabíl í nánu samráði að þróun svæðisins. Í sumar seldi Festi byggingaréttinn til félagsins U 14-20 ehf, sem er dótturfélag Kaldalóns bygginga hf. Þá hefur Reykjavíkurborg gert samning við Bjarg, íbúðafélag ASÍ og BSRB, um uppbyggingu á 75 íbúðum á einni lóð á Gelgjutanga. Félagið mun byggja íbúðirnar og eru þær ætlaðar til leigu fyrir tekjulágar fjölskyldur og einstaklinga.

Þess má geta að deiliskipulagsvinna stendur yfir fyrir reitinn Vogabyggð III en hann er sunnar Vogabyggðar II á milli Tranavogs og Súðarvogs. Loks er gert ráð fyrir verulega stækkuðu atvinnusvæði á syðsta reitnum við Knarrarvog sem kallast Vogabyggð IV.

SPRINKLER SYSTEM – VATNSÚÐAKERFI ÞENSLUTENGI



Metraflex
for pipes in motion

Nýjung í þenslutengjum fyrir Sprinkler System

FireLoop-tengin frá Metraflex

- Einstakur hreyfanleiki
- Taka mun minna pláss en fyrri lausnir
- Auðveld í uppsetningu
- Hönnuð fyrir jarðskjálftasvæði
- UL Listed og FM Approved



■ Július Þór Júlíusson, framkvæmdastjóri Hoffells. „Timbrið er þrautreynt byggingarefni um aldir og áhugavert innlegg í baráttuna gegn loftlagsbreytingum.“



■ Cembrit plötur eru viðhaldsfriar og þola vel flestar veðuráðstæður og álag.

Hoffell byggir í Gufunesi

Skandinavísk fjölbýlishús úr timbri

„Við erum með í hönnun og undirbúningi að reisa 69 íbúðir í fjölbýlishúsum sem við hyggjumst reisa á lóð í Gufunesi sem við eigum kost

á. Þar er deiliskipulag enn í vinnslu en við gerum okkur vonir um að hefja framkvæmdir á þessu ári. Þarna er áætlað að reisa 3ja hæða

timburhús með litlum íbúðum og mun verðið á þeim vera hagkvæmt,“ segir Július Þór Júlíusson, framkvæmdastjóri Hoffells í samtali.

Reykjavíkurborg hefur um hríð staðið fyrir verkefni sem gengur út á að stuðla að byggingu hagkvæms húsnæðis fyrir ungt fólk og fyrstu kaupendur. Lagði borgin fram þró-

unarreiti á sjö svæðum í borgarlandinu þar sem byggja mætti allt að 300 íbúðir. Hoffell var eitt þeirra sem lagði fram áhugaverðar hugmyndir um hvernig best væri

Reykjavíkurborg

Ódýrara húsnæði fyrir ungt fólk og fyrstu kaupendur

Reykjavíkurborg samþykkti húsnæðisáætlun sumarið 2017 sem gengur út á hvar eigi að byggja, hvernig íbúðir eigi að byggja og fyrir hverja. Á meðal þeirra sem litið er til í þessu verkefni er ungt fólk og fyrstu kaupendur og á næstu misserum verða byggðar á milli 500 til 700 íbúðir á nokkrum stöðum í borginni með þennan hóp í huga. „Í þessari húsnæðisáætlun eru markmið um bæði hvar einkaaðilar munu byggja, hvar húsnæðisfélögin okkar byggja, stúdentar, aldraðir og fleiri,“ segir Óli Örn Eiríksson, deildarstjóri atvinnuþróunar hjá Reykjavíkurborg.

„Við vinnslu stefunnar kom í ljós að það er hópur af ungu fólki sem komst ekki inn á húsnæðismarkaðinn á sínum tíma og var þínulítið skilinn eftir og sem situr núna fastur í foreldrahúsum eða leiguhúsnæði og vantar að komast í eigin íbúðir. Því var því verkefni komið af stað að búa í rauninni til nýjan íbúðaflokk fyrir þetta unga fólk og fyrstu kaupendur. Það var skipaður starfshópur á vegum borgarinnar vegna þessa og settum við niður sjö svæði – bæði land sem borgin hefur fengið nýverið í samningum við ríkið eins og við



■ Óli Örn Eiríksson, deildarstjóri atvinnuþróunar hjá Reykjavíkurborg.

Veðurstofuhæð, við Sjómannaskólan og í Skerjafirði og svo líka á þróunarsvæðum sem borgin sjálf er með eins og í Gufunesi.“ Þá er einnig um að ræða Bryggjuhverfi, Úlfarsárdal og Kjalarnes.

Frá 40 upp í 80 m²

Óli Örn segir að vorið 2018 hafi borgin auglýst eftir samstarfsaðilum til að byggja hagkvæmt húsnæði á þessum svæðum. „Við fengum fullt af umsóknum og unnum úr þeim, gáfum þeim stig sam-

kvæmt matsbláði sem var gefið út fyrir fram og erum núna byrjuð að tala við níu teymi um að byggja á þessum svæðum. Teymin eru mjög fjölbreytt en þetta er allt frá litlum frumkvöðlafyrirtækjum upp í stór og öflug fyrirtæki. Flest þeirra stefna að því að flytja inn forsmiðaðar einingar og síðan er alls konar hugmyndafræði í kringum það hvernig þeir byggja þá mögulega samfélag þar í kring. Við stefnum á að leggja á næstu vikum fram lóðavilyrði við þessa aðila og í kjölfarið



■ Í nýju hverfi í Skerjafirði er ætlunin að byggja ódýrt húsnæði fyrir ungt fólk.

væri farið í að breyta deiliskipulagi á þessum svæðum en flestir hafa kallað eftir einhverjum breytingum. Við sjáum fyrir okkur að farið verði að byggja þessi fjölbýlishús á næstu tveimur árum og verða þetta á milli 500 og 700 íbúðir sem verða frá um 40 fermetrum og upp í kannski 80 fermetra.“


Íbúðir fyrir ungt fólk

Markmið borgarinnar eru að íbúðirnar séu hagkvæmar, forgangur í íbúðir verði ungt fólk á aldrin-

um 18-40 ára, Félagsbústaðir hafi kauprétt á 5% íbúða, kvaðir verði á endursölu íbúða – helst forgangur hjá 18-40 ára, kvaðir um að hækkan íbúðaverðs fari ekki umfram almenna hækkan í hverfunum, langtímaleigusamningar verði hjá leigufélögum, leiguverð verði ekki hækkað nema með samþykki borgarinnar og að lóðarvilyrði gangi til baka ef framkvæmdir eru ekki hafnar 12 mánuðum eftir samþykkt þess eða samþykkt deiliskipulags.

Kostir húsanna frá Hoffelli

- Byggingarefni er timbur, stál og límtré
- Burðarvirki úr veggstöðum, gólf- og þakbitum
- Allt efni kemur forsniðið og merkt
- Loftræstikerfi í íbúðum
- Meiri byggingarhraði – minni sóun á efni
- Minni flutningskostnaður
- Takmörkuð gengisáhætta
- Ytra byrði úr viðhaldslitlum klæðningum
- Gluggar eru ál-tré gluggar frá í Noregi
- Húsin standast allar kröfur byggingareglugerðar
- Hagkvæm byggiungaraðferð – ódýrari hýbýli



■ Hér má sjá drög að skipulagi á lóðinni í Gufunesi. Húsin verða byggð í áföngum eftir því sem eftirspurn segir til um.

Mynd: Teiknistofa arkitekta.

aðferð kemur ekki niður á gæðunum, öðru nær. Skandinavarnar eru mjög kröfuharðir kunnar og vilja nútímaleg hús og íbúðir og gera ákveðnar kröfur um hönnun og gæði. Þeir búa margir í húsum af þessu tagi, þ.e.a.s. byggingum sem hafa verið raðsmíðaðar með einhverjum hætti og áhersla lögð á hagkvæmar byggingaraðferðir til að halda kostnaði niðri. Það er einmitt þetta sem við ætlum að gera en gæðin verða alltaf í fyrirrúmi. Það er lykilatriði enda myndi ekki þýða að bjóða Íslendingum upp á neitt annað. Byggingarferlið er fyrirsjáanlegt og allar lausnir og þéttningar eru staðlaðar. Byggingarefnið er létt og því ekki þörf á miklum hífingum og krönum allt byggingarferlið. Það er skemmtilegt að byggja þessi hús og margir íslenskir smíðir þekkja þessi kerfi frá vinnu í Noregi.“

hoffell.is

að standa að verki og hefur í framhaldinu hafið viðræður við Reykjavíkurborg um vilyrði fyrir lóð í nýju íbúðahverfi í Gufunesi sem þar mun rísa á næstu árum.

Byggingarkerfi með reynslu

„Lausn okkar er margreynd frá Skandinavíu en við munum nota byggingakerfi úr timbri, stáli og límtré en allt efni kemur tilsniðið í gámum til landsins. Aðferðin er vel þekkt þar ytra, m.a. í Noregi þar sem ég starfaði sem verkfræðingur í nokkur ár og þekki þessa aðferð vel. Timbrið er líka að koma æ sterkar inn enda þrautreynt byggingarefni um aldir og auðvitað afar áhugavert í umræðu dagsins um aukna sjálfbærni og baráttuna gegn loftlagsbreytingum,“ segir Júlíus.

Að sögn Júlíusar vinnur hann náið með arkitektum bæði úti í Noregi og hér heima. „Samstarfsaðili okkar ytra er arkitektastofan Urbanhus en sú stofa hefur hannað hús sem risið hafa vítt og breytt um Noreg. Í verkefniunu í Gufunesi vinnum við einnig með Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjóns og félagi og Eflu verkfræðistofu og liggur frumhönnun húsanna fyrir. Reiknað er með að húsin á lóðinni í Gufunesi verði á þremur hæðum og að íbúðir verði 37, 51 og 75 m² að grunnfleti. Þegar hönnun verður lokið munum við lýsa eftir kaupendum áður en hafist verður handa og stefnum á að vera búin að selja hluta eða allar íbúðirnar fyrirfram. Síðan verður haldið áfram af fullum krafti í samræmi við áhuga kaupenda og eftirspurn.“

Gæðin alltaf í fyrirrúmi

Íbúðirnar sem Hoffell hyggst byggja verða eins til þriggja herbergja en við hönnun húsanna er gert ráð fyrir ákveðnum sveigjanleika innan hverrar íbúðar. „Þegar um timburhús er að ræða er auðveldara að taka niður veggji eða setja upp nýja og þannig er auðvelt að breyta herbergjaskipan í samræmi við óskir íbúúa á hverjum tíma. Þetta gefur íbúunum möguleika á að búa þar lengur, þess vegna alla ævina ef því er að skipta. Við leggjum mikið upp úr útliti húsanna en að utanverðu verða þau væntanlega klædd að hluta til með Cembrit plötum sem eru einstaklega þunnar og léttar trefjaselementsplötur og timburklæðningum sem hafa verið lengi í þróun í Noregi og hafa allt að 50 ára ábyrgð.“

Við spyrjum Júlíus nánar út í gæðastadalinum sem þessi hús vera byggð eftir. „Þessi skandinavíska

3M | PELTOR™

3M™ PELTOR™ WS™ ALERT™ XPI

TENGDU 2 SÍMA VIÐ HEYRNARHLÍFINA

Heyrnarhlíf með Bluetooth® MultiPoint. Samskiptamöguleiki við 2 síma, FM útvarpi og umhverfishljóðnema. Þú getur hlustað á tónlist og tekið við símtölum í mjög hávaðasömu umhverfi þar sem míkrafónnin í heyrnarhlífin útilokar allan umhverfishávaða.

Bygging námsmannaíbúða

Um 1.300 íbúðir í farvatninu

Áform liggja fyrir um umfangsmikla uppbyggingu námsmannaíbúða á næstu árum með samstarfi Reykjavíkurborgar við m.a. Háskóla Íslands og Félagsstofnun stúdenta, Háskólann í Reykjavík og Byggingafélag námsmanna. Framkvæmdir eru þegar hafnar við hundruð íbúða fyrir námsmenn en á næstu árum má gera ráð fyrir að yfir 1.300 íbúðir muni bætast við vött og breytt um borgina.

244 íbúðir í Visindagörðum HÍ

Framkvæmdir við 244 leiguíbúðir Félagsstofnunar stúdenta á horni Eggertsgötu og Sæmundargötu í Vatnsmýrinni ganga vel og eru verklok áætluð í ársbyrjun 2020. Á þessum reit verður sambland einstaklings- og paraíbúða en einnig klasaíbúðir þar sem nemendur hafa sérherbergi en deila eldhúsi og annarri sameiginlegri aðstöðu. Einstaklings- og paraíbúðirnar í Visindagörðum verða 28-42 m² að flatarmáli en klasaíbúðirnar verða að jafnaði um 17-18 m² auk hlutdeildar í sameiginlegri aðstöðu.

Nýi stúdentagarðurinn í Vatnsmýrinni verður myndarleg bygging, 4-5 hæðir auk bílastæðakjallara. Jarðvegsframkvæmdir hófust sumarið 2017 og verða íbúðirnar tilbúnar til útleigu í janúar 2020. Mun þá saxast verulega á bíðlista eftir slíkum íbúðum.

Allt að 390 íbúðir við Nauthólsveg

Síðastliðið haust var tekin skóflustunga að háskólagörðum HR við Nauthólsveg, gegnt gamla flugturninum, og eru framkvæmdir þar í fullum gangi við fyrsta áfanga en í honum verða 125 námsmannaíbúðir. Háskólinn í Reykjavík er með heimild til að byggja allt að 390 íbúðir á fjórum byggingareitum á þessu svæði auk þjónustukjarna. Byggingarnar verða 4-5 hæðir og verða fyrstu íbúðirnar væntanlega tilbúnar fyrir skólaárið 2020. Þær eru á stærðarbilinu 25-

90 m² og eiga að mæta fjölbreyttum þörfum nemenda, jafnt einstaklinga, para og fjölskyldna.

Fjöldi annarra byggingareita Samþykkt deiliskipulag vegna byggingar 160 íbúða liggur fyrir á svokallaðri KHÍ-lóð við Stakkahlíð. Þar hefur Byggingafélag námsmanna fengið úthlutað tveimur lóðum fyrir 100 nemendaíbúðir en einnig verða á þessu svæði 50-60 íbúðir fyrir eldri borgara. Meðalstærð íbúða verður um 70 m².

Námsmannaíbúðir munu svo á næstu misserum rísa víðar en á þessum þremur svæðum. Þannig er gert ráð fyrir 34 íbúðum við Vesturbugt, 60 íbúðum í nýbyggingum við Gamla Garð, 50 íbúðum á Sjómannaskólareit, 110 íbúðum við Suðurgötu, 52 íbúðum í Grafarholti og 50-100 íbúðum í Bryggjuhverfi III. Loks er gert ráð fyrir allt að 220 íbúðum á ýmsum þættingarreitum í borginni.



■ Bygging er hafin á 125 námsmannaíbúðum HR við Nauthólsveg. Fyrstu íbúðir verða teknar í notkun á næsta ári.



■ Nýr stúdentgarður er í byggingu á horni Eggertsgötu og Sæmundargötu í Vatnsmýrinni. Þar verða samtals 244 íbúðir og er meðalstærðin um 30 m².



■ Byggingafélag námsmanna hefur fengið úthlutað tveimur lóðum fyrir 100 nemendaíbúðir á reit KHÍ við Stakkahlíð.

Hvammshólar ehf.


Þjóða allt að 99% hreinsun á skólpi

Fjölskyldufyrirtækið Hvammshólar ehf. sérhæfir sig í hreinsun á skólpi og býður lausnir á þessu sviði fyrir ólíka viðskiptavinum. Hreinsistöðvar fyrirtækisins skila allt að 99% hreinsun þar sem tekið er á hreinsun á köfnunarefnum, fosfór og kóligerlum en fyrirtækið býður þrjár mismunandi lausnir til skólphreinsunar eftir stærð og umfangi þeirra frárennsliskerfa sem um er að ræða.

Eigandi Hvammshóla ehf. er Sigurður Viggó Halldórsson pípu-lagningarmeistari en hann hefur sérhæft sig í uppsetningu skólphreinsistöðva og ólíkum aðferðum við hreinsun á skólpi síðastliðin 15 ár. Árið 2013 hófst náð samstarf

með þýska fyrirtækinu Graf sem er leiðandi á þessu sviði og hefur framleitt skólptanka í yfir 50 ár. Þýska fyrirtækið styrkti sig enn frekar á þessu sviði árið 2014 með kaupum á fyrirtækinu Klaro sem framleiðir hreinsibúnað í tankana og því er um heildstæðar lausnir í hreinsun skólps að ræða.

Hvammshólar hafa selt lausnir sínar fyrir t.d. fyrir hótél, íbúðarbyggðir, sumarhús og heilsárskúls og eru notendur í Mývatnssveit, á Þingvöllum, í Eyjafirði, á Hornafirði og Öndverðarnesi, svo nokkrir staðir séu nefndir sem dæmi.



■ Graf One2clean hreinsistöð fyrir 5-50 íbúa.

Ásamt því að selja hreinsistöðvar, bjóða Hvammshólar einnig upp á eftirlit og viðhald, mælingar og eftirlit með gæðum hreinsunar.

Allt að 99% hreinsun

Í boði eru þrjár skólphreinsunarlausnir frá Hvammshólum. Ódýrust og einföldust er Graf ANAEROBIX rotþró með síu fyrir allt að 600 íbúa. Hún hentar notendum sem vilja ódýra lausn en mikla hreinsun. Um er að ræða hreinsivirki sem hægt er að bæta við og stækka ef á þarf að halda vegna fjölgunar íbúa/notenda. Minnstu einingarnar eru einn tankur en þegar um fleiri notendur er að ræða eru tankarnir radtengdir sem seyrutankar, svifagnatankar og síutankar. Sían er staðsett við útrennslíð. Hún er samsett af mörgum plastkubbum með stórum fleti sem grípa svifagnir sem eru á leiðinni út. Þessi aðferð skilar yfir 90% hreinsun. Hægt er að auka hreinsigetu ANAEROBIX með eftirhreinsun í siturgöngum t.d.úr rauðamöl eða vikri.

Í næsta flokki er Graf One2clean hreinsistöð fyrir 5-50 íbúa og hreinsar hún með lífrænum hætti

allt að 99%. Um er að ræða eitt tankhólf þar þar sem hreinsun fer fram tvisvar á sólarhring og hentar lausnir vel á þeim svæðum þar sem gerð er rík krafa um mikla hreinsun. Hægt er að bæta við búnaði sem viðheldur réttu rotnunarhitastigi í tanki allan ársins hring, þ.e. 10-12°C.

Stærsta lausnir fyrir allt að 750 íbúa

Fullkomnasta hreinsilausnir er Graf Klaro XXL skólphreinsikerfi fyrir 50-750 íbúa sem er góður kostur þar sem vatnsstaða er mjög há, t.d. á viðkvæmum vatnsverndarsvæðum þar sem talin er þörf á meiri umhverfisvernd vegna viðkvæmrar náttúru eða dýralífs. Graf Klaro XXL skilar allt að 99% hreinsun og fer hreinsunin fram með lífrænum hætti.

Í aðalatriðum vinnur stöðin í tveim hólfum og skrefum. Fyrst er geymsla á óhreinsuðu skólpi í seyrhólfi og þar á eftir hreinsun á skólpi í lokuðu hreinsihólfi. Hreinsun fer fram fjórum sinnum á sólarhring. Ýmis aukabúnaður fæst frá Graf sem hægt er að „þrjóna“ við lausnina. Má þar telja búnað til lækkunar köfnunarefnis, til aukinnar fosfórhreinsunar og/ eða til að fækka gerlum í hreinsuðu frárennslí við útdælingu með UV geislun. Einnig fæst fjarstýrður eftirlitsbúnaður sem gefur upplýsingar um bilanir og stöðu, auk þess sem hægt er að bilanagreina og gera við með fjarrænum hætti.



■ ANAEROBIX skólphreinsilausn frá Hvammshólum ehf. er hægt að útfæra fyrir allt að 600 íbúa. “

KOPARÁL

SINK

BÁRUPLAST



METAL

Suðurhrauni 12b - 210 Garðabæ | 545 4600 | Fax 545 4601 | metal@metal.is

Húsasmiðjan


Fagmenn og fyrirtæki versla á sínum kjörum í vefverslun husa.is

„Það er komin góð reynsla á vefverslunina okkar en þar eykst úrvalið dag frá degi. Nú höfum við opnað fyrir reikningsviðskipti fagmanna og fyrirtækja í vefversluninni svo og fyrir þá sem standa í stærri framkvæmdum. Þar njóta þeir allra þeirra afsláttarkjara sem þeir hafa samið um í Húsasmiðjunni og geta strax séð „sín verð“ þegar þeir fletta upp vörum á vefnum. Viðtökur hafa verið góðar en viðskipti í vefversluninni okkar hafa aukist mikið á milli ára,“ segir Magnús Magnússon, markaðs- stjórnari Húsasmiðjunnar.

Mun auðveldara að versla
Að sögn Magnúsar hefur Húsasmiðjan í tvígang fengið tilnefningar sem vefverslun ársins af Samtökum vefiðnaðarins og njóti vefurinn sívaxandi vinsælda, bæði hjá almenningi en ekki síður fagfólki og fyrirtækjum í byggingariðnaðinum. Hann segir að Húsasmiðjan geri ráð fyrir að viðskipti fagmanna muni aukast verulega í gegnum vefinn á næstu árum. „Já, það eru alltaf fleiri og fleiri sem átta sig á því hvað husa.is er frábær vefur. Með því að fagmenn geta fengið öll sín afsláttarkjör í vefversluninni sjáum við að æ fleiri nýta sér þá þjónustu og panta vörur í gegnum vefinn og spara þannig tíma og fyr-



■ Magnús Magnússon, markaðs- stjórnari Húsasmiðjunnar. „Við sjáum viðskipti iðnaðarmanna og verktakafyrirtækja fara vaxandi í vefverslun husa.is og þar njóta þeir allra sinna afsláttarkjara.“



■ Í vefverslun finnurðu vöruna einfaldlega á vefnum og pantar með símanum!

irhöfn. Hann bætir því við að þótt ekki sé ennþá boðið upp á að kaupa timbur og aðra grófvöru í vefversluninni þá stefni fyrirtækið á að bjóða einnig upp á slíka þjónustu á næstunni.

„Við hvetjum alla iðnaðarmenn til að kynna sér vel vefverslun Húsasmiðjunnar á husa.is, þar sem við bætum við vörum í hverri viku við vöruúrvalið. Við stefnum á að gera husa.is að einni stærstu vefverslun landsins,“ segir Magnús.

Frábær þjónustuvefur

Magnús segir að þjónustuvefur Húsasmiðjunnar hafi vakið mikla athygli enda sé auðvelt að nálgast þar allar upplýsingar um viðskipti við Húsasmiðjuna á einum stað.

„Þetta er auðvitað frábær vefur fyrir þá viðskiptavini okkar sem eru í reikningsviðskiptum, ekki síst iðnaðarmenn og fyrirtæki sem eru að taka út vörur á mörg mismunandi verkefni. Þarna geta þeir nálgast allar upplýsingar um verð á vörum, hvaða úttektir eru skráðar á einstök verk og haft þannig greinargott yfirlit yfir hlutina þegar reikningar eru sendir út eða verk gerð upp. Þetta sparar mönnum gríðarlegan tíma í öllu utanumhaldi eins og segir sig sjálf.“

Sumarið 2017 var þjónusta við byggingariðnaðinn aukin til muna þegar Fagmannaverslun Húsasmiðjunnar opnaði í Kjalarvogi ásamt timbursölu sem er sérniðin að þörfum fagmannsins og fólks í stærri framkvæmdum. „Í Fagmannaverslun Húsasmiðjunnar geta allir komið og verslað og þar eru sölumenn og ráðgjafar fyrir timbur, glugga, útihurdir, málningu, múrvörur og alla helstu grófvöru sem byggingariðnaðurinn þarfnast. Þarna fá menn nauðsynlega ráðgjöf í uppbot og svo auðvitað tilboð í stærri verk. Í Fagmannaverslun er að finna vöruúrval sem er sérniðað að þörfum byggingariðnaðarins, m.a. úrval verkfæra frá m.a. Dewalt, Hikoki, Makita, Festool og Fein svo einhver séu nefnd,“ segir Magnús í Húsasmiðjunni.

husa.is

Þar sem tvær lagnir koma saman þar ætti að vera brunnur

Byggingarreglugerðir krefjast þess að brunnar séu settir við allar nýbyggingar enda er mikið öryggi og kostnaðarhagkvæmni fólgin í að hafa aðgang að lögnum utanhúss vegna eftirlits og viðhalds.

Sæplast framleiðir brunna til fráveitulagna úr polyethylene-efni (PE).

Í Sæplast-vörulínunni er fjölbreytt úrval brunna til að mæta mismunandi notkunarkröfum.

Brunnarnir eru fánlegir í þremur þvermálsstærðum: 400 mm, 600 mm og 1000 mm.

ATH. Hægt er að fá upphækkanir á alla brunna.

Fást í byggingavöruverslunum um land allt.

Sæplast ráðleggur að ætíð sé leitað til fagaðila um niðursetningu á brunnum.



RPC

sæplast

HLUTI AF RPC GROUP

Ísland fullkomið til orkuskipta í samgöngum

„Orkuskiptin eru vissulega hið besta mál í sjálfu sér út frá hagsmunum náttúrunnar en í þeim felast einnig margvísleg tækifæri fyrir fyrirtæki á ýmsum öðrum sviðum. Hjá VERKÍS starfar fjöldi sérfræðinga með mikla reynslu í farteskinu sem þeir eru tilbúnir að miðla fyrirtækjum, stofnunum og sveitarfélögum. Þjónusta VERKÍS á þessu sviði er mjög breið, allt frá hagkvæmnirannsókn til framkvæmdar,“ segir Bjarni Freyr Guðmundsson, rafmagnsverkfræðingur og sérfræðingur í viðskiptaþróun hjá VERKÍS.

Bjarni Freyr hefur um sjö ára skeið starfað sem tæknistjóri erlendis í alþjóðlegu þróunarstarfi á sviði rafmagnsfarartækja en síðasta árið hefur hann starfað hjá VERKÍS við greiningar og viðskiptaþróun. Stór hluti af starfi Bjarna Freys var að fylgjast með markaðnum og þeirri hröðu tæknipróun sem hefur orðið á þessu sviði síðustu árin. Hann hefur haldið erindi á ráðstefnum víða um heim um m.a. framleiðslu á rafhlöðum í farartækki, um markaðspróun og öryggi og fylgst vel með viðbrögðum markaðarins við nýjum orkugjöfum.

Bylting fremur en þróun

„Í raun má segja að þegar kemur að orkuskiptum í samgöngum þá sé allt á fleygiferð og að í stað þróunar megi frekar tala um byltingu það sem af er þessari öld. Menn eru auðvitað að skoða fjölmarga orkukosti til að þróa í stað jarðefnaeldsneytis en hvað samgöngurnar varðar er mest horft til rafmagns, vetnis og metans. Allt eru



■ Bjarni Freyr Guðmundsson, rafmagnsverkfræðingur hjá VERKÍS. „Það er vel skiljanlegt að fyrirtæki vilji stíga varlega í átt að breytingum sem geta reynst kostnaðarsamar í byrjun þó svo að hagkvæmnin sé augljós þegar til lengri tíma er litið.“

”

Það er mikilvægt að stjórnvöld haldi áfram að styðja við orkuskipti og aðstoði við þessi fyrstu skref því það er ekki einungis hagur rekstrar- aðilla heldur eru talsverðir almannahagsmunir í húfi.

þetta vænlegir kostir og svo skemmtilega vill til að þetta er orka sem auðvelt er að framleiða og markaðssetja hér á landi. Ísland er fullkomið til þessara orkuskipta.“

Bjarni Freyr bendir á að hér á landi sé gnægð endurnýjanlegrar og ódýrrar raforku, hér sé hitastig mjög ákjósanlegt fyrir rafbíla og þjóðin geti sparað gríðarlega fjármuni í gjaldeyri með því að skipta yfir í innlenda orku í samgöngum. „Við höfum áður verið í fararbroddi þjóða þegar kom að orkuskiptum, t.d. þegar við höfum að nýta jarðhitann til upphitunar húsa. Hvað samgöngurnar varðar erum við hins vegar eftirbátar sumra nágrannaþjóða, t.d. Noregs, og getum mikið af þeim lært. Ég myndi vilja sjá Ísland taka fram úr nágrannaþjóðunum á þessu sviði. Okkar bílafloki er tiltölulega smár

og vegalengdir í þéttbýli stuttar. Innviðaupbygging, t.d. varðandi hleðslustöðvar eða gasleiðslur ætti því að vera vel viðráðanleg. Mikilvægi orkuskiptanna liggur ekki síst í örygginu sem við öðlumst með því að vera sjálfum okkur næg um orku, t.d. ef stríðsátök eða stórfelld efnahagskreppa kemur upp.“

Skapar enn fleiri tækifæri

Umræðan um hlýnun jarðar af völdum gróðurhúsalofttegunda hefur með öðru leitt til stóraukins áhuga almennings, einkum á Vesturlöndum, til að skipta yfir í bíla með sjálfbærari orkugjafa. Bjarni Freyr segir að þetta hafi skapað fjölmörg tækifæri á öðrum mörkuðum.

„Allar nýjungar í tæknipróun eru drifnar áfram af markaðslögmálunum. Þetta sjáum við vel á

því að þegar markaðurinn fyrir rafbíla hóf að taka við sér jókst hraðinn í þróun rafhlöðna sem gerði það að verkum að þær urðu sífellt ódýrari en gátu jafnframt tryggt meiri drægni. Á síðustu 10 árum hefur hvert kWh í rafhlöðu lækkað í verði úr 1000 dollurum niður í um 200 dollara. Því er spáð að með tilkomu nýrra verksmíðja, sem verið er að reisa víða um lönd, muni verðið lækka enn frekar og fara fljótlega undir 100 dollara. Þannig hefur velgengni rafefnaeldsneytisins dregið vagninn sem um leið skapar stórkostleg tækifæri til að nýta tæknina á öðrum sviðum samgangna.“

verkis.is

Álpakrennur & niðurföll

Brotna ekki

Ryðga ekki

Litir á lager:
Svart, hvítt, ólitað, rautt
silfurgrátt og dökkgrátt

HAGBLIKK

KATO ER KOMINN

KATO IMER

THINK GLOBAL, ACT LOCAL

Ásafl ehf. er nýr og stoltur
umboðsaðili Kato á Íslandi

Kato 27V4

Þyngd: 2710kg með húsi
Vél: Shibaura 13,6KW
Gúmmibelti: Bridgestone
1300mm dipper (long arm)
Ýtublað 1550mm x 380mm
Hraðtengi (handvirkt)
3x Skóflur

Kato 19VXT

Þyngd: 1.905kg
Vél: Yanmar 3TNV70 10,5KW
Gúmmibelti: Bridgestone
Breikkanlegur undirvagn og ýtublað
Dipper armur 1200mm
Hraðtengi (handvirkt)
3x skóflur

Fyrstu Kato vélarnar voru að renna í hlað.
Komdu við og skoðaðu.
Við tökum vel á móti þér.

Við verðum á:

bauma
APRIL 8-14, 2019 MUNICH

Ásafl ehf.
Hjallahrauni 2 220 Hafnarfirði
Sími: 562 3833
Opíð 8:30 - 17 virka daga
asafl@asafl.is

ÁSAFL
asafl.is

Ný hreinistöð fráveitu skilar hreinni strandlengju

Grafið fyrir nýrri hitaveitulögn til Hjalteyrar

Um það bil helmingur af því fé sem Akureyrarbær mun verja til framkvæmda af ýmsu tagi á árinu, er eyrnamerkur verkefnum á vegum orku- og veitufyrirtækisins Norðurorku, sem hefur það meginhlutverk að tryggja heimilum á þjónustuvæði sínu aðgang að neysluvatni, heitu vatni, raforku og fráveitu. Á vegum Norðurorku var hafist handa við tvö umfangsmikil verkefni á liðnu vori og segir Helgi Jóhannesson forstjóri að haldið verði áfram af fullum krafti með þau bæði. Annars vegar er um að ræða byggingu hreinsistöðvar fyrir fráveitu í Sandgerðisbót og hins vegar er unnið að því að leggja nýja hitaveitulögn frá Akureyri og út á Hjalteyri.

Hrein strandlengja með nýrri hreinsistöð

Hreinsistöðin er staðsett á grjótvarinni landfyllingu nyrst í Sandgerð-

isbótinni, smábátahöfn Akureyringa. Helgi segir að stefnt sé að því taka hana í gagnið sumarið 2020. Með tilkomu hennar verður allt skólp í bænum grófhreinsaði því veitt um 400 metra frá landi og á 40 metra dýpi þar sem það dreifist. Strandlengjan við bæinn verður þar með hrein. Heildarkostnaður við verkefnið er um einn milljarður og dreifist á þrjú til fjögur ár, en inni í þeirri tölu er allur pakkinn; bygging stöðvarinnar, vélbúnaður og gerð útrásar. Á þessu ári verður um 300 milljónum króna varið í þetta verkefni.

„Þegar við tökum hreinsistöðin í notkun sumarið 2020 náum við þeim langþráða áfanga að mengun við strandlengjuna á Akureyri verður innan þeirra marka sem skilgreind er í reglugerð um fráveitur og skólp en um fyrsta stigs hreinsistöð er að ræða sem grófhreinsar allt sem um fráveituna fer. Hreinsistöðin er lokaáfangi heilmikils verkefnis sem snýst um að hreinsa allt fráveituvatn sem í nið-



■ Helgi Jóhannesson, forstjóri Norðurorku, fylgist með byggingaframkvæmdum við nýja hreinsistöð í Sandgerðisbót.

Ertu að taka til í ...



... garðinum

... geymslunni



Komdu spilliefnunum og raftækjunum á söfnunarstöðina næst þér ...

... á vinnustaðnum




... við sjáum um framhaldið!

... í bílskúrnum



Efnamóttakan hf
Spillum ekki framtíðinni



■ Mengun við strandlengjuna á Akureyri verður innan þeirra marka sem skilgreind er í reglugerð um fráveitur og skólp eftir að nýja hreinistöðin verður tekin í gagn. ■

urföllin fer. Þar með næst stór áfangi í fráveitumálum Akureyringa, en ástand sjávar verður vakt- að með mælingum með reglulegu millibili,“ segir Helgi.

Hjalteyrarlögn í fjórum áföngum

Hitt stóra verkefnið sem Norðurorka vinnur að snýst um að leggja hitaveitulögn, svonefnda Hjalteyrarlögn, á milli Akureyrar og Hjalteyrar í Hörgársveit. Helgi segir að hitaveitukerfi bæjarins hafi upphaflega verið hannað með það í huga að aðveitulagnir kæmu sunnan úr Eyjafjarðarsveit, en árangurslausar boranir eftir heitu vatni við Botn fyrir fáum árum skiludu ekki árangri. Var í kjölfarið ákveðið að afla vatns fyrir veituna á svæðinu við Hjalteyri til að mæta sfaukinni þörf fyrir heitt vatn, en orkuþörf hitaveitunnar hefur nær tvöfaldast frá árinu 2000. Um 60% af hitaveituvatni kemur þegar af því svæði.

Helgi segir rannsóknir benda til að svæðið þar geti staðið undir meiri vinnslu en þar er, en flutningsgeta aðveitunnar stendur í vegi fyrir nýtingu vinnslusvæðisins. Unnið er að því að ráða á því bót með þeim viðamiklu framkvæmdum sem Norðurorka stendur í þessi árin. Verkefnið sé það stórt í sniðum að því er skipt niður í fjóra áfanga.

Kostnaður við það nemur rúmum 2,5 milljörðum í heild og inniheldur, aðveitulögn, borun, dælu- búnað, dæluhús, loftskilju auk afleiðuverka í aðveitukerfinu á Akureyri. Verkefnahluti þessa árs er áætlaður um 620 milljónir króna. Framkvæmdir við nýju lögnina hófust í fyrrasumar og var þá hafist handa við dælustöð Norðurorku við Glerártorg og grafið áfram út fyrir Hlíðarbraut. Í sumar verður þráðurinn tekinn upp og haldið áfram að grafa fyrir lögninni milli Hjalteyrar og Hörgár. Að auki verða lagðar lagnir innanbæjar á Akureyri, frá Glerárgötu upp Þór- unnarstræti að Þingvallastræti.



■ Haldið verður áfram að leggja Hjalteyrarlögn í sumar, hitaveit- lögn milli Akureyrar og Hjalteyrar í Hörgársveit. Þessi mynd var tekin þegar framkvæmdir stóðu sem hæst í fyrrasumar.

Lagnir lagðar í nýjum hverfum

Norðurorka vinnur að auki áfram

að lagningu lagnakerfis í nýju Hagahverfi á Akureyri. „Við erum nú að vinna við síðasta verkáfang-

ann í þeirri framkvæmd og gerum ráð fyrir að kostnaður nemi um 126 milljónum króna í ár, líkt og

verið hefur undanfarin tvö ár. Með verklokum í haust lýkur viðamiklu verkefni sem svarar þörf fyrir ný- byggingar á Akureyri næstu árin,“ segir Helgi.



Þá má nefna að Norðurorka hefur tekið við fráveitumálum á Lónsbakka í Hörgársveit, skammt norðan Akureyrar. Það hverfi verður stækkað til muna nú á komandi árum, en framkvæmdir við gatna- gerð að nýju íbúðasvæði á Lónsbakka hófust nýverið. Til stendur að þar rísi um 100 nýjar íbúðir og verða lóðir fyrir um helming þeirra byggingarhæfar í vor. Samhliða gatnagerð í hverfinu mun Norðurorka leggja fráveitulagnir og tengja svæðið við fráveitukerfi Akureyringa með nýrri dælustöð. Helgi segir að framkvæmdir á Lónsbakkasvæðinu kosti um það bil 100 milljónir króna í ár.

WENCON verndandi viðgerðarefni - Lengir líftímann

Neyðar- eða skammtímalausnir

Viðgerðir og viðhald um borð

Lausnir fyrir verkstæði eða slipp




Erum fluttir og höfum opnað á Vesturhrauni 1, Garðabæ.

Þjóðum viðskiptavini velkomna á nýja staðinn.

FRAMTAK
BLOSSI ehf

Vesturhrauni 1 - 210 Garðabæ
www.blossi.is - blossi@blossi.is



Allt mögulegt fyrir öryggið

Við sérhæfum okkur í öryggisbúnaði svo sem heyrnarhlífum og samskiptabúnaði, fallvörnum, hjálum, vinnu- og öryggisfatnaði ásamt svo miklu, miklu fleira.

Hafðu samband.

Við veitum þér faglega aðstoð.



65 1954-2019
DYNJANDI

allt fyrir öryggið

Skeifunni 3h | Sími: 588 5080 | dynjandi.is

Hringbrautarverkefnið komið á fullan skrið

Þjóðarsjúkrahús rís af grunnni



■ Meðferðarkjarninn mun rísa sunnan aðalbyggingar Landspítala án þess að skyggja á hina formfögru byggingu Guðjóns Samúelssonar. Torgið við bygginguna mun nefnast Sóleyjartorg.



Tölvumyndir: CORPUS-hópurinn.

Framkvæmdir við nýjan Landspítala við Hringbraut eru komnar á góðan skrið en um er að ræða eitt mesta áttak sem Íslendingar hafa ráðist í varðandi uppbyggingu heilbrigðiskerfisins. Vissulega hefur verið deilt um hvar hafi átt að byggja nýtt þjóðarsjúkrahús en nú eru þær deilur að baki enda framkvæmdir í góðum gangi.


Spítali í 100 húsum

Landspítalinn starfar í dag á sautján stöðum í um 100 húsum víðs vegar um borgina. Óhagræði af slíku fyrirkomulagi er augljóst en það er dýrt og því fylgir auðvitað mikið álag á samgöngukerfið því stöðugt er verið að ferja sjúklinga, starfsfólk og gögn á milli staða. Þá eru margar byggingar Landspítala komnar til ára sinna og uppfylla illa kröfur nútímans. Einkum stendur þetta nýjum tækjabúnaði fyrir þrífum, m.a. vegna skorts á rými, lofthæð og burðarþoli þessara gömlu bygginga.

Eins og landsmenn vita hefur gagnrýni á staðsetningu nýs þjóðarsjúkrahúss einkum byggst á því að aðkomuleiðir að þessari ▼



■ Legudeildir sjúklinga verða á tveimur efstu hæðum meðferðarkjarnans. Allir sjúklingar verða í einbýli og stofur bjartar og vistlegar.



■ Hringbrautarverkefnið í hnotskurn. Nýbyggingar eru í bláum lit og þær munu rísa á næstu fjórum árum.

”

Aðkomuleiðir að Hringbrautarlóðinni hafa reynst bestar af þeim kostum sem skoðaðir hafa verið. Aðgengi sjúklinga er gott og verður enn betra með uppbyggingu samgöngumiðstöðvar í túnfæti sjúkrahússins, líkt og skipulag gerir ráð fyrir

viðamiklu starfsemi væru slæmar. Allar rannsóknir sem gerðar hafa verið á þessum þætti hafa hins vegar leitt í ljós að staðsetning Hringbrautarlóðarinnar er afar ákjósanleg út frá samgönguleiðum. Aðgengi sjúklinga er gott og verður enn betra með uppbyggingu nýrrar samgöngumiðstöðvar við hlið sjúkrahússins eins og skipulag gerir ráð fyrir. Þá er ljóst að greiðar leiðir eru þaðan til mikilvægra samstarfsaðila Landspítala sem allir eru í nágrenninu, þ.e. háskólanna tveggja og fyrirtækja í þekkingarþorpi Vatnsmýrarinnar. Þá verður að hafa í huga að með því að koma allri starfsemi spítalans á einn stað mun verulega draga úr



■ Í rannsóknahúsi, sem rísa mun sunnan meðferðarkjarnans, verður starfsemi sjö rannsóknarstofa komið fyrir á einum stað. Uppi á þaki hússins verður þyrlupallur, 22 m í þvermáli.

þeirri miklu umferð sem leitt hefur af dreifðri starfsemi spítalans víða um borgina. Loks er vert að minna á að stofnæðar umferðar að og frá lóðinni við Hringbraut eru þær afkastamestu sem finnast í borginni.

Meðferðarkjarninn er hjartað

Nýbyggingar Landspítalans við Hringbraut verða samtals fimm en þar af er ein viðbygging við Læknagarð á vegum Háskóla Íslands. Byggingar NLSH ohf. verða sumsé fjórar:

sjúkrahótelid sem þegar er rísið, meðferðarkjarninn sem í raun er sjúkrahúsið sjálft, rannsóknahús og loks bílastæða-, tækni og skrifstofuhús. Að fullnaðarhönnun meðferðarkjarnans hafa komið margir sérfræðingar sem skipa CORPUS hópinn en í honum eru Hornsteinar arkitektar, Basalt arkitektar, verkfræðistofan Lota, VSÓ ráðgjöf, Trivium ráðgjöf, NIRAS, De Jong Gortmaker Algra, Buro Happhold enineering, Reinertsen og Asplan Viak.

Meðferðarkjarninn verður hjartað í nýjum Landspítala. Þar verða legudeildir sjúklinga og þar verða framkvæmdir aðgerðir en einnig rannsóknir af ýmsu tagi. Meðferðarkjarninn er hugsaður út frá starfsemi bráða- og háskólasjúkrahúss, með áherslu á einfalt og skýrt fyrirkomulag ásamt greiðum leiðum milli starfseininga með tengigöngum og tengibrúm. Um er að ræða stóra byggingu sem verður deilt upp í fimm byggingarhluta til að draga úr stærðaráhrifum hans á


ISKRAFT

Nánari upplýsingar á iskraft.is og ráðgjöf veitir sérfræðingur okkar Sigurður Gunnar Ragnarsson, siggig@iskraft.is og í síma 535-1209.

EO HLEÐSLUSTÖÐVAR

fyrir heimili, húsfélög og fyrirtæki, hagstætt verð, gæði og falleg hönnun

EO hleðslustöðvarnar eru frábær lausn fyrir rafbílaeigendur. Þessar hleðslustöðvar eru breskar og sameina gæði og hagstætt verð í fallettri hönnun sem vakið hefur verðskuldaða athygli í Evrópu.

EO Mini – Hleðslustöð fyrir heimili og fyrirtæki

verð frá 98.900 kr m/vsk

- Ein minnsta hleðslustöðin á markaðnum
- Sérstaklega hentug fyrir heimili
- Álagsstýring sem styður allt að 6 EOmini
- Fæst í 3,6kW og 7,2kW eins fasa útgáfum
- Með innbyggðri DC vörn
- 3 ára ábyrgð



Grunnlitir eru silfur og hvítt. Hægt að pantast aðra liti

EO Basic hleðslustöð

verð frá 119.900 kr m/vsk

- EO Basic er hönnuð fyrir heimili og fyrirtæki þar sem þú setur í samband og byrjar að hlaða. Einfalt og þægilegt
- 3,6kW/16A og 7,2kW /32A
- Fæst í hvítu
- Býður upp á lykjalæsinguna á stöð með lausum kapli
- Álagsstýring og innbyggt 6 mA DC vörn
- 3 ára ábyrgð




Einfalt
og þægilegt í
uppsetningu



nærumhverfið. Rýmin á milli byggingarhlutanna mynda síðan innigarða sem hleypta birtu inn í velflest rými hússins og skapa ákjósanlegt umhverfi fyrir sjúklinga, gesti og starfsfólk.

Á 1. hæð verður aðalinngangur frá Sóleyjartorgi og bráðamóttaka auk apóteks. Þaðan verða neðanjarðartengingar við núverandi húsnæði spítalans sem áfram verður nýtt og endurbýgt eins og kostur er. Myndgreining, speglanir, hjartarannsóknir og smitsjúkdómadeild verða á 2. hæð hússins auk matartorgs, fyrirlestrasala, smávöruverslana o.fl. Á 3. hæðinni verða skurðstofur, móttöku- og vöknunaraðstaða, hjarta- og æðaþræðingarstofur og gjörgæsla. Tengibrú verður á 3. hæð yfir í kvennadeild og Barnaspítala Hringins. Tæknimiðstöð meðferðarkjarnans verður á 4. hæð og þar verður einnig vinnu- og hvíldarrými starfsfólks. Átta legudeildir sjúklinga verða svo á 5. og 6. hæð og verður hverri þeirra skipt upp í þrjár einingar. Allar sjúkrafstofur verða einbýli með sér snyrtingu og góð aðstaða verður fyrir aðstandendur en í meðferðarkjarna verða þeir sjúklingar sem þurfa hvað mesta umönnun.

Í kjallara hússins verða ýmis þjónusturými sem styðja við klíniska starfsemi hússins, m.a. búningaklefar starfsmanna, dauðhreinun, framleiðsluhluti apóteks og framleiðsla geislavirkra efna sem notuð eru í myndgreiningu. Þá verður þar ýmis stoðþjónusta svo sem þvottastöð fyrir rúm, ræstimiðstöð, hjálpartækjalager og tæknirými. Frá kjallara verða neðanjarðartengingar til meðal annars rannsóknahúss og háskóla-byggingar.



■ Í einum áfanga Hringbrautarverkefnisins verður reist bilahús fyrir 550 bíla. Þá verða bilastæði ofanjarðar og einnig undir fyrirhuguðu Sóleyjartorgi.

Tölvumynd: SPITAL-hópurinn.

Allar rannsóknir á einn stað

Í rannsóknahúsi nýja spítalans verður allri rannsóknarstarfsemi spítalans komið fyrir á einum stað en þar verða sjö rannsóknarstofur sameinaðar undir einu þaki. Starfsemi Blóðbankans mun einnig flytjast í bygginguna. Í tengslum við meinafræðieiningu verður líkhús og krufningaraðstaða og rannsóknarstofa fyrir réttarmeinafræði. Rannsóknahúsið mun tengjast meðferðarkjarna og öðrum byggingum spítalans með sérstöku röpróstkerfi. Með því munu deildir spítalans geta sent sýni til rannsókna í rannsóknahúsi á örskömmum tíma. Í rannsóknahúsi verður einnig móttaka sýna sem berast utan frá Landspítala.

Gert er ráð fyrir þyrlupalli á þaki rannsóknahússins. Hann mun tengjast bráðamóttöku og fleiri deildum í meðferðarkjarna um tengibrú. Þyrlupallurinn verður um 22 m í þvermál og er stærð hans ákvörðuð m.t.t. þyrlna sem eru lengri og þyngri en nú-

Nöfn nýrra gatna á lóð Landspítala

Nafnanefnd umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar hefur samþykkt nöfn nýrra gatna á Landspítalalóðinni. Nýju nöfnin hafa skírskotun í Íslendingasögur, íslenska miðaldamenningu tengd sögu læknisfræðinnar og svo einnig nöfnum algengra íslenskra gróðurtegunda.

Þetta eru nöfn gatnanna:

Hildigunnargata
Þjóðhildargata
Freydísargata
Hrafnsgata
Fífilsgata
Njólagata
Burknagata
Hvannargata
Blóðbergsgata

verandi þyrlur Landhelgisgæslu Íslands til að tryggja nýtingu til framtíðar.

BTS hús í lokaáfangi

Fjórði og síðasti kjarninn í nýja spítalanum er sambyggt bílastæða-, tækni og skrifstofuhús, samtals 21.000 m² að heildargrunnfleti sem rísa mun í suðvesturhorni lóðarinnar, næst lóð fyrirhugaðrar samgöngumiðstöðvar þar sem BSÍ er nú. Gert er ráð fyrir að húsið verði fimm hæðir ofanjarðar og þrjár neðanjarðar. Um er að ræða opið bílastæðahús með stæðum fyrir 550 bíla en að auki verður fjöldi nýrra bílastæða undir Sóleyjartorgi við hlið meðferðarkjarnans, neðan núverandi aðalbyggingar Landspítala. Þá verða í BTS húsi varaafstöðvar spítalans, kælikerfi og fleira. Skrifstofuhluti hússins mun snúa í vestur og þar verður aðstaða fyrir allt að 200 starfsmenn.

Þá verða sannkölluð tímamót

Við litum við á skrifstofu Hringbrautarverkefnisins, eins og það er kallað í daglegu tali, og hittum að máli Gunnar Svavarsson, verkfræðing og framkvæmdastjóra NLSH ohf. sem sér um framkvæmdir.

„Þetta verkefni á sér langa forsögu en eftir áralangar deilur um hvar þessi nauðsynlega þjónusta skyldi byggð upp var með lögum nr. 64/2010 ákveðið að nýr Landspítali skyldi rísa við Hringbraut. Þá gátum við hafist handa við forhönnun bygginga og gerð skipulags fyrir svæðið. Fjölmargir sérfræðingar, innlendir sem erlendir, hafa síðan þá unnið hörðum höndum að þróun þessa verkefnis og nú eru byggingaframkvæmdir komnar í góðan gang. Við erum búin með fyrsta áfangann, sem var bygging sjúkrahótelsins en síðan verður sleitulaust unnið að framkvæmdum við meðferðarkjarnann, rannsóknahús, bílastæðahús og tækni- og skrifstofuhús. Verkefnið er fjármagnað af fjárlögum og stefnt er að því að framkvæmdum verði lokið 2024–2025,“ segir Gunnar í samtali.

Árið 2010 var efnt til alþjóðlegrar hönnunarsamkeppni um svæðið og síðan samið við SPITAL hópurinn um hönnun svæðisins en hann varð hlutskarpastur í



■ Gunnar Svavarsson, verkfræðingur og framkvæmdastjóri NLSH ohf. „Við erum búin með fyrsta áfangann, sem var bygging sjúkrahótelsins en síðan verður sleitulaust unnið að framkvæmdum við meðferðarkjarnann, rannsóknahús, bílastæðahús og tækni- og skrifstofuhús.“

samkeppninni. Í þeim hópi voru ASK arkitektar, Bjarni Snæbjörnsson arkitekt, Efla verkfræðistofa, Kanon arkitektar, Lagnatækni, Landark, Norconsult, RATIO arkitektar og teiknistofan Tröð. Strax hófst langt og strangt samráðsferli við ýmsa hagsmunaaðila s.s. stjórnvöld, Framkvæmdasýslu ríkisins, Landspítala, Háskóla Íslands og sjúklingasamtök um deiliskipulag svæðisins og útfærslu bygginganna sem þar skyldu reistar. Jafnframt var gerð breyting á bæði aðalskipulagi Reykjavíkur og á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins. Síðan þá hafa fleiri hönnuðir komið að verkinu.

„Við sem höfum undirbúið þetta stóra verkefni undanfarin ár gerum okkur grein fyrir því að Landspítalinn er ein allra mikilvægasta stofnun landsins. Sjúkrahúsið við Hringbraut er í forystu heilbrigðisþjónustu landsmanna og þjóðhagslega mjög mikilvægt að það geti gegnt sínu hlutverki sem allra best. Þegar verkefninu lýkur verða vatnaskil í heilbrigðisþjónustunni og þjóðin mun fá nýtt sjúkrahús sem mun uppfylla ströngustu kröfur sem gerðar eru til heilbrigðisþjónustu í heiminum í dag. Þá verða sannkölluð tímamót,“ segir Gunnar Svavarsson, framkvæmdastjóri Hringbrautarverkefnisins.



Handlyftivagnar málaðir, galvaniseraðir og ryðfriir



Merlo skotbómulyftarar



John Deere dráttarvélar



Dulevo Sópar og skúringarvélar



Rafgeymar Sellur og hleðslutæki



Goupil rafmagnsbílar



Íslyft ehf


STEINBOCK ÞJÓNUSTAN EHF

Vesturvör 32 - 200 Kópavogur
Sími 564 1600 - islyft@islyft.is

Tuttugu þúsund ökutæki skráð í kerfi Vaðlaheiðarganga

„Ég er í heildina ánægður með þessa fyrstu tvo mánuði í rekstri Vaðlaheiðarganga. Innheimtakerfið hefur virkað vel en við vinnum samt alltaf að því að bæta það enn frekar og hækka það hlutfall númera sem tekst að lesa rétt af en alltaf eru einhver númer ólæsileg, beyglaðar plötur, skitugar eða huldar snjó. Í reynd hafa engin vandamál komið upp sem ekki var hægt að sjá fyrir í kerfinu. Það er þekkt í númeraplötuaflestri með myndavélum að aflestur númera er alltaf erfiðari yfir veturinn en í febrúar var nýting í sjálfvirkum aflestri hjá okkur 95% sem er ágætlega ásættanlegt,“ segir Valgeir Bergmann, framkvæmdastjóri Vaðlaheiðarganga sem hafa verið í rekstri í tvo og hálfan mánuð. Nú hafa yfir 8000 notendur skráð sig í innheimtakerfið veggjald.is og eru skráð ökutæki um 20 þúsund talsins.

Skráning að kostnaðarlausu
Skráning í kerfið veggjald.is er notendum að kostnaðarlausu en hver notandi getur skráð á sitt svæði allt að þrjú bílnúmer. Skráning er



■ Vaðlaheiðargöng voru tekin í notkun í byrjun janúar síðastliðnum. Þau eru fyrstu jarðgöngin hér á landi með rafrænum aflestri bílnúmera vegna innheimtu veggjalds.


óháð fyrirframkaupum á ferðum og er mun hagkvæmari kostur til greiðslu á stakri ferð en að fá sendan greiðsluseðil.

„Nú þegar fólk fer að huga að ferðalögum sumarsins þá hvet ég landsmenn til að skrá sig í kerfið ef ferðinni er heitið hingað á svæðið,“ segir Valgeir. Í raun eru margir kostir í veggjaldi ganganna, sá dýrasti að aka í gegn án þess að gera nokkuð og fá senda innheimtukröfu í heimabanka. Með skráningu og tengingu við greiðslukort

er verð á stakri ferð 1500 krónur en síðan er hægt að fyrirframgreiða ferðir í magnþökkum, þ.e. 10 ferða pakka, 40 ferða pakka og 100 ferða pakka. Í síðastnefnda pakknum er verðið á hverri ferð komið niður í 700 kr.

„Stærsti pakinn hefur verið vinsælastur í fyrirframsölu ferða það sem af er,“ segir Valgeir.

Lokafrágangur í sumar
Nokkrum atriðum í frágangi utan ganganna er ólokið, t.d. fyllingu



■ Starfsmenn í þjónustuveri Vaðlaheiðarganga svara í símann 464 1790 og er opið alla virka dag milli 9-16. Þar er hægt að sækja upplýsingar ef á þarf að halda og fá aðstoð við skráningu á veggjald.is en þar hafa nú þegar 8000 notendur skráð sig.


yfir vegskálana, tengingu gamla Vaðlaheiðarvegarins í Fnjóskadal og fleiri verklegum þáttum sem lokið verður við í sumar. Sömu leiðis er reiknað með að nú á næstunni verði einhverjar tafir inni í göngunum sjálfum vegna vinnu við ljósabúnað og fleira en Valgeir segir þau verk verða unnin þannig að sem minnstri truflun valdi fyrir vegfarendur. Óhjákvæmlega verði þó vegfarendur varir við þessa vinnu.

„Umferðin sjálf í göngunum

hefur gengið mjög vel og við sjáum á okkar búnaði að hraði er almennt undir hámarkshraðamörkum þó fáein frávík séu á því. Þá var um að ræða forgangsakstur lögreglu og sjúkraliðs. Ég geri ráð fyrir að nú þegar nær dregur vorinu aukist umferð talsvert en þróun umferðar hefur verið í takt við umferðarspár,“ segir Valgeir.

veggjald.is

ÍSRÖR



Hjá ÍSRÖR færðu einangruð hitaveiturör frá LOGSTOR

- Stálrör
- Stálfittings og samsetningar
- Pexrör
- Pexfittings og samsetningar
- PexFlextra sveigjanlegri pexrör
- Pexfittings og samsetningar

Og svo allt annað sem þarf til hitaveitulagna

ÍSRÖR

Hjá ÍSRÖR færðu einnig


- Viðvörunaborða
 - Hlífðarborða
 - Opnanleg hlífðarrör
 - Jarðvegsmottur
 - Hitaveituskápa
 - Ljósleiðaraskápa
 - Gasskápa
 - Dæluskápa
- og svo margt fleira

ÍSRÖR



Hjá ÍSRÖR færðu pressutengi og pressuvélar frá Haelok fyrir stálrör frá 3/8" upp í 4"

- Minnkanir
- Bein tengi
- Viðgerðartengi
- Nippla
- Múffur
- Hné
- Té
- Blindlok



Alhliða stálsmiði

Við rekum hátæknilega stálsmiðju þar sem við fáumst við verkefni af öllum stærðum og gerðum, en við smíðum allt frá öflugum iðnaðarstálvirkjum niður í fínleg húsgögn.

Hjá okkur færðu faglega ráðgjöf og aðstoð við hönnun. Við bjóðum upp á uppsetningu á verkstað, allt í samræmi við óskir þínar.

Nánari upplýsingar um hæfni okkar og verkefni finnur þú á vefsíðunni www.stalidjan.is



Stáliðjan ehf - Smiðjuvegi 5, 200 Kópavogi - Sími 564 5885 - www.stalidjan.is



■ Á 2. hæð hússins er að finna móttökurými þar sem tekið verður á móti minni hópum sem vilja kynna sér starfsemi Sorpu.



■ Í austurhluta byggingarinnar verður tekið við formeðhöndluðum heimilisúrgangi frá Gufunesi og honum blandað saman við stoðefni úr timburkurli frá garðaúrgangi og úrgangstimbri.

Umhverfisvæn bygging í Álfsnesi

Rætt við Jón Ólaf Ólafsson arkitekt og hönnunarstjóra gas- og jarðgerðarstöðvarinnar í Álfsnesi sem nú er í byggingu

Framkvæmdir ganga vel við nýja gas- og jarðgerðarstöð SORPU í Álfsnesi en skólflustunga var tekin þar í ágúst á síðasta ári. Það er Ístak sem reisir húsið í alútbóði en það verður um 12.300 m² að flatarmáli. Stöðin saman stendur af móttökusvæði fyrir úrgang, vinnslusal, 10 þroskunarkróm fyrir lífrænan úrgang og geymum til gasgerðar auk starfsmannaaðstöðu og móttöku gesta. Í stöðinni verður hægt að framleiða 3 milljónir Nm³ af metangasi á ári og um 12.000 tonn af jarðvegsbæti, moltu.

Eins og fram kemur í viðtali við Björn H. Halldórsson, framkvæmdastjóra SORPU er hér um byltingarkennt verkefni að ræða en með tilkomu stöðvarinnar verður

endurnýting úrgangs frá heimilum höfuðborgarsvæðisins komin í um 95%. Öll vinnsla í stöðinni er samkvæmt tæknilausnum frá danska fyrirtækinu Aikan en um hönnun byggingarinnar sáu Batteríð arkitektar. Við báðum Jón Ólaf Ólafsson arkitekt og hönnunarstjóra að segja okkur frá byggingunni sem er að rísa í Álfsnesi.

Metnaðarfullt verkefni

„Þetta er búið að vera afar skemmtilegt verkefni enda hefur maður ekki fengist við svona hönnun áður auk þess sem það hefur verið gefandi að fá að kynna sér þær framfarir sem eru að verða í allri meðhöndlun á úrgangi. Okkar verkefni var fyrst og fremst að hanna vandaða og trausta byggingu utan um þær lausnir sem notaðar eru til að breyta sorpi í verð-



■ Jón Ólafur Ólafsson arkitekt hjá Batteríinu. „Í þessari vinnslu verður allt gert til að koma í veg fyrir lyktarmengun og önnur umhverfisáhrif frá starfsemi.“



■ Lóðin við Viðinesveg 21 í Álfsnesi er 81.000 m² að flatarmáli.

mætar afurðir, annars vegar metangas og hins vegar moltu,“ segir Jón Ólafur.

Mannvirkið skiptist í tvo hluta; annars vegar er um að ræða gas og jarðgerðarstöð og hins vegar starfsmannaaðstöðu og fræðslusetur. Húsið verður að mestu leyti staðsteypt en einnig verður þar talsvert af forsteyptum einingum. Burðarvirki þaks verður að mestu úr krosslímdu timbri (CLT) og límré. Þak yfir miðsvæði gasgerðar og úrvinnslusvæðis verður hækkað upp til að hleypa dagsbirtunni inn í athafnarými hússins. Þak yfir þroskunarkróm verða hins vegar úr forspenntum holplötum með járbentu ásteypuálagi en fligranplötur yfir vinnslukróm.

Öll megin starfsemin í Álfsnesi mun fara fram á gólfi 1. hæðar byggingarinnar og felur aðallega í sér flutning og geymslu á úrgangi í þar til gerðum gerðum króm. Flutningur á sorpinu fer fram með stórvirkum vinnuvélum og því er mikil áhersla lögð á öryggismálin og að þangað fari engir aðrir en starfsmenn sem hafa hlotið tilskylda þjálfun og fræðslu í öryggismálum. Upp úr húsinu að hluta rís 2. hæðin þar sem verður stjórnstöð vinnslunnar og vistleg aðstaða fyrir starfsmenn, m.a. eldhús, matsalur og hreinlætis- og hvíldaraðstaða með saunabaði. Þá er þar að finna móttökurými þar sem tekið verður á móti minni hópum sem vilja kynna sér starfsemi Sorpu.

Umhverfisvæn bygging

„Í þessari vinnslu er allt gert til að koma í veg fyrir lyktarmengun og önnur umhverfisáhrif frá starfsemi og vel gætt að umhverfisáhrifum við val á byggingarefnum og útfærslu efna í bygginguna. Þá er mikil áhersla lögð á gott vinnuumhverfi starfsmanna í vinnslunni sjálfri, m.a. góða loftræstingu og hljóðvist. Þetta verður einföld og vönduð bygging en um leið vitnisburður um þá umhverfisvænu starfsemi sem þar fer fram. Byggingin er hönnuð með það í huga að hún falli sem best inn í umhverfið og þess vegna verða t.d. meginþakfletir hennar lagðir úthagatorfi,“ segir Jón Ólafur hönnunarstjóri að lokum.

Verðmæti unnin úr sorpi

Í austurhluta byggingarinnar verður tekið við formeðhöndluðum heimilisúrgangi frá Gufunesi og honum blandað saman við stoðefni úr timburkurli frá garðaúrgangi og úrgangstimbri.

Næst móttöku er gasgerðarsvæði. Þar verða 20 gasgerðarkrær og í þeim fer gasgerðarferlið fram í nokkrum þrepum. Fyrst er hver kró fyllt blöndu af lífrænum úr-

gangi og stoðefnum og henni lokað vandlega með loftþéttum stálhurðum. Þá hefst metangerjun sem er hringrásarferli þar sem uppleystum efnum er safnað og dælt til baka í meltutanka og hauggas myndast. Þetta ferli tekur um 3 vikur.

Þegar ekki koma lengur lífræn efni frá krónni fer fram jarðgerð í loftuðu ferli en við það hitnar úrgangurinn upp fyrir 70°C

sem tryggir gerilsneyðingu og uppgufun á öllu umfram vatni. Loftið er dregið frá krónum og veitt til lofts um lífsúr til að eyða lykt. Jarðgerðarferlið tekur 3–4 vikur. Meðan þessu stendur er króin höfð lokað.

Þegar jarðgerðarferli lýkur í króm er hrámoltan flutt yfir í Jarðgerðarkrær og úrvinnslusvæði. Í jarðgerðarkrónum fær moltan að þroskast í þrjá til fjóra mánuði

og lykt eyðist enn frekar. Að þroskun lokinni er moltan flutt á úrvinnslusvæðið. Þar eru stoðefni, plast, steinefni og málmar sigtuð frá moltunni og komið í viðeigandi endurvinnsluferli, en moltunni komið fyrir í geymslukuróm til brottflutnings.



Íslensk hönnun – íslensk framleiðsla

Húseining er með stóra húsaverksmiðju í Vogum. Við getum framleitt tilbúin hús í verksmiðjunni allt að 120 m². Húsin eru með öllum tækjum og innréttingum.

Húsin afgreiðast beint á sérútbúin flutningavagn og eru síðan sett á forsteypta sökka sem sem fylgja með húsunum, sem áður hefur verið komið fyrir á byggingarstað. Framleiðsla og samsetning fer fram innandyra og má því segja að húsin séu byggð við bestu mögulegar aðstæður, engin hættu er á að raki lokist af á meðan á framleiðslu og samsetningu stendur sem gæti valdið myglu í húsunum.

Húseining framleiðir einnig sumarhús og einbýlishús í einingum, allar stærðir sem kaupendur geta fengið afgreitt við verksmiðjudy. Einingarnar eru full klæddar að utan, allar hurðir og gluggar full glerjað komið í og vatnsbretti full frágengin.

Við framleiðum:

Smáhýsi frá 14,99 - 39,9 m²

Sumarhús frá 67 - 111 m²

Einbýlishús frá 161 - 400 m²


Smart Einbýli 73 m²

Parhús frá 200 - 333 m²

Raðhús frá 55 - 120 m²

Forsteypta sökkla

Verð og gæði í fyrirrúmi, íslensk framleiðsla.





Húseining ehf. Hraunholti 1, 190 Vogum. Símar 770-5144 og 787-5144.
www.huseining.is kjartan@huseining.is soffia@huseining.is





**R
B**
RÚM

Allt fyrir svefnherbergið



Rúm
Springdýnur
Gaflar
Dýnuhlífar
Sængurföt
Lök
Heilsukoddar
Rúmteppi
Púðar
Kistur
Náttborð
Bekkir
Fylgihlutir

Íslensk
hönnun

Dalshrauni 8 | Hafnarfirði | Sími: 555 0397 | www.rbrum.is | rum@rbrum.is | erum á facebook

Opið alla virka daga frá kl. 09.00–18.00, laugardaga 10.00–14.00, sunnudaga lokað

Endurvinnslustöð SORPU rís í Álfsnesi

Orka og áburður úr heimilissorpinu

Framkvæmdir við fyrstu gas- og jarðgerðarstöð á Íslandi eru nú komnar á fullt en í Álfsnesi er SORPA bs. að byggja þetta mannvirki sem ætlunin er að taka í notkun 20.2. 2020 eða eftir um það bil eitt ár. Með tilkomu stöðvarinnar verður endurnýting úrgangs frá heimilum höfuðborgarsvæðisins komin í um 95%. Stöðin mun framleiða metan og jarðvegsbæti úr heimilissorpi sem til fellur á höfuðborgarsvæðinu. Við ræddum við Björn H. Halldórsson, framkvæmdastjóra SORPU.



■ Björn H. Halldórsson, framkvæmdastjóri SORPU segir að stefnt sé á opnun gas- og jarðgerðastöðvarinnar eftir tæplega eitt ár eða nánar tiltekið 20.02 2020!

Langt og strangt ferli

„Það hefur tekið tíma að koma þessu þjóðþrífafyrirtæki af stað en nú eru framkvæmdir komnar í fullan gang og við ætlum að klippa á borðann eftir um það bil eitt ár héðan í frá. Í stöðinni verður tekið á móti öllum blönduðum heimilisúrgangi á höfuðborgarsvæðinu og úr honum unnið metan og jarðvegsbæti eða það sem við köllum moltu. Ársframleiðsla stöðvarinnar verður annars vegar metan sem dugir til að knýja allt að 8.000 bifreiðar og hins vegar 10-12.000 tonn af jarðvegsbæti sem hjálpar til við bindingu kolefnis í gróðri. Það er því óhætt að fullyrða að hér er um mikið framfaraspur að ræða og við lítum svo á að þetta sé afar

mikilvægt framlag SORPU og sveitarfélaganna til baráttunnar gegn hlýnun jarðar og almennri sóun,“ segir Björn í samtali.

Metan með marga kosti

SORPA hefur framleitt metan frá því um síðustu aldamót en með tilkomu nýju verksmiðjunnar mun framleiðslugetan aukast til muna. Metan er eina umhverfisvottaða eldsneytið hér á landi en ávinning-



■ Drónamynd af framkvæmdastað í Álfsnesi. Það er Ístak sem reisir gas- og jarðgerðarstöðina í alútboði.

urinn af notkun þess er umtalsverður. Má t.d. nefna að sótspor eins bensínknúins bíls er meira en hundrað metanbíla og að með því að nýta metangas til að knýja bílinn sparast mikill gjaldeyris þar sem um innlenda orku er að ræða. Loks má nefna að metanbílar eru

mun ódýrari í rekstri því engin vörugjöld eru af slíkum bifreiðum auk þess sem orkueiningin í metani eru mun ódýrari en í bensíni.

Gas- og jarðgerðarstöð SORPU á Álfsnesi er 12.300 fermetrar að grunnfleti. Ístak hf. reisir bygginguna en tæknilausnir koma frá

danska fyrirtækinu Aikan sem hefur mikla reynslu á þessu sviði. Verkís hefur eftirlit með framkvæmdinni á byggingartíma.

.....
sorpa.is
.....





HVAMMESHÓLAR

ROTÞRÆR ÁN SITURLAGNA

SITURTANKUR Í STAÐ SITURLAGNA

SKOLPHREINSISTÖDVAR

FYRIR:

HÓTEL

HEILSÁRSHÚS

SUMARHÚS



GRÆNT ALLA LEIÐ

SIGURÐUR VIGGÓ HALLDÓRSSON PÍPULAGNINGAMEISTARI  **+354 660 4085**  **SIGGI@HVAMMESHOLAR.IS**

Eimur, samstarfsverkefni um bætta nýtingu orkuauðlinda:

Skynsamleg nýting skilar betri árangri

Rætt við Snæbjörn Sigurðarson framkvæmdastjóra Eims, verkefnis um bætta nýtingu orkuauðlinda á Norðurlandi eystra



■ Snæbjörn Sigurðarson framkvæmdastjóri Eims með samstarfsmanni sínum, Sunnu Guðmundsdóttur, sérfræðingi í sjálfbærum kerfum.

Ljós. Auðunn Nielsson.

„Ávinningur af þessu verkefni hefur verið umtalsverður, við höfum haldið hugmyndasamkeppni þar sem nýting jarðhita kemur við sögu og þær hafa skilað mjög góðum tillögum, ekki bara verðlaunatilögurnar, heldur bárust einnig fjölmargar góðar hugmyndir sem verið er að vinna að, og eru þær á undirbúnings- eða vinnslustigi,“ segir Snæbjörn Sigurðarson, framkvæmdastjóri Eims, sem er samstarfsverkefni um bætta nýtingu orkuauðlinda á Norðurlandi eystra sem og að auka nýsköpun í orkumálum í fjórðungnum. Landsvirkjun, Norðurorka, Orkuveita Húsavíkur og Eyþing, samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, standa að verkefninu auk þess sem Íslenski jarðvarmaklasinn og Íslenski ferðaklasinn eru aðilar að því ásamt atvinnuþróunarfélögum á svæðinu. Um er að ræða þriggja ára verkefni og lýkur því á komandi sumri. Auk Snæbjarnar hefur Sunna Guðmundsdóttir, sérfræðingur í sjálfbærum kerfum, starfað við verkefnið.

Jarðhiti eykur lífsgæði íbúanna

„Tilgangur Eims er margþættur. Halda utan um þróunarverkefni, standa fyrir hugmyndasamkeppnum, styðja við nýsköpun og eins hafa kynningarmál verið á okkur könnu, einkum að vekja íbúa á svæðinu til vitundar um mikilvægi jarðhitans,“ segir Snæbjörn. „Jarðhitinn á svæðinu eykur lífsgæði íbúa umtalsvert, hann til að mynda sparar heimilum á Norðausturlandi 8 milljarða á ári í húshitunarkostnað og munar um minna. Hann kemur einnig við sögu í rafmagnsframleiðslu og atvinnustarfsemi af ýmsu tagi. Þessar auðlindir okkar eru ekki óendanlegar og því verðum við að nýta þær skynsamlega og með sjálfbærni í huga, gæta þess

sérstaklega að ganga ekki svo á þessi gæði að þau klárast eða verði fyrir varanlegum skaða.“

Góðar tillögur í samkeppni

Eimur hefur staðið fyrir tveimur vel heppnuðum hugmyndasamkeppnum, hin fyrri snérist um nýtingu heita vatnsins úr Vaðlaheiðagöngunum og hin síðari bar yfirskriftina „Gerum okkur mat úr jarðhitnum“ og segir Snæbjörn að báðar hafi skilað mjög góðum hugmyndum sem hafi alla burði til að verða að veruleika.

Alls bárust 14 ólíkar en metnaðarfullar tillögur í fyrri samkeppnina og endurspegluðu þær að sögn Snæbjörns vel fjölbreytta nýtingarmöguleika á svæðinu. Tillagan sem varð í fyrsta sæti heitir Svörtuloft og kom frá



■ Frá Peistareykjum. Orkuauðlindir á norðausturhorni landsins hafa verið kortlagðar og eru flestar þeirra mönnum kunnar. Eimur hefur tekið saman upplýsingar um þá möguleika sem fyrir hendi eru varðandi nýtingu orkunnar m.a. við matvæla- og raforkuframleiðslu.

Ljós. Hreinn Hjartarson.

Stefáni Tryggva- og Sigríðarsyni og gengur hún út á að nýta umhverfið í námunda við Vaðlaheiðagöng til að útbúa þar hella og bjóða upp á einstaka baðuppifun. Önnur tillaga vakti líka athygli en hún þótti sýna nýstárlega hugmynd fyrir svæðið og jafnvel Ísland í heild sinni. Sú hugmynd gengur út á að nýta lághitann í Öxarfirði til framleiðslu á þungu vatni, vetni og súrefni sem hægt væri að nýta í margs konar framleiðslu. „Það var greinilega búið að verja miklum tíma og

talsverðum fjármunum í að móta þessa hugmynd sem kom frá Hafsteini Hafsteinssyni og EFLU verkfræðistofu. Vonandi verður gott gengi hennar í okkar samkeppni hvatning til að taka hana á næsta stig og kanna gaumgæfilega hvort ekki verði hægt að gera hana að veruleika í Öxarfirði þar sem bæði er fyrir hendi mikið af heitu og köldu vatni,“ segir Snæbjörn.

Gerum okkur mat úr jarðhita Í fyrravor var blásið til annarar

hugmyndasamkeppni og þá um matvælaframleiðslu með jarðvarma á Norðausturlandi. Alls bárust 20 áhugaverðar tillögur inn í þá keppni. Sú hugmynd sem sigur bar úr bítum þótti mjög athyglisverð, en hún snýst um að rækta og framleiða skordýr með jarðvarma. Sigurtillöguna átti sambýlisfólkið Christin Irma Schröder og Torsten Ullrich, bæði frá Þýskalandi en búsett á Húsavík. Hugmynd þeirra Christin og Thorsten snýst um að rækta og framleiða skordýr með



■ Eimur er samstarfsverkefni um bætta nýtingu orkuauðlinda á Norðurlandi eystra sem og að auka nýsköpun í orkumálum í fjórðungnum. Um er að ræða þriggja ára verkefni og lýkur því næsta sumar.

Ljós. Hreinn Hjartarson

jarðvarma í því augnamiði að nýta þau sem fæðu til framtíðar, m.a. sem uppistöðu í fóðri fyrir eldisfiska. Til stendur að þróa hugmyndina áfram að sögn Snæbjarnar en það sem strandað hefur á er að reglugerð skorti hér á landi um hvað leyfilegt er að gera í þessum efnunum.

Auka verðmætusköpun á svæðinu

Ræktun heitsjávarrækju á Hjalteyri við Eyjafjörð, tillaga sem Magnús Þ. Bjarnason og Þorgerður Þorleifsdóttir sendu inn, lenti í öðru sæti. Hugmynd um fullnýtingu á íslenski yl- og útirækt með aðstoð jarðvarma og nýting náttúruafurða í Öxarfirði komust einnig í úrslit og er áfram unnið með þessar tillögur að sögn Snæbjarnar í því augnamiði að þær verði að veruleika. „Margar af þeim tillögum sem bárust voru mjög góðar og ég sé fyrir mér að eitthvað verði gert með þær á komandi misserum og að þær muni í fyllingu tímans auka verðmætusköpun á svæðinu og vekja enn frekar athygli á þeim tækifærum sem liggja í nýtingu lághitavatns á Norðurlandi eystra. Þar hefur Öxarfjörðurinn sérstaklega gríðarleg tækifæri upp á að bjóða,“ segir hann.

Kortleggja orkuauðlindir

Snæbjörn segir að orkuauðlindir á norðausturhorni landsins hafi verið kortlagðar, flestar þeirri séu mönnum þegar þekktar en ákveðna yfirsýn hafi skort. „Við erum að taka saman upplýsingar um þá möguleika sem fyrir hendi eru varðandi nýtingu orkunnar, eins og til dæmis við matvæla- eða raforkuframleiðslu og hvar hentugt gæti verið að nýta þessar auðlindir. Þessum upplýsingum söfnum við saman og miðlum áfram til þeirra sem hugsanlega geta nýtt sér þær. „Við höfum einnig lagt töluverða áherslu á vinnu við innviðagreiningu undanfarið, sem gengur út á að kortleggja auðlindirnar og tækifærin í þessum landsfjórðungi sem byggir á grunninum sem atvinnuþróunarfélögin á Eyþingsvæðinu höfðu gert á sínum tíma. Við sjáum að miklir möguleikar eru fyrir hendi til sjálfbærrar nýtingar, en það má segja að okkar helsta viðfangsefni um þessar mundir sé að velja hvaða verkefni eigi að keyra áfram hverju sinni, möguleikarnir eru svo margir,“ segir Snæbjörn.

Innviðagreiningin mun bæta úr brýnni þörf fyrir að hafa upplýsingar aðgengilegar á einum stað, en þeim verður komið fyrir á veflægu formi og þannig verða þær aðgengilegri en áður, möguleiki er á gagnvirkni og eins verður auðvelt að uppfæra gögn. „Það er líka fyrir hendi sá möguleiki að önnur landssvæði geti nýtt sér þessa vinnu

við að framkvæma sambærilega innviðagreiningu fyrir sín svæði,“ segir Snæbjörn.

Grænn túr – jarðhitatengd ferðamennska

Jarðhitinn á svæðinu hefur verið mikið aðdráttarafi fyrir ferðamenn

og má nefna að árlega fara ríflega 200 þúsund gestir í Jarðböðin í Mývatnssveit. Þrátt fyrir það eru enn mörg tækifæri til að efla

ferðabjónustuna frekar með jarðhitunum. „Eimur hefur unnið með aðilum í ferðabjónustu og orkugeiranum að því að þróa svonefnda „Græna túra“ sem byggja á því að finna leiðir til að lengja viðveru ferðamanna og dýpka upplifun þeirra af jarðhitunum. Inn í það fléttast matvæli sem framleidd eru með jarðhita, saga jarðhitanytingar og þetta einstaka samspil manns og náttúru sem þróast á jarðhitasvæðum. Með því má auka verðmæti og framlegð ferðabjónustunnar án þess að ferðamönnunum þurfi endilega að fjölga. Aukin verðmæti felast ekki endilega í að stækka og fjölga, betri og skynsamlegri nýting skilar stundum mun betri árangri,“ sagði Snæbjörn að lokum.

REYNSLA OG KRÖFTUGT SAMSTARF Í RÚM 70 ÁR

CAT hefur tekið þátt í nánast öllum stærri framkvæmdum frá árinu 1947 og hefur frá þeim tíma verið leiðandi á markaði hér á landi.

Árangur CAT má fyrst og fremst þakka þeim frábæru viðskiptavinum sem hafa stólað á CAT þegar mest á reynir. Þegar áreiðanleikinn skiptir öllu máli treysta menn á Caterpillar

FRAMÚRSKARANDI ÞJÓNUSTA ALLAN SÓLARHRINGINN

Klettur býður upp á framúrskarandi þjónustu fyrir Scania bifreiðir. Sérútbúið verkstæði Kletts, ásamt smurþjónustunni, er opið mánudaga til fimmtudaga kl. 8.00-23.30 og föstudaga kl. 8.00-16.00.

Einnig erum við með bakvaktir allan sólarhringinn.

KLETTAGARÐAR 8-10
104 REYKJAVÍK
590 5100

SCANIA

CAT

KLETTUR

Kato vinnuvélar til Íslands

Fyrirtækið Ásafl ehf. hefur fengið umboð og hafið innflutning á Kato vinnuvélum og býður fyrst um sinn beltagröfur af ýmsum stærðum á íslenskum markaði. Kato er japanskur framleiðandi með á annað hundrað ára sögu að baki. Fyrirtækið er þessi misserin að auka verulega framboð sinna tækja á Evrópumarkaði og mun kynna tækjalínur sínar á Bauma-sýningunni í München í apríl.

„Til að byrja með bjóðum við beltagröfur frá Kato upp að 9 tonnnum að stærð sem framleiddar eru í samstarfi Kato við Imer Group á Ítalíu. Í línu Kato er fjölbreytt tækjauval, allt upp í stóra krana og ýmis konar beltavinnuvélar en tíminn verður að leiða í ljós hver þróun verður hér á markaðnum. Þetta eru þrautreyndar vélar og traust merki sem við teljum eiga mikið erindi hér á landi,“ segir Páll Bragason, sölumaður hjá Ásafl ehf. en fyrstu vélarnar sem fyrirtækið flytur inn komu til landsins fyrir skömmu. Páll segir Ásafl horfa til þjónustu við verktaka, byggingaraðila, sveitarfélög og aðra aðila sem hafa þörf fyrir minni gröfur. Ásafl mun einnig annast alla varahluta- og viðgerðarþjónustu við Kato vélarnar.



■ Páll Bragason, sölumaður hjá Ásafl ehf. með Kato gröfu og Weycor hjólaskóflu að baki sér. Fyrstu Kato vinnuvélar sem fyrirtækið flytur inn eru komnar til landsins.

„Þetta eru gröfur sem eru fyllilega samkeppnishæfar við aðra framleiðendur hér á markaðnum, bæði í verði og gæðum, segir Páll.

Hraðtengi, aukabúnaður og lazer-ýtublöð

Umboð fyrir Kato vélarnar er liður í enn frekari vexti Ásafls í þjónustu

við verktakaiðnaðinn á Íslandi en fyrirtækið býður m.a. Weycor hjólaskóflur, Daemo vökvafléyg, CompAir loftpressur, kerrur frá Stema og ýmsan annan búnað.

„Þessu til viðbótar erum við með úrval af ítölskum skóflum og hraðtengjum frá Cangini fyrir gröfur og sá búnaður er á öllum

Kato gröfunum sem við flytjum inn. Frá þessum sama ítalska framleiðanda bjóðum við einnig lazer-ýtublöð fyrir Weycor hjólaskóflurnar sem við seljum en þau eru mikil bylting t.d. í yfirborðsfrágangi,“ segir Páll.

Með hækkandi sól og vori aukast umsvifin hjá verktökum og

segir Páll gott hljóð í viðskiptavinum. „Við heyrum ekki annað en það sé mikið að gera og markmið er að vaxa í samstarfi við viðskiptavinum og byggja upp þjónustu við þá,“ segir Páll.

asafl.is

Fjársveltir flugvellir:

Alvarleg ógn við flugöryggi á Íslandi

Ingvar Tryggvason, formaður Öryggisnefndar Félags íslenskra atvinnuflugmanna, undirbýr nú hina árlegu ráðstefnu félagsins um flugöryggismál, Reykjavík Flight Safety Symposium sem haldin er þann 11. apríl næstkomandi. Flugöryggi snýr að mörgum þáttum, allt frá heilsu flugmanna til starfsemi og viðhaldi á flugvöllum en þar bjátar því miður ýmislegt á hér á Íslandi.

„Við höfum látið talsvert í okkur heyra vegna reksturs innanlandsflugvallanna. Á síðustu árum hefur engum fjármunum hefur verið varið til nýframkvæmda á flugvöllum á landsbyggðinni þrátt fyrir mörg aðkallandi verkefni,“ segir Ingvar og bendir á að í skýrslu innanríkisráðuneytisins um félagshagfræðilega greiningu á framtíð innanlandsflugs frá árinu 2014 kemur fram að þjóðhagsleg arðsemi fjárfestingarinnar í flugvallakerfinu umfram útgjöld er 48%. „Það ætti að teljast ábyrg ráðstöfun á almannafé.“

Sjúkraflug gæti lokast inni á hlaði

„Við höfum bedið lengi eftir stækkun flughlaða á flugvöllum á Egilsstöðum og Akureyri,“ segir Ingvar en þeir flugvellir eru varaflugvellir innanlands ef ekki er hægt að lenda í Keflavík. Þar komast þó ekki fyrir nema nokkrar

flugvélar hverju sinni vegna stærðar flughlaðanna.

„Með vaxandi umferð til Keflavíkurflugvallar er ljóst að þeim tilvikum mun fjölga sem flugvélar þurfa að bera eldsneyti til Glasgow í Skotlandi sem varaflugvallar, með tilheyrandi kostnaði og losun gróðurhúsalofttegunda. Þá eru þrengslin á Akureyrarflugvelli farin að hamla daglegum rekstri vallarins og sú hættu er fyrir hendi að sjúkraflugvél Mýflugs lokist inni á hlaðinu.“

Helsingurinn dugir ekki til
Ingvar bendir á að þegar kemur að viðhaldi flugvallanna hafi Isavia einungis fengið helming þess fjármagns sem til þarf á ári hverju. Það gefur auga leið að verkefnalistinn stýttist ekki við slíkt fyrirkomulag, en ástand Egilsstaðaflugvallar er t.d. orðið mjög bágborið. „Þegar slys og óhöpp verða í flugi er sjaldnast ein báran stök. Þau verða gjarnan þegar breistir í innviðum, mistök og atburðir radast upp. Það er ekki ofsögum sagt að skortur á fjárveitingum til uppbyggingar flugvallar er að verða nokkuð alvarleg ógn við flugöryggi á Íslandi.“

Spennandi tækifæri í flugiðnaði

Á Íslandi starfar aragrúi fjölbreytt og vel menntaðs fólks í fluggeiranum. „Það eru margvísleg tækifæri fyrir fólk sem vill starfa í geiranum, að fljúga flugvélum er eitt, en störf



■ Ingvar Tryggvason, formaður Öryggisnefndar FÍA, bendir á að þjóðhagsleg arðsemi fjárfestinga í flugvallakerfinu umfram útgjöld sé 48%.

flugvirkja, flugumferðarstjóra, verkfræðinga og sérfræðinga hjá t.d. Isavia og Samgöngustofu eru mjög fjölbreytt. Jafnrétti til náms hefur ekki náð fyllilega til fluggeirans, en það stendur vonandi til bóta.“

Ingvar bendir á að tæknipróun sé hröð í flugheiminum og að þrátt fyrir skort á fjármagni sé ýmislegt spennandi í deigluinni. „Isavia vinnur nú að hönnun GPS aðflugs að flugvöllum á Húsavík, þar sem byggt er á leiðréttingarmerki frá evrópska EGNOS kerfinu. Ísland er á jafri svæðisins sem kerfið nær til. Þetta er gríðarlega

spennandi tækni og tækifærin á landsvísu byltingarkennd. Isavia hefur starfrækt leiðréttingarstöðvar sem eru hluti af þessu kerfi um nokkura ára skeið, með það að markmiði að nýta EGNOS kerfið til leiðsögu á Íslandi. Niðurstöður prófana lofa góðu fyrir austurhluta landsins en með uppsetningu einnar eða tveggja leiðréttingarstöðva á Grænlandi mætti mjög líklega tryggja merkið yfir öllu Íslandi.“

Ráðstefnan mikilvægur vettvangur

Öryggisnefnd FÍA skipuleggur alþjóðlega ráðstefnu um öryggismál,

Reykjavík Flight Safety Symposium, á hverju ári sem dregur að sér ólíka hópa fólks sem tengjast flugíðnaðinum. Viðfangsefnið eru fjölbreytt leiðsögu- og fjarskiptatækni, rannsókn atvika, mannlegi þátturinn og það sem iðnaðurinn stendur frammi fyrir um þessar mundir. „Aðgangseyri er stillt í hof, og má segja að hann rétt dekki hádegishlaðborðið, en það er ánægjulegt að geta skapað þennan vettvang fyrir fólk sem starfar í flugíðnaðinum, hlusta á áhugaverð erindi og hitta fólk.“



Trésmiðjan Stígandi tekur að sér allt sem við kemur byggingum og mannvirkjagerð. Á tæknivæddu verkstæði smíðum við nánast hvað sem er, allt eftir þínum óskum. Við leggjum áherslu á vönduð vinnubrögð og persónulega þjónustu.



TRÉSMIÐJAN STÍGANDI

FAGMENN Í TRÉVERKI SÍÐAN 1947

TRÉSMIÐJAN STÍGANDI / SÍMI: 452 4123 / WWW.STIGANDIHF.IS

Ísfell í Hafnarfirði

Fallvarnarbúnaðurinn getur skipt sköpum

Ísfell er eitt öflugasta fyrirtæki á Íslandi þegar kemur að öryggisvörum eins og fallvarnarbúnaði og rekstrarvörum sem tengjast öryggi starfsmanna, hvort heldur er til sjós eða lands. Ísfell býður upp á mikið úrval öryggisvara en stór þáttur í starfsemi rekstrar- og björgunardeildar Ísfells er fólgin í fræðslu um notkun búnaðar sem er ætlað að koma í veg fyrir slysa á starfsfólki. Við hittum að máli þá Hjört Cýrusson deildarstjóra og Grétar Björnsson sölumann en hann er með langa reynslu og sérhæfingu í kynningu á fallvarnarbúnaði.

Fyrsta flokks búnaður

„Við erum með til sölu fyrsta flokks fallvarnarbúnað af ýmsu tagi og höfum á síðustu árum verið að bæta við okkur vörum frá framleiðendum sem eru í fremstu röð í heiminum í dag, bæði hvað varðar gæði og verð. Þar má nefna merki eins og IKAR, Kratos og Vertic en þetta eru allt framleiðendur sem hægt er að treysta. Ísfell hóf raunar að hasla sér völl á þessu sviði á sínum tíma með því að selja útgerðinni skutrennublað fyrir sjómenn en smám saman bættum við í vörufloðruna. Í dag er búnað frá okkur mest að finna í byggingaríðnaði og svo í byggingum stærri fyrirtækja, t.d. í flugskýlum, stór-íðjuverum, virkjunum og öðrum húsum þar sem menn vinna oft í mikilli hæð. Þá erum við að tala um búnað sem er komið fyrir í byggingunum og er alltaf til taks ef senda þarf menn til vinnu s.s. vegna viðhalds á búnaði eða öðru,“ segir Hjörtur í samtali.

Námskeið fyrir starfsmenn

Þegar öryggisbúnaður er annars vegar er lyklatríði að starfsmenn kunnir vel á búnaðinn og nýti hann til fullnustu. Ísfell býður upp á námskeið og eftirlit með hífi- og fallvarnarbúnaði og er með starfsmenn sem hafa hlotið vottun frá

alþjóðlegu eftirlitssamtökunum LEEA í Englandi (Lifting Equipment Engineers Association). LEEA eru samtök fjölda aðila sem koma að hönnun, framleiðslu, sölu, viðgerðum og námskeiðahaldi um notkun og skoðun á hífi- búnaði. Einnig hafa okkar starfsmenn sótt fjölda námskeiða hjá okkar birgjum í fallvarnarbúnaði.

„Á fallvarnarbúnaðinum er meðal annars farið almennt yfir hvers vegna við þurfum fallvarnarbúnað, reglugerðir sem honum tengjast, við kennum mönnum á fallvarnarbúnaðinn sjálfan og við forum yfir umgengisreglur, fallrýmisútreikninga og svo björgunarpáttinn ef eitthvað fer úrskeiðis,“ segir Grétar sem er stöðugt á ferð og flugi úti í fyrirtækjunum til að fræða og leiðbeina.

Þeir félagar áréttu að þetta sé mjög mikilvægur þáttur í starfsemi Ísfells því það sé ekki nóg að selja



■ Ísfell býður fjölbreytt og gott úrval af fallvarnarbúnaði sem og stærri fallvarnarkerfi, sniðin að þörfum viðskiptavina. Hér má sjá búnað frá Ísfelli í flugskýli Icelandair.



VERTIC



öryggisbúnaðinn einu sinni heldur þurfi að tryggja sem best að starfsmenn fyrirtækjanna nýti sér allt sem hann hefur upp á að bjóða. Því miður bregðist stundum við að menn séu ekki nógu meðvitaðir um mikilvægi fallvarna á byggingarstöðum og öðrum stöðum þar sem verið er að vinna í hæð. Sem betur hafi viðhorfin breyst til batnaðar á síðustu árum.

Reglubundnar úttektir

„Einnig býður Ísfell upp á reglubundnar úttektir varðandi öryggismálin og þá heimsækjum við fyrirtækin og tökum búnaðinn út, hvort heldur sem þar er að finna búnað frá Ísfelli eða öðrum söluáðilum. Allir framleiðendur á slíkum búnaði krefjast þess að hann sé yfirfarinn af hæfum aðila að minnsta kosti einu sinni á ári. Þessar úttekt-

ir eru framkvæmdar eftir ákveðnum stöðlum sem við vinnum eftir og reynum við þá af fremsta megni að skilja á milli annars vegar sölu- starfsemi á þessum búnaði og hins vegar skoðananna,“ segir Hjörtur að lokum.

isfell.is

Set ehf. á Selfossi framleiðir efni fyrir veitur

Einstök íslensk jarðvarmaorkuvinnsla

„Við erum fyrst og fremst framleiðandi á efni fyrir veitur; hita-, vatns- og fráveitur en einnig á efni fyrir raf- og fjarskiptalagnir. Íslenska jarðvarmaorkuvinnslan er einstök og ein-kennir sögu okkar fyrirtækis í fjörtíu ár. Hvíta gullið, eins og heita vatnið hefur verið nefnt, olía Íslands, er miklu stærri hluti almennra lífshjálka á Íslandi en fólk almennt gerir sér grein fyrir,“ segir Bergsteinn Einarsson, framkvæmdastjóri Set ehf. á Selfossi. Framleiðsla fyrir- tækisins er bæði á Selfossi og í dótturfyrirtæki í Þýskalandi þar sem nú er verið að bæta við nýrri framleiðslulínu.

Bergsteinn segir starfseminna í



■ Séð yfir hluta af athafnasvæði Set við Eyraveg og Gagnheiði á Selfossi.

Þýskalandi hafa bætt samkeppnisstöðu fyrirtækisins á Íslandi og í Skandinavíu. Í Þýskalandi sé samkeppnin afar hörð og óvæginn. „Við bjuggumst við fleiri opnum útböðum á Evrópska efnahagssvæðinu en svo virðist sem það séu helst Íslendingar sem auglýsa útböð þar. Við erum í mikilli samkeppni við innfluttar vörur hér heima eftir að krónan styrktist og mikið er flutt inn af lagnaefni sem vel væri hægt að framleiða innanlands. Við höfum séð mörg iðnfyrirtæki gefast upp undanfarið af þessum sökum, fyrirtæki sem lengi hafa búið við lágt hagnaðarstig og ekki getað viðhaldið vélbúnaði og keypt inn nýjustu tækni. Þau hreinlega játa sig sigruð undir þessu samkeppnisgengi.“

Einkaleyfi á nýrri lausn

Set ehf. hefur framleitt foreinangruð plaströr fyrir fjarvarmaveitur síðan 2006 og segir Bergsteinn að sú vinnsla hafi bjargað miklu á árunum eftir hrun. Útflutningur jókst á þeim tíma sem og vörubrúun og nýsköpun á því sviði.

„Með uppsetningu vinnslulínu í einangrun stálröra í Þýskalandi árið 2010 og stofnun Set Pipes GmbH fór véltæknideild okkar að skila tækniframförum en við smíðuðum búnað verksmiðjunnar ytra nánast alfarið á Selfossi. Samhliða öllu þessu hefur margs konar tækjasmíði þróast og



Eli samskeytatæknin er byltingarkennd nýjung við tengingu og frágang foreinangraðra plaströra. Set hefur hlotið einkaleyfi á hönnun þess.

nýjungar komið fram, t.d. ný útfærsla á einangruðu plaströrum sem við köllum Elipex Premium. Þau eru sveigjanlegri og með gott einangrunargildi. Tæknilið okkar þróaði einnig nýja gerð af tengilausnum fyrir Elipex rörin, hólka og téstykki sem hafa verið í prófunum að undanfögnu og lofa góðu. Við sýndum þessa nýjung á bresku sýningunni Futurebuild í ExCel sýningarhöllinni í London fyrr í mánuðinum og fengum í síðasta mánuði einkaleyfi á vörinni,“ segir Bergsteinn.

Stærstu sigrarnir við óvægnar aðstæður

Bergsteinn segist búast við samdrætti hér innanlands á næstunni, verkföllum og truflunum í rekstri. „Við höfum ágætán samanburð hvað launakostnað varðar hér og í Þýskalandi. Lífskjaramunurinn liggur ekki í launinum sem eru samanburðarhæf við launin ytra. Kaupmátturinn er það sem skiptir máli og þar hallar á okkur á mörgum sviðum, nema kennski í orkunni,“ segir hann og bendir á að stærstu sigrarnir í rekstri Set ehf. hafi í gegnum tíðina unnist við óvægnar aðstæður.

„Einar Eliasson faðir okkar stofnaði upphaflega félagið í hruninu 1967-1968 þegar óðaverðbólgan lék okkur grátt og svo réðumst við í útrás árið eftir hrun og bjuggum til nýja verksmiðju og þróuðum okkur áfram. Það er á síðari hluta uppsveiflna sem okkur Íslendingum verður helst fótakortur. En hér hlökkum við til að halda áfram og höfum uppi miklar áætlanir um þróun starfsemi Set á næstu árum.“

set.is

SI Samtök
iðnaðarins

Hjá okkur færðu
allt fyrir öryggið!



65 1954-2019
DYNJANDI

allt fyrir öryggið

Skeifunni 3h | Sími: 588 5080 | dynjandi.is

Íslensk einingarhús standast samanburð við innflutning

BM Vallá rekur einingaverksmiðjuna Smellinn þar sem annars vegar eru framleiddar einingar í staðsteypt hús þar sem hluti bygginganna er úr einingum og hins vegar forsteyptar einingar í vegg og loft þar sem nær allt húsið er byggt upp með forsteyptum einingum. Viðskiptavinir geta fengið mismunandi lausnir hjá fyrirtækinu eftir því hverjar óskir þeirra eru en fyrirtækið hefur unnið að stórum sem smærri verkefnum með viðskiptavinum sínum og má þar nefna hótél, stofnanir, iðnaðarhúsnæði, íbúðarhúsnæði, einbýlis og raðhús.

„BM Vallá á og rekur einingaverksmiðjuna Smellinn á Akranesi

þar sem starfa um 55 manns. Á starfstöð BM Vallá á Akranesi skiptist starfsemin upp í framleiðsludeild, hönnunardeild og steypustöð en sölustarfsemi er að mestu starfrækt frá söludeild BM Vallá að Breiðhöða 3 í Reykjavík,“ segir Pétur Hans Pétursson, framkvæmdastjóri einingaframleiðslu Smellinn hjá BM Vallá ehf. „Öll framleiðslan er CE-vottuð og ISO-vottun verður komin á með vorinu en við leggjum mikla áherslu á að allt sem er framleitt hjá okkur sé samkvæmt ströngustu kröfum og framleitt við bestu aðstæður.“

Fjölbreyttur hópur kaupenda
Pétur Hans segir að viðskiptavinir fyrirtækisins sé fjölbreyttur hópur svo sem verktakar, einstaklingar og fjárfestar. „Við teljum okkur vera



■ Hótél og íbúðarblokk í Borganesi sem er 5-7 hæðir, byggt er úr Smellinn einingum.

limtrevirnet.is



Öflugar lðnaðarhurðir sem endast og endast

-áreiðanlegar, liprar og sterkar frá Lindab

Gæðahurðirnar frá Lindab hafa sannað yfirburði sína með áratugaendingu við íslenskar aðstæður. Þær fást með og án mótors og henta m.a. vel fyrir blautrými þar sem ryðfrír fylgihlutir tryggja betri endingu. Allar Lindab-hurðir eru útbúnar klemmivörn og þeim öryggisbúnaði sem reglur segja til um.



Fagmenn frá Límtré Vírnet sjá um uppsetningu á hurðum og öllum viðbótarbúnaði sé þess óskað.

Kynntu þér Lindab á limtrevirnet.is eða hjá söludeild í síma 412-5350.

 **Límtré Vírnet**

Aðalnúmer: 412 5300 | Söludeild: 412 5350

Söluskrifstofur - Lynghálsi 2 - 110 Reykjavík
Borgarbraut 74 - 310 Borgarnes
Netfang - sala@limtrevirnet.is

algerlega leiðandi á þessu sviði hér á landi þegar kemur að gæðum vörunnar og þjónustu fyrir og eftir sölu.“

Hann segir að þær einingar sem framleiddar eru séu annars vegar einingar í staðsteypt hús en þá kaupa verktakar og húsbýggjendur hluta af byggingunum í formi eininga. Það geta til dæmis verið stigar, pallar, loftaplötur og aðrir ákveðnir hlutar af byggingunum. Hins vegar séu seldar einingar í svokölluð einingahús þar sem mest allt húsið er byggt úr einingum svo sem einangraðir útveggir með mismunandi áferð, innveggir, loft og steypar plötur. „Að auki seljum við líka í einstaka tilfellum og þegar viðskiptavinurinn óskar þess íkomna tré-/álglugga eða 100% álgugga. BM Vallá er með umboð á hágæða gluggum frá FP Gruppen a/s í Danmörku.“

Óþarfi að sækja vatnið yfir lækinn

BM Vallá, sem rekið hefur verið frá árinu 1954, er þekktast fyrir steypuna en viðskiptavinir geta auk þess sótt í aðrar deildir fyrirtækis-


ins, t.d. þar sem í boði eru hellur, garðeiningar eða múrvörur sem fyrirtækið annaðhvort framleiðir eða flytur inn.

„Fólk getur fengið verulegan hluta af byggingu sinni hjá okkur. Fjárfestar og húsbýggjendur horfa því miður oft á innfluttar lausnir án þess kannski að bera saman hvað íslenskar lausnir geta verið samkeppnishæfar. Því hefur jafnvel verið haldið fram að hið innflutta sé ódýrara sem er ekki rétt að okkar viti og alltof lítið um það að gerður sé raunhæfur samanburður. Það má líka horfa á umhverfisþáttinn í þessu samhengi en kolefnisspor vöru, sem er innflutt í heilu lagi, er mjög hátt miðað við það sem er til staðar á heimamarkaði. Við hjá BM Vallá hvetjum húsbýggjendur að gera raunhæfan samanburð og leita til okkar um verð og leggja fram fyrirspurnir. Það er óþarfi að sækja vatnið yfir lækinn. Íslensk framleiðsla eins og okkar stenst allan samanburð við innfluttar vörur og gott betur.“



bmvala.is



■ Pétur Hans Pétursson, framkvæmdastjóri einingaframleiðslu Smellinn hjá BM Vallá ehf.



Fallvarnarbúnaður mikið úrval



Akkeri / festibúnaður



Fallvarnarbelti



Þrifótur



Öryggisblakkir



Tengitaugar

Eigum mikið úrval
fallvarnarkerfa og
fallvarnabúnaðar.



VERTIC





Sölufulltrúar okkar veita ykkur allar
nánari upplýsingar í síma **5200 500**



ÍSFELL

Ísfell ehf, Óseyrarbraut 28
220 Hafnarfjörður, Sími 5200 500
www.isfell.is, isfell@isfell.is



VÉLSMIÐJA ÍSTAKS

Í vélsmiðju Ístaks starfa faglærðir menn með mikla reynslu af stórum og smáum verkefnum í stálsmiði. Í samstarfi við viðskiptavini hefur vélsmiðjan einnig tekið að sér hönnun á margvíslegum verkum sem smíðuð eru í vélsmiðjunni.

Vélsmiðjan starfar í um 1.300fm húsnæði og er vel tækjum búin í stálsmiði og plötusmiði. Þar af er um 100fm sandblástursklefi og 300fm málningsalur. Öll aðstaða er til staðar til að taka við stórum og flóknum verkefnum jafnt sem minni verkum.

